



Dr. juris Björn Þórðarson

Annáll 1. janúar - 21. október 1944

Björn Þórðarson – Forsætisráðherra – Annáll – Minnisblöð – Dagbækur – 1944 – Vélritað handrit Þórðar  
Björnssonar, sonar Björns, gert á sjóunda áratugnum

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is)

Einkaskjalasafn nr. 470  
Forsætisráðherra frá 16. desember 1942 til 21. október 1944  
Askja 7, Örk 3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1944.

Laugardagur 1. janúar:

Nýjársdagur. Var í kirkju hjá sr. Friðrik  
Hallgrímssyni kl. 11

Var hjá ríkisstjóra kl. 2 ásamt collegum.

Mín eigin móttaka eins og í fyrra í stjórnar-  
þí ráðshúsínu. Rúmlega 70 manns komu. Allir, sem  
heyrðu ræðu mína í gærkvöldi og hittu mig, lofuðu  
hana og töldu hana jafnvel betri en ræðu mína 1.  
desember 1942. Ólafur Thors virtist hrifinn af henni  
og sérstaklega þótti honum vel farið með efni að því  
leyti, að hvergi var kastað hnútum að einstaklingi  
eða einstökum flokki. Magnús próf. Jónsson tók svo  
djúpt í árinni að segja að ræðan hafi verið "meistara-  
stykki". Þetta var nú ekki eintómt skjall hjá þessum  
mönnum, en hvað stoðar þetta? Nokkur bréf fékk ég  
í dag frá mönnum eingöngu til þess að þakka mér fyrir  
ræðuna og óska mér til hamingju í starfinu.

Sunnudagur 2. janúar:

Sendibodi kom frá brezku sendisveitinni til þess  
að fá ræðu mína á gamlárskvöld. Afhenti ég samrit  
hennar.

Ég heimsótti einstaka vildarmenn og borðaði til  
kvölds hjá Birni ráðherra Ólafssyni og hans ágætu frú.  
Var þetta hið unaðslegasta kvöld með þeim og börnum  
þeirra.

Mánudagur 3. janúar:

tók að sér að athuga breytingar þær, sem gera mætti og ætti við stjórnarskrána. Samþykkt að bíða með að-gerðir á Bessastöðum þar til talað væri við fjárveit- inganefnd. Rætt nokkuð um mögulega ferð af hendi ríkis- stjóra. - Ríkisstjóri hringdi til míni og óskaði við- tals eigi síðar en á morgun.

Priðjudagur 4. janúar:

Talaði við ríkisstjóra og afhenti hann mér og bað mig lesa skrif nokkurt, er hann hafði tekið saman varðandi þjóðfund vegna sambandsmálmum- og lýðveldis- málssins.

Fundur með ráðherrum um ýmisleg mál, þar á meðal yfirlýsingu í Morgunblaðinu út af sendingu Péturs Benediktssonar til Moskva.

Miðvikudagur 5. janúar:

Talaði við ríkisstjóra í morgun og afhenti honum aftur skrifum pað, sem hann fékk mér í gær. Sagði ég honum, að ég væri ekki sammála honum í meginatriðum, enda kæmi þau í bága við yfirlýsingu stjórnarinnar frá 1. nóvember og Alþingi mundi ekki vilja aðhyllast þessu aðferð. Féllst hann á pað og kom okkur saman um, að málið skyldi vera úr sögunni, enda ekki fara fleiri á milli en okkar.

Fimmtudagur 6. janúar:

Formaður lýðveldisnefndar hafði óskað þess, að einn eða tveir ráðherranna störfuðu með nefndinni af Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hendi stjórnarinnar. Féllst stjórnin á það og varð að ráði að Einar Arnórsson og Björn Ólafsson mættu á fundi nefndarinnar. Voru þeir nú af nefndinni spurðir hvort stjórnin vildi bera fram frumvarp nefndarinnar, sem skilað var í vor. Einar kvað stjórnina ekki fallast á það frumvarp, eins og það væri. Voru þeir þá spurðir hvort stjórnin mundi bera fram eigið frumvarp. Einar kvað það ekki ráðið. Sögðu nefndarmennirnir þá, að það væri brot á samkomulagi og yfirlýsingunni frá 1. nóvember ef stjórnin bæri fram eigið frumvarp. Þá höfðu þeir Gísli Sveinsson og Hermann Jónasson talið tillögu mína um gildistökudag lýðveldisstjórnarskrár fimmtudaginn í 10. viku sumars - 22. júní 1944 - ótímabæra og til spillis. Þetta sögðu þeir Einar og Björn okkur hinum ráðherrunum af viðræðunum.

Spurningin er hvernig stjórnin á að bera sig að. Hysteri lýðveldisnefndar er mikið og eru þeir líklega hræddir um, að þeir "270" og Alþýðuflokkurinn fái vind í seglin, og priggja flokka bandalagið kunni að líða við það.

#### Föstudagur 7. janúar:

réðum

Við félagar komum nú saman á fund og/ráðum okkar um afstöðuna gagnvart lýðveldisnefndinni, og réðum það af eftir tillögu Einars Arnórssonar að segja: "Stjórnin hefur ákveðið að bera lýðveldisfrumvarp milli þinganefndarinnar fram." Fluttu þeir Einar og Björn Ólafsson svo lýðveldisnefndinni þessi boð, sem nefndin sætti sig við.

Ríkisstjóri óskaði samtals við mig á morgun og Vilhjálm Þór um skjaldarmerki og ýmislegt fleira vegna hins nýja væntanlega skipulags.

Það er mér sagt, að sumar "sjálfstæðishetjurnar" tortryggi hugarfar mitt í lýðveldismálínú.

Einar Arnórsson býr nú þingsályktun og stjórnarskráfrumvarp með greinargerðum af hendi stjórnarinnar undir prentun.

Laugardagur 8. janúar:

Ráðherrafundur og samþykktar greinargerðir fyrir frumvarpi til stjórnarskrár og þingsályktunar um sambandsmálið. - Eftir samkomulagi milli Einars Arnórssonar og Gísla Sveinssonar hafði Einar borið orðalag greinargerðanna undir hann þótt ekki væri það nú meining míni, að ráðfæra sig neitt við formann lýðveldisnefndar um þetta.

Vilhjálmur Þór sagði við mig í dag, að hann vissi, að tortryggni sumra Sjálfstæðismanna í minn garð væri allmikil, og spurði hann hvort nokkur eigin félaga mundi vinna með en ekki móti þessu. Ég fortók það, að svo mundi vera, enda hefi ég enga ástæðu til slíkra grunsemda.

Sunnudagur 9. janúar:

Pingsetning á morgun. Þá prédikar biskup eftir minni ráðstöfun, þar sem þetta þing á að leysa af hendi verk, er mikilvægust verða að teljast fyrir þjóðina langt fram í tímann.

Ég er að athuga hvernig þau orð <sup>eiga</sup> ~~mix~~ að vera, sem

ég segi, er ég legg tillöguna um sambandsslit fyrir pingið og lýðveldisstjórnarskrána. Útlitið í þessum stórmálum er enganveginn svo ljóst, að ég geti verið ánægður.

Leit á úrkippur úr dönskum blöðum.

Mánudagur 10. janúar:

Þing sett í dag. Biskupi tókst vel. Mjög fátt manna í kirkju, ~~xxx~~ enda var stormur og kuldi. Eg heilsaði á diplómatíð, er var við pingsetninguna. Framhaldi hennar frestað sökum ókominna þingmanna.

Dönsku blöðin gröm yfir yfirlýsingu stjórnarinnar 1. nóvember. Berlingske Tidende flytur hálfgerða karrikaturmynd af mér.

Priðjudagur 11. janúar:

Framhald pingsetningar. Allir sömu forsetar og síðast endurkjörnir: Gísli Sveinsson forseti sameinaðs Alþingis.

Vísir birti í gær fyrri hluta ræðu minnar 31. desember.

Talaði við Gísla Sveinsson í kvöld og sagði honum, að fyrst bæri að bera fram tillögu til bingsályktunar um sambandsslitin í sameinuðu pingi, en þá eftir stjórnarskrárfrumvarpið í Neðri deild. Ekki virtist hann alveg með á ~~nákvæmmum~~ þessum nótum, en var þó ekki beinlinis þessari tilhögun andstæður, og vildi hafa umræður um þetta við lýðveldisnefndina.

Ég hafði ekkert við það að athuga. - Áformá ég ríkisráð

~~Ríkisráð~~ á morgun og leggja þá formlega þar fyrir  
bæði þessi mál.

Miðvikudagur 12. janúar:

Ríkisráð. Þar lagt fram: Tillaga til þingsályktunar um niðurfelling sambandslagasamningsins milli Danmerkur og Íslands. Ennfremur frumvarp til stjórnarskrár fyrir lýðveldi Íslands. Æg mælti nokkur formleg orð með hvorri tillöggunni um sig. - Ríkisstjóri konungsríkisins sagði ekki neitt, en samþykkti tillögu forsætisráðherrans um að mál þessi skuli lögð fyrir Alþingi.

Fundur var síðari hluta dags í lýðveldisnefnd. Þar var ég mættur og túlkaði skoðun mína um að sambandsslitatillagan ætti að vera lögð fram fyrst, og um hana ætti aðákveða tvær umræður, svo allt væri í hinum fyllstu löglegu formum. Bjarni Benediktsson tók undir þetta og var mitt sjónarmið samþykkt í öllum greinum.

Fimmtudagur 13. janúar:

Einar Arnórsson, Vilhjálmur Þór og ég fórum allir að Bessastöðum til fundar við ríkisstjóra með vilja hans en eftir ósk minni. Töluduðum við um ýmis málefni: Skjaldarmerki, ráðherrabústaðinn, "heimsókn", bréf það, er borist hafði frá Krabbe og hvort ástæða væri til að semja reglur um "rang" til hægðarauka við ýmis tækifæri. Var ályktun frestað.

Föstudagur 14. janúar:

Flutti í sameinuðu þingi tillöguna um niðurfelling sambandslagasamningsins. Hélt stutta ~~máli~~ formlega ræðu án þess að fara inn á efni málsins, heldur tók fram, að breytingartillaga kæmi fram frá stjórninni. Ræðan birt í útvarkinu. - Í umræðu á eftir lýsti Stefán Jónann Stefánsson andstöðu.-Um ræðufrestað.

Rádherrafundur, þar sem ályktað var að hugsa ekki framar um "Heimsóknina". Mér þótti ekki hættandi á fyrirtækið, sem gæti haft tvísýnar og alvarlegar afleiðingar. Einar Arnórsson var alveg andvígur og sýndi heldur kulda í vissa átt og sagði, að við skyldum hafa allan vara á okkur. Björn Ólafsson var og andvígur förinni, sem og Vilhjálmur Þór, er tók það meðal annars fram að áliðið væri um of. Um málið ríkti því full eining milli okkar allra.

Laugardagur 15. janúar:

Fjárveitinganefnd hélt fund hjá mér í skrifstofunni um viðbót, viðhafnarsal, á Bessastöðum. Vilhjálmur Þór var á fundinum líka. Ég reifaði málið, skýrði hugmyndina og lýsti réttmæti hennar og beinlínis nauðsyn. Svo og því, að verkinu byrfti að verða lokið fyrir 17. júní í vor. - Pétur Ottesen tók fyrstur til máls og taldi byggingu þessa bruðl og "flottræfilshátt" og notaði þetta orð af því að ég hafði látið það mér um munn fara í ræðu minni á gamlárskvöld. - Jónas Jónasson sagði það smekklaust af Sveini Björnssyni að vekja máls á þessu og átaldi stjórnina fyrir að víkjast undir málið og fylgja því fram. - Sigurður Kristjánsson sagðist Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

??

vilja byggja í Reykjavík. - Jóhann Jósefsson var meðmæltur viðbótinni, einnig P.P. þó með athugasemd. Aðrir nefndarmenn, fjórir að tölu, þögðu. - Vilhjálmur Þór fylgdi málínunum vel eftir í andsvari til Jónasar Jónssonar og kitlaði Jónas svolítið um leið fyrir áhuga hans á nýbyggingum. - Þeir fengu skjöl málsins og teikningar lánuð hjá mér til nánari athugunar. Eg hefi von um að hægt verði að vinna meiri hluta nefndarinnar fyrir málid.

janúar  
Sunnudagur 16. ðecember:

Á að mæla fyrir lýðveldisstjórnarskránni á morgun við fyrstu umræðu í Neðri deild.

Mánudagur 17. janúar:

Fyrsta umræða um stjórnarskrármálið. Var ræðustúfur minn lesinn í útværpið í kvöld og sendur blöðum. Það vakti eftirtekt - ekki aðeins mína - að Fontenay kom ekki á Alþing, og enginn var þar annara diplomata. Þeir virðast vilja leiða hjá sér aðgerðir okkar í stórpólitíkinni.

Priðjudagur 18. janúar:

Ég, Vilhjálmur Þór og Björn Ólafsson og frúr þeirra fórum að Bessastöðum í afmæli ríkisstjórafrúar Björnsson. Þar var Fontenay og margt kvenna. Þau hjón virtust mjög ánægð yfir komu okkar. Einar Arnórsson kom þar ekki né hans frú.

Síðan dvöldum við heima hjá Birni Ólafssyni og var ýmislegt spjallað. Svo virðist sem Einar Arnórsson vilji lítið hafa sig frammi í skilnaðar- og lýðveldismálínunum, en aðeins sjá hverju fram vindur í lýðveldisnefndinni.

Mánudagur 17. janúar:

(l. mgr.)

S.l. mótt dreymdi mig Dóru, þó óljóst. Virtist mér hún orðin einhvern veginn öðru vísi, en áður. Kánske náð betri heilsu. Ekki þekkti ég þann stað, sem ég sá hana, en ég var í einskonar hvítum slopp eða skikkju, sem mér fannst töluvert til um þótt ekki væri hún síð. Allt var þetta óljóst.

Björn Ólafsson og Vilhjálmur Þór vilja leggja fram ákveðnar breytingatillögur. Við þurfum allir ásamt Einari Arnórssyni að koma okkur niður á hvað gera skuli.

Umræðum um skilnaðarmálið var frestað á þingi í dag sökum þess, að rafmagnslaust var í bænum og því ekki unnt að halda áfram störfum eftir að skyggja tók.

#### Miðvikudagur 19. janúar:

Halldór Jónasson kom til míni og var mjög gramur yfir því, að einum pólitískum samstarfsmanni hans var ekki veitt skattstjórárastarf í Hafnarfirði. Sagði hann að búast mætti við, að þeir er Þjóðólf styddu, mundu nú snúast gegn stjórninni að meira eða minna leyti. Sagði ég Halldóri, að hans fólk yrði að fara sínu fram, eftir því sem málefni stæðu til frá þess sjónarmiði.

Framhaldsumræður í sameinuðu þingi um sambandsmálið. Gísli Sveinsson tilkynnti, að 12 manna nefnd í sameinuðu þimgi, sem hefði lýðveldismálið til meðferðar, vildi fá einn eða two ráðherra til samstarfs. Við völdum Einar Arnórsson og Björn Ólafsson.

Fjárveitinganefnd vill ekki styðja viðbótarbyggingu á Bessastöðum. Róa verður betur.

#### Fimmtudagur 20. janúar:

Framhaldsumræður í sameinuðu þingi um sambandsmálið. Stefán Jóhann Stefánsson og Ásgeir Ásgeirsson beindu því mjög fastlega til míni og stjórnarinnar að leita samkomulags um málið í þinginu, svo að eining gæti orðið um afgreiðslu þess. Munu þeir vilja margt til vinna að þetta geti tekist.

Ég benti collegum mínum á ósamræmi sambandsslita tillögu milli þinganefndarinnar, sem nú er til umræðu, Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við 8. grein í nótu íslenzku stjórnarinnar 8. ágúst 1942 til Bandaríkjanna. En þar segir, að danskir ríkisborgarar skuli halda óskertum réttindum sínum samkvæmt sambandslagasamningnum þar til kostur verður á að gera samning um frambúðarviðskifti beggja þjóðanna. Muni millipinganefndinni hafa yfirsést parna og verði úr þessu að bæta ef vonast megi eftir viðurkenningu U.S.A. á lýðveldinu.

Föstudagur 21. janúar:

Ríkisráðsfundur. Eg skýrði að loknum störfum frá undirtektum fjárveitinganefndar til fjárfamlaga til smíðis viðbótarsals á Bessastöðum. Ríkisstjóra mislíkaði stórum þessar undirtektir og talaði hörd orð um þetta háttalag nefndarinnar. Var hann alveg óvenjulega ~~mi~~ beizkur og varð ég brátt þess vísari, að honum var meira niðri fyrir, en þá var komið á daginn. Rætt var frekara um meðferð þessa máls, hverja aðferð skyldi hafa til að knýja það fram, enda er mér og Vilhjálmi Þór þetta einnig kappsmál, og munum við hafa úti öll spjót til þess að koma þessu í framkvæmd.

Pegar við gengum út úr herbergi ríkisstjóra vildi svo til að ég gekk síðastur og bað ríkisstjóri mig þá um að staldra eitt augnablik. Pvínæst sagði hann:

"Ég vil segja þér einum frá ákvörðun, sem ég hefi tekið.  
Ég ætla að senda Alþingi á eigin spýtur bréf varðandi  
þjóðfund." Eg varð hvumsa við, því að vikið hafði verið að málínu áður og ég hélt að það væri úr sögunni hjá honum líka. Eg sagði, að þetta kynni að draga dilk á eftir

sér fyrst og fremst fyrir hann og ef til vill fyrir mig, sem líklega yrði bendlaður við tiltækið. Kvaðst ég vera þessu mótfallinn. Hann sagði: "Eg er ekki að bera betta undir mínum big til ráðuneytis. Eg tilkynni bér bara betta sem óraskanlegt áform mitt og sendi ég bréfið, sem nú er hreinritað, í dag." Ég kvað hann þá verða að fara sínu fram fyrir mér. Petta var kl. 12,45.

Kl. 7, 25 e.h. kemur sendiboði ríkisstjóra og afhendir mér bréf frá honum, sem er afrit af bréfi, sem hann hefur þegar sent forseta sameinaðs Alþingis. Í fylgibréfi til míni segist hann munu láta blöð og útvarp fá afrit af skjalinnu og óskar að ég láti ekki neitt opinberlega uppi um þetta fyrr en síðdegis á morgun. Ég hringdi strax til Einars Arnórssonar og sagði honum í síma frá þessum tíðindum og spurði hann hvort honum litist nokkuð í þessu efni í kvöld, og hélt hann það ekki vera, og læt ég því kyrrt vera til morguns.

Vilhjálmur Þór símaði til míni í öðrum erindum og sagði ég honum, að ég hefði fengið merkilegt bréf, en annað ekki, ekki einu sinni hver sendandi væri. Við fáum nú að sjá hverju fram vindur.

Annars ráðslöguðum við félagar í dag um væntanlegar breytingatillögur frá stjórninni við stjórnarskrárfrumvarpið, sem Einar Arnórsson og Björn Ólafsson bera fram á fundi lýðveldisnefndar á morgun.

#### Laugardagur 22. janúar:

Ég birti collegum bréf ríkisstjóra. Peir undruðust aðferð hans og töluðum við um hvatir hans til pessa.

Komu þar ýmsar getgátur fram. Æg sagði, að vera mætti að hann gerði petta til varnar sér út á við ef til þyrfti að taka og ef til vill til þess að draga málið dálítið á langinn.

Einar Arnórsson og Björn Ólafsson voru á fundi lýðveldisnefndar.

Sameinað þing kl. 1 1/2 - 4. Þar sagði forseti þingsins frá því, að hann hafi fengið bréf frá ríkisstjóra.

Var svo fundur haldinn seinna, kl. 5 1/2, og málið rætt. Voru þeir Einar Arnórsson og Björn Ólafsson einnig á þeim fundi. Þeir komu til míni að fundinum loknum kl. 7,25 og sögðu, að hugir manna í nefndinni hafi verið mjög þungir en þó stilltir. Virtist þeim ríkisstjóri ekki hegða sér constitutionelt gagnvart Alþingi og ekki loyalt gagnvart stjórninni. Það væri og ekki að gildandi lögum heimilt að ráða lýðveldismálinu til lykta með þjóðfundni. Með tillögunum væri stofnað til ágreinings milli Alþingis og ríkisstjóra. Var erindi þeirra Einars Arnórssonar og Björns Ólafssonar að beina því til míni, hvort ég vildi ekki síma strax til ríkisstjóra og eventuelt að fá hann til að kalla aftur ósk hans um að bréf hans yrði lesið í útvarp og birt í blöðum og aftur-kalla skjölin. En þeir sögðu að þingmönnum hafi gramist mest, að hann skyldi hafa sent frá sér skjölin til birt-ingar. Æg sagði þeim Einari og Birni, að ég vildi gera mitt bezta í þessum efnum en gaf þeim ekki von um, að neinn árangur yrði.

Er þeir voru farnir hringdi ég til Bessastaða kl.

7,35. Var mér sagt, að gestir væru þar og sætu undir  
Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

borðum. Ég sagði, að ég vildi láta ríkisstjóra samt vita af mér, og kom hann þá þegar í stað í símann. Sagði ég honum af léttu það, sem Einar Arnórsson og Björn Ólafsson höfðu sagt mér, og innti að því hvort afturköllun um birtingu í útvarpi og blöðum gæti fengist framengt. Ég hafi hugsað, að hann hefði látið forseta Sameinaðs þings, Gísla Sveinsson, vita um, að bréfið hafi verið sent blöðum og útvarpi. Hann kvað það gert að yfirlögðu ráði, að láta hann ekki vita af því. Bréfið hefði hann orðið að gera opinbert og passa, að því yrði ekki stungið undir stól. Ég sagði, að búast mætti við nokkrum öldugangi út úr þessu og sagðist hann hafa hugsað út í það o.s.frv.

Kl. 8,40 hringdi ég til forseta sameinaðs þings, Gísla Sveinssonar, og sagði honum mína skoðun á meðferð málssins. Hann léti lýðveldisnefnd skrifa rökstutt bréf til andsvara, sem hann sendi síðan ríkisstjóra. Væri málid þar með úr sögunni. Hann sagði flokkana ræða málid. Yrði eventuelt fundur í sameinuðu þingi lokuðu, en allt yrði gert með vitund og í samráði við stjórnina. Kvaðst hann vera sammála mér um það, að fara að engu óðslega og við værum á sömu línu í málinu.

#### Sunnudagur 23. janúar:

Kl. 10 í morgun hringdi Einar Arnórsson og óskaði ráðherrafundar í dag. Ég gekk inn á það og var fundur kl. 2 - 4 í stjórnarráðinu. Einar Arnórsson var ansi stífur á köflum og kvaðst mundu eventuelt segja af sér ef ríkisstjóri ræki pólitík á bak við stjórnina. For-

dæmið væri fráleitt. Ríkisstjóri hefði verið sammála yfirlýsingunni 1. nóvember og kæmi nú á eftir. Þetta gæti skilist sem móðgun við stjórnina og hefði sér dottið í hug fyrst, að stjórnin segði af sér. Talið mundi víst, að fyrirspurn kæmi á Alþingi um hvernig stjórnin ætlaði að standa til ~~mín~~ málssins og þá yrði stjórnin að svara. Ég spurði Björn Ólafsson: "Hvað segir kona ~~mein~~ þín um þetta?" Hún kallar þetta "saklausa uppástungu". Vilhjálmur Þór taldi ekki nauðsyn að stjórnin skipaði sér á línu með Alþingi. Að lokum var það niðurstaðan, að ég fari einn og talaði við ríkisstjóra.

Ég - að undangenginni aðvörun - kom kl. að ganga 6 að Bessastöðum og var til kl. 6,45. Lýsti ég stemningunni í ráðuneytinu og spurði ýmislegs. Ríkisstjóri taldi það odious skýringu að hann væri að reka pólitík. Hvorki á bak við eða við hliðina á ráðuneytinu. Þetta væri aðeins uppástunga, sem hann óskaði að þingnefndir athuguðu. Hans sannfæring væri, að ályktanir þjóðfundar hefði sterkara gildi út á við í þessu máli en ályktanir Alþingis. Birting fyrir almenningi væri til þess, að það væri vitað, að þingið hefði fengið svona tillögu til athugunar. Annars hefði mátt vænta, að tillögunni væri stungið undir stólf. Hann hefði reynslu fyrir því, að tillögur sínar og bendingar væru lítilsvirtar af sumum ráðamönnum flokkanna, sem gerðu sér far um að halda honum utan við þessi mál þótt hann hefði meiri reynslu og þekkingu á hugarfari nágrannabjóðanna vegna 20 ára nánna kynna en margir eða allir þeir, er nú sitja sem forystumenn flokkanna. Þá vildi hann ekki fallast á, að hér væri um hættulegt fordæmi að ræða.

Hann ætti ekki eftir sem ríkisstjóri nema 5 mánuði og refsingu mætti koma fram. Maður valinn til skamms tíma gæti ekki sett fordæmi, því að refsa mætti honum alltaf með því að endurkjósa hann ekki. Hann taldi, að hann hefði ekki tekið afstöðu til yfirlýsingar stjórnarinnar 1. nóvember að efni til, því hann hefði aldrei verið beint spurður að því hvort ~~hunum~~ hún svaraði til óska hans og hugsana. - Ég sagði þetta að vísu rétt, en við hefðum litið svo á, að hann væri henni samþykkur að efni til. - Hann taldi stjórnina geta svarað fyrirspurn frá þinginu á þann veg, að stjórnin teldi aðferð ríkisstjóra varhugaverða, en í henni væri lögð áherzla á, að þingið hefði alveg óbundnar hendur um að ráða málínú til lykta að sinni vild. Ekki kæmi fram neitt um að fresta lokaákvörðun. Þar sem uppástungan riði ekki í bága við stefnu stjórnarinnar, sem hefði lýst því að framkvæma vilja Alþingis, og stjórnin teldi ekki það misræmi milli uppástungunnar og yfirlýstrar stefnu stjórnarinnar, teldi hún ekki ástæðu til að taka aðferð ríkisstjóra svo óstинnt upp, að afsögn varðaði. - Ég taldi þetta ekki fjarri minni skoðun. - Hann óskaði gætilegrar meðferðar og ég sagði það ósk stjórnarinnar, að tala við hann in pleno, og var hann ánægður með það.

#### Mánudagur 24. janúar:

Ég skýrði collegum frá samtali mínu við ríkisstjóra. Einari Arnórssyni hafði ég sagt af því áður. Ráðgerðum fund með ríkisstjóra kannske á morgun.

Hermann Jónasson sagði við mig, að hann mundi hafa

polað petta ~~tíkka~~ illa. Átaldi ríkisstjóra.

Ég hefi ekki talað við neina þingmenn, en þeir munu vera ekki sem ánægðastir. Haft þó eftir Ólafi Thors, að fara yrði með málið á þann veg, að hvorki yrði Alþingi eða ríkisstjóra til vansa. Er petta rétt.

Priðjudagur 25. janúar:

??

Kl. 11 Vilhjálmur Þór, Björn Ólafsson og ég á fundi með ríkisstjóra en Einar Arnórsson gat ekki komið - var þrófdómari við lagapróf. Við spjölluðum ýmislegt, m.a. um ósk lýðveldisnefndar, að stjórnin gæfi henni skýrslu um afstöðu sína til bréfs ríkisstjóra. Flokkarnir vilja fá stjórnina til þess að " gaa i drullen " fyrir sig að einhverju leyti. Helst, að hún lýsi vanþóknun sinni á skrefi ríkisstjóra og allra helst, að stjórnin segi af sér.

Síðan fundur á Bessastöðum frá kl. 2 - 3 1/2. Allir mættir. Þar var talað hreinlega um málið. Ríkisstjóri lýsti yfir, að hann hefði síður en svo vantraust á núverandi ráðuneyti heldur hefði hann sem stendur ekki betra traust á neinu öðru ráðuneyti, þótt myndað væri.. Skýrsla stjórnarinnar til Alþingis væri á þá leið, að þótt hún myndi ekki hafa samþykkt skref ríkisstjóra ef undir hana hefði verið borið fyrirfram, þá sé leið sú, sem hann bendir á eða hugsar sér, ekki svo andstæð stefnu stjórnarinnar, að hún telji ástaðu til að lýsa yfir frá sinni hlið, að aðgerð ríkisstjóra hafi verið henni svo óskapfeld, að samvinna ríkisstjóra og stjórnarinnar þurfi þar við að bíða hnekki. Allt fór vel

á með Einari Arnórssyni og ríkisstjóra. Er nú mesti ákafinn runninn af Einari, sem er í boði hjá próf. Guðbrandi Jónssyni í kvöld.

Gísli Sveinsson vildi fá vitneskju um, hvað stjórnin hygðist fyrir á morgun á fundi í lýðveldisnefnd, en ég gat ekki sagt honum það vegna þess ég náði ekki í Einar Arnórsson, sem ásamt Birni Ólafssyni verða ~~áfram~~<sup>a</sup> fulltrúar stjórnarinnar með nefndinni.

#### Miðvikudagur 26. janúar:

Eg, Einar Arnórsson og Björn Ólafsson (Vilhjálmur Þór fjarverandi) komum okkur saman um umsögn vegna ríkisstjórabréfsins, hví hann hefði farið framhjá ráðuneytinu og hversvegna gefið út bréf sitt til Alþingis, sem forseti Gísli Sveinsson gat um fyrst á fundi í dag án þess þó að lesa það upp, með tilvísun til að það hefði verið birt í blöðum. Við hefðum sannfærst um, að ráðuneytið hefði traust ríkisstjóra. En við með tilvísun til yfirlýsingar 1. nóvember mundum halda áfram að vinna með Alþingi að lausn málsins. Þetta flutti Björn Ólafsson og eventuelt Einar Arnórsson, ef hann vegna þrófdómara-starfa hefur getað tekið þátt í því, lýðveldisnefndarfundi. - Þeir munu vera í einhverjum beyglum um það hvað gera skuli um svar við bréfinu, sem væntanlega ekki dugir að hundsa. En stjórnin verður að fara sínar götur og ekki láta þingið svínþeygja sig til einhvers.

Dýrtíðarmálin verða og að koma fram. Ámálgaði það við Björn Ólafsson og Einar Arnórsson.

#### Fimmtudagur 27. janúar:

fundi. Hann var þar einn, Einar Arnórsson ekki. Hann sýndi skjal, sem þeir hafa samið og vilja að stjórnin taki þátt í. En líklega á stjórnin ekki að gera það, en senda út sína skýrslu ein, ef börf krefur.

Einar Arnórsson prófdómari enn í dag og kom sér illa, þar sem Gísli Jónsson og Bjarni Benediktsson réðust harkalega á Vilhjálm Þór fyrir sakir, sem Einar Arnórsson á, og stóð ég upp og sagði lítið eitt til bóta fyrir Vilhjálm Þór og vegna dómsmálaráðherra.

Pá var ég á nokkurskonar sáttafundi milli Alþýðuflokkssins og hinna þriggja í dag út af lýðveldisfrumvarpinu og sambandsslitum. Er ekki vonlaust að samkomulag náist og væri þá öllu borgið um þátttöku í atkvæðagreiðslu.

#### Föstudagur 28. janúar:

Sá ekki Einar Arnórsson í dag.

Sat á sáttafundi Alþýðuflokkssins og hinna flokkanna þriggja og virðist átla að ganga saman milli forystumannar: Hermanns Jónassonar, Ólafs Thors, Brynjólfss Bjarnasonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, Ásgeirs Ásgeirssonar, Emils Jónssonar.

Sá skjal flokkanna þriggja út af bréfi ríkisstjóra, yfirfór og gerði athugasemdir, sem verða teknar til greina. Hermann Jónasson hringdi og bað mig að aðvara ríkisstjóra um að svara ekki "skjalinu" og ef samkomulag flokkanna næðist að gefa út yfirlýsingu út af því, sem sýndi, að nauðsyn væri ekki lengur til aðgerða frá hans hlið. En þetta gæti eftt álit ríkisstjóra í augum fólks.

Gísli Sveinsson hringdi til mín um orðalag skjalsins, sem ég samþykkti.

Ef ég fæ skjalið í hendur mun ég líklega fara á fund ríkisstjóra á morgun. Helst, ef ég gæti einnig fengið Ólaf Thors til að ganga inn á "viðbótina" á Bessastöðum.

Laugardagur 29. janúar:

Sá ekki Einar Arnórsson í dag; hann líklega í prófi.

Við Vilhjálmur Þór og Björn Ólafsson tölzuðum saman. Vilhjálmur gramur yfir að Einar Arnórsson taki ekki ákvörðun út af Pormóðsslysínu, en hann, Vilhjálmur, marg ofsoðttur út af málinu í þingi.

Yfirlýsing lýðveldisnefndar út af skjali ríkisstjóra afhent mér og gerði ég ráð fyrir að fara með hana að Bessastöðum, en ríkisstjóri var þá í Reykjavík og ráðstafaði ég henni per Péter Eggerz í hendur honum. Hann spurði mig, áður en lesið hafði, hvort nokkru ætti að svara og sagði ég: "Nei". Yfirlýsingin er nokkuð sterk og óbeinar hnútur til ríkisstjóra sumstaðar.

Ég er dálítið smeykur við að Einar Arnórsson kynni að finna upp á því að vilja hlaupa í burtu og það verður ef Vilhjálmur Þór og hann mælast við þunglega, sem verður að afstýra.

Sunnudagur 30. janúar:

Ríkisstjóri hringdi til mín og talaði um, að hann vildi mega koma á fund með "lyðveldisnefnd" og skýra fyrir henni og leiðréttu atriði í yfirlýsingu hennar og

kvaðst segja mér þetta nú áður en við myndum allir hittast á morgun.

Ég hringdi til Einars Arnórssonar. Hann kvað prófum lokið, en nú væri hann að undirbúa útværpsræðu 1. febrúar og hefði hann því ekki hugsað um breytingatillögur við sambandsslita þingsályktunina. Ekki hafði hann heldur hugsað neitt um að taka ákvörðun út af Þormóðsslysinu; sagðist þó hafa lesið í blöðunum um fyrirspurn Gísla Jónssonar og Bjarna Benediktssonar, en virtist ekki hafa neinn áhuga á málinu; kvað mega taka ákvarðanir út af breytingum á skipunum til athugunar, þótt ekki lægi fyrir málshöfðun.

Hringdi til Stefáns Jóhanns Stefánssonar og kvað hann ekkert hafa verið gert í framhaldi af sáttafundum. Lýsti óánægju út af því, að lýðveldisnefnd hefði tekið í sínar hendur tillögu ríkisstjóra og hann útilokaður frá nefndinni, sem ekki er þingnefnd heldur priggja flokka nefnd, og þá lýsti hann undrun yfir, að tveir fulltrúar frá stjórninni hefðu tekið þátt í þessum störfum.-Viðbúið að út úr þessu verði klandur því að "kommar" gera allt til þess að útiloka Alþýðuflokksmenn og vilja láta þá verða í minnihluta.

#### Mánudagur 31. janúar:

Ríkisráðsfundur. Stefán Þorvarðarson sendiherra í London. Agnar Kl. Jónsson skrifstofustjóri settur. - Ríkisstjóri taldi ekki ástæðu til að tala við lýðveldisnefnd, þar sem hún er ekki þingnefnd.

Ráðherrafundur kl. 1,40. Talað um afgreiðslu rannsóknar Þormóðsslyssins. Allt með spekt. Einar Arnórsson afgreiðir þetta nú væntanlega ? um hvort Gísli Jónsson Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verður settur undir opinbera ákæru, og fl. - Talað um breytingatillögur við þingsályktunina um sambandsslit.

Priðjudagur 1. febrúar:

Stefán Þorvarðarson sendiherra í London kom og pakk-aði heiður þann, er honum hefur verið gerður með útnefningunni.

I sameinuðu þingi ályktun Alþýðuflokkssins um birtинг skjala í skilnaðarmálínus. Ræðumenn frá hverjum flokki. Eg tók til máls og sagði nokkur orð.

Einar Arnórsson var í mjög djúpum og vinsamlegum samræðum við Gísla Jónsson við kaffidrykkju. Eg, Vilhjálmur Þór og Björn Ólafsson sáum við næsta borð og var okkur margt í hug. Hvað meinar hann ?

Miðvikudagur 2. febrúar:

Talaði við Ólaf Thors, Jóhann Jósefsson, Þorstein Þorsteinsonn, Brynjólf Bjarnason og Einar Olgeirsson um Bessastaða viðbótina. Bíð nú svara Ólafs Thors. Hann tók ekki óliðlega í málið.

Hallgrímur á Ketilsstöðum kom og talaði við mig um ýmislegt. Hann sagði fólkis vera með stjórninni og gott við værum sem lengst.

Ríkisstjóri talaði við mig í síma um Bessastaða viðbótina, sáttastarfið, lýðveldismerkin o.fl.

Fimmtudagur 3. febrúar:

Neitaði f gær miðdegisboði hjá Fontenay og hringdi hann til míni í morgun og bað um viðtal um "málín" og

heyrðist mér, að hann teldi sig þurfa margt og mikið að tala. Sagði ég honum mánudag kl. 11.

Minningarathöfn vegna "Max Pemperton". - Kom heim til Vilhjálms Þór með Birni Ólafssyni og frú. Þar komu Stefán Þorvarðarson og frú.

Föstudagur 4. febrúar:

Talaði við Ólaf Thors um Bessastaða viðbót og hafði hann ekki enn rætt það við flokkinn. Lofaði að gera það við fyrsta tækifæri. Hann var gramur við Komma út úr brigð þeirra frá sáttafundi viðvíkjandi "17. júní". Hvað úr verður veit ég ekki.

Talaði við Stefán Jóhann Stefánsson og Finn Jónsson um Bessastaðamál. Finnur vill ekki, vegna sparssemi. Ég veit ekki um hvernig þessu "viðbótarmáli" reiðir af. Það eru ófarir fyrir mig, ef ekki verður úr.

Ríkisráðherrinn í morgun.

Laugardagur 5. febrúar:

Ekkert sérstakt borið til tíðinda. Ekki haft spurnir af viðbótarmálinu eða sáttamálinu. Lítið aðhafst. Var á fundi með samninganefnd útflutningsafurða.

Sunnudagur 6. febrúar:

Blóm frá starfsfólki á lögmannsskrifstofunni. Heillaóskir frá Vilhjálmi Finsen, sr. Bjarna og Agnari Kl. Jónssyni. Annars ekkert.

Mánudagur 7. febrúar:

Fontenay kom og talaði um ýmislegt, sem ég hef getið um á öðrum stað.

Vilhjálmur Þór spurði hvort stjórnin ætti ekkert að hafast að í verkalyðsmálum. Uppsögn Dagsbrúnar. Ég taldi að rétt mundi vera að gera eitthvað. Vilhjálmur talaði um sameiginlegan fund með verkalyðsforingjum, vinnuveitendum og bankastjórum. Það kannað vera, en rétt mun að kanna hverja hlið fyrst. Bærinn er hér einnig og hvernig er Bjarni Benediktsson. - Ég talaði við Sigurð Guðnason en það segir ekki mikið. En öryggi fyrir afkomu er höfuðatriði. Er hægt að gefa tryggingar? Sigurður sagði að hér væri um 1500 manns að ræða. Ef þessu er deilt niður.

Ár 1944, mánudaginn 7. febr. kom Fontenay á minn fund samkvæmt ósk hans s.l. fimmtudag. Samtalið stóð frá kl. 11 - 12,15. Spurðist hann fyrir um afstöðu stjórnarinnar til jafnréttisákvæðisins eins og það er orðað í þingsályktunartillöggunni, sem stjórnin hefur lagt fyrir þingið. - Ég sagði honum, að stjórnin hefði valið það að leggja fyrir þingið tillöguna eins og stjórnarskrárnefndin gekk frá henni, en að stjórnin hefði tekið fram - ég í flutningsræðu minni - að hún mundi bera fram breytingatillögum við nefndina. Ég orðaði ekki hversu viðtæk hún mundi verða. - Talaði hann ýmislegt um það, en létt sér nægja umsögn mína um fyrirætlun stjórnarinnar. Sagði hann, að það væri tvennt: hið pólitíkska og hagsmunalega samband. Hið síðara virtu allar þjóðir. Þá talaði hann um "stóra málid" og afstöðu

mína 1. desember 1942. - Ég sagði honum, að það væri langur tími og annað viðhorf nú 1944 eða haustið 1942. - Talaði hann ýmislegt um þetta og létt sér skiljast að sambandssamninginn væri tvímælalaust ~~mið~~ rétt að fella niður er priggja ára fresturinn væri útrunninn, sem væri í vor. - Konungssambandið töluðum við lítið um, en ég taldi það ekki eðlilegt eftir að ekkert annað væri eftir sameiginlegt. Virtist hann hafa ljósari skilning á afstöðu Íslendinga nú en áður og mun Christmas Möller hafa haft einhver áhrif á hann í þessu efni. Þá sagði hann, að staða sín væri ekki góð hér eftir lýðveldiðstofnun, þar sem hann gæti ekki viðurkennt það. Hann virtist hafa áhuga á því að nótur sínar 1941, Stauning og 1942 og bréf ~~Stauning~~/og Buhls væru birtar.

Skrifað 7/2 kl. 9 - 9 1/2 e.h.

Priðjudagur 8. febrúar:

Arngrímur Fr. Bjarnason sagði mér, að Matthíás bróðir minn mundi verða gerður heiðursfélagi í Fiskfélaginu eftir uppástungu hans og fleiri ásamt Thor Jensen.

Sagði Ólafi Thors. að ég væri af hálfu stjórnarinnar í skjalabirtingarnefnd.

Talaði við Bjarna Benediktsson um Dagsbrúnarsamninga væntanlega og er hann á sömu línu og stjórnin um að spyrna beri á móti kauphækkun. - Boðaðir fundir á morgun við Dagsbrún og Vinnuveitendafélagið.

Enn í fjárveitinganefnd um Bessastaða viðbót.

Einar Arnórsson og Vilhjálmur Þór töluðu líklega saman, en Björn Ólafsson spurði um Þormóðsmálið og Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sagði Einar Arnórsson, að það kæmi innan skamms.

Ég lagði fyrir Neðri deild frumvarp um breyting á læknaskipun með smármæðu.

Stefán Jóhann Stefánsson bað mig um að halda ræðu í Norræna féluginu 3. mars á hótíð, sem það ætlar að halda þá. Ég taldi líklegt að ég yrði að verða við óskinni og gefa svar síðar.

Miðvikudagur 9. febrúar:

Fjárveitinganeftnd samþykkti með 5 : 4 Bessastaða viðbót.

Ég hitti ríkisstjóra. Hann sagði mér viðtal hans við Shepherd, breska sendiherrann, er hafið hafði viðtal um sambandsmálið og létt orð falla um að hann væri "anxious about it". Sagði Dani "on our side" og taldi ekki ólíklegt að hann yrði kvaddur til London til þess að gefa skýrslu en sagði ekkert annars pósítívt. Ríkisstjóri kvaðst hafa slitið samræðu af ásettu ráði, því að hann vildi ekki blanda sér í samræðu um sambandsmálið. Shepherd virtist nákunnugur og krítiskur á ástandið á Alþingi. Ekki gaf hann beint í skyn neina innblöndun Bretta, en vera má hún komi á einhvern veg samt. Það er ekki ólíklegt í einhverju formi.

Jónas Jónsson talaði nokkur orð við mig og kom gos frá honum mjög óþvegið í garð Sveins Björnssonar og kvaðst hann mundu koma því á framfæri síðar. Hann hefði með bréfinu gert sig óhæfan í pólitík. Spænskar mútur o.fl. á fyrri árum væri ekkert í samjöfnuði við þetta. - Ég sagði Vilhjálmi Þór frá þessu og bað hann stilla ofsa **Jónasar Jónssonar ef unnt væri.**

Fundur með Dagsbrún og síðar með Vinnuveitenda-félaginu vegna uppsagnar.

Fimmtudagur 10. febrúar:

Var á fundi í svokallaðri sáttanefnd með Ólafi Thors, Brynjólf fi Bjarnasyni, Hermanni Jónassyni og Stefáni Jóhanni Stefánssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni. Lítið gerðist og þó ekki með öllu ómerkilegt.

Eg gaf Stefáni Jóhanni Stefánssyni loforð um ræðumynd í Norræna féluginu á 25 ára hátið 3. marz.

Föstudagur 11. febrúar:

Kom ekki á þing. - Ólag út af Bessastaða viðbót. Talaði við ríkisstjóra. Hann vill láta Gunnlaug Hall-dórsson gera allt. Eg vil láta húsameistara hafa eftirlit. Petta verður að jafna.

Atti svolítið samtal við Ólaf Thors í þinghúsinu um sáttamálin og var hann ekki úrkula vonar um sátt.

Atti tal við Bjarna Benediktsson um Dagsbrúnarmál.

Eg spurði Ólaf Thors hvort Einar Arnórsson hefði mælt eitthvað, sem torveldaði sættir og kvað hann svo vera, og hann hefði sagt um tillögu Emils Jónssonar, að ef hún væri samþykkt, mundi hann ekki geta skrifnað undir slikt nefndarálit.

Laugardagur 12. febrúar:

? Fundur með viðskiftanefnd vegna útflutnings til Bretta sem vilja lækka verð um 10% en við segjum þá slitið samningum.

Annars ekki markvert hjá mér. Eg er ekki búinn að Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

koma mér niður á ræðuefni 3. marz nema að mjög litlu leyti.

Sunnudagur 13. febrúar:

Hef setið heima og hugsað um ræðu 3. marz og ekkert komist áleiðis.

Hringt hafa til mí<sup>2</sup>n um Dagsbrúnarmál sáttasemjari, <sup>3</sup>ng Vilhjálmur Pór viðvíkjandi sáttanefnd, Jónas~~sí~~ Jóns-~~sí~~ son um ýmislegt og ég til Einars Arnórssonar um samkomulag í skilnaðarmálinu, sem Morgunblaðið minnist á.

Mánudagur 14. febrúar:

Ekkert að fréttu. Kom ekki á þing því að þar var ekkert um að vera. Talaði við sr. Þorstein Briem og Alesander Jóhannesson. Einnig við Vilhjálm Pór um sáttanefnd í vinnudeilum og Björn Ólafsson um lyfjafrumvarp.

Priðjudagur 15. febrúar:

Ríkisráðsfundur. - Ráðherrar samþykkir fisksölusamningi án hækunar verðs. - Ég basla við ræðu 3. marz.

Miðvikudagur 16. febrúar:

Mig dreymdi í nótt svo undarlega og kjánalega. Ég var einhversstaðar staddur, sem ég gerði mér ekki grein fyrir hvar var. En í nánd við mig var fögur og stillileg kona, sem virtist hafa mikla hneigð til mí<sup>n</sup> og helst vilja vera kona mí<sup>n</sup>, en ég þóttist vita, að þessi kona var dóttir Bretakonungs, og ég sagði henni, að hún mundi ekki hafa leyfi til að játast mér án vilja konungsins.

Svo hvarf þetta, en ég mundi það nokkru skýrara þegar ég vaknaði en nú. Er þetta líklega í sambandi við það, að Bretar hugsa sér nú að gera engar gælur við okkur en taka okkur í fang sér og forsjá. Þeim er glöggt fjársukkið og óreiðan á Alþingi.

Það er nú allt í vitleysu með skilnaðarmálið. Ég var á fundi með Ólafi Thors, Einari Olgeirssyni, Stefáni Jóhanni Stefánssyni og Hermanni Jónassyni. Og þeir tveir síðustu, eftir að hinir voru farnir, töluðu bert, sérstaklega Hermann um vandræðin. Þingið mundi kasta afgreiðslu sinni í stjórnina og láta hana sjá fyrir öllu, væntanlegum hátíðahöldum 17. júní o.fl, viðurkenningu lýðveldisins o.s.frv. Þá mundu fjárrreiðurnar fara út um þúfur í haust og svo kæmi verðbólgan með kauphækkun, eða verkfall og vitleysa. Hermann lét á sér skilja, að stjórnin væri of aðgerðasnauð gagnvart Alþingi um fjárkröfur. - Ég sagði, að stjórnin hefði ekki viljað trufla störf Alþingis í skilnaðarmálinu, en úr því að allt væri nú í sundrungu væri ekki eftir neinu að bíða.

Ríkisstjóri hringdi í mig í kvöld til þess að segja mér, að Gísli Sveinsson stórforseti hefði komið á sinn fund og spurt hvort ríkisstjóri mundi samþykkja að loknu þessu þinghaldi, væntanlega í vor, þingprof. Hann kvaðst hafa sagt, að stjórnin réði því hvaða tillögu hún bæri fram. Gísli Sveinsson taldi sig spryra privat að þessu, en lét þó fylgja að hann væri formaður hinna miklu nefnda.

Fimmtudagur 17. febrúar:

Ráðherrafundur um 1) tekjuöflun, 2) eventuelt Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dagsbrúnarverkfall, 3) framkvæmd lýðveldismáls. Ad 1).

Björn Ólafsson hugsaði til að kynna sér viðhorf þingflokkanna til málsins. Ad 2). Bera málid á síðara stigi undir þingið, ef þörf krefði. Ad 3). Að halda yrðum við áfram gegnum "strögglið". Æg hélt fram að eventuelt væri ástæða til að þingflokkarnir tækju nú að sér að mynda stjórn til þess að koma lýðsveldinu í höfn. Þingið vildi aldrei léttu störf okkar. Það hefði tilhneyging til að gera okkur allt til minnkunar og að lokum vildi það kasta okkur burt, sem ónýtum tuskum. Þetta yrðum við alltaf að hafa hugfast. Nú vill lýðveldisnefndin láta stjórnina bjarga sér úr klípu í hátiðarmáli við lýðveldistöku. Líklega gerum við það.

#### Föstudagur 18. febrúar:

Ég svaraði á þingi smá fyrirspurn frá Jónasi Jónssyni viðvíkjandi afstöðu stjórnarinnar til vantanlegs verkfalls.

Fundur með samninganefnd utanríkisviðskifta. Haraldur Guðmundsson óskaði samninginn borinn undir þingið. Ég sagði þá aðeins til tilkynningar. En stjórnin öll vill ekki bera hann undir þingið.

Nú hefur ameríski sendiherrann tilkynnt að herstjórnin þoli ekki að neitt skip, sem er á leigu frá U.S. eða U.N. eða á vegum herstjórnarinnar, verði tafið vegna verkfalls og verður Dagsbrún og Alþýðusambandinu tilkynnt þetta á morgun og kann þetta að hafa einhverjar afleiðingar með tilliti til afstöðu aðila til samninga. Hverjar er ekki gott að segja. Við sjáum hvað setur.

Laugardagur 19. febrúar:

Fundur með Dagsbrúnarstjórn út af fyrirspurnum frá setuliðunum.

Ennfremur var ég á fundi með Ólafi Thors, Hermanni Jónassyni og Stefáni Jóhanni Stefánssyni til þess að skýra að stjórnin óski að fá vísað til sín tillögu, sem Gísli Sveinsson tranaði fram um skipun nefndar á búnings Alþingi til undir ~~réttindag~~ hátíðahalda 17. júní eða gildistökudag lýðveldisins. Ég gekk inn á það og að rökstyðja óskina eftir tilmælum og með orðalagi þeirra.

Sunnudagur 20. febrúar:

Fundur með sáttanefnd í vinnudeilunni og ennfremur komu þeir Jónatan Hallvarðsson og Emil Jónsson hér heim í sömu erindum.

Eg er að gutla við minn ræðustúf 3. marz.

Mánudagur 21. febrúar:

Talaði í samuðu þingi um vísun til stjórnarinnar á tillögu um hátíð 17. júní.

Og er nú búið að taka Alþýðuflokkinn í sátt við sjálfstæðið og frelsa undanhaldið.

Priðjudagur 22. febrúar:

Ekkert sérstakt. Ég er að böglast við ræðustúf, en er alveg í vandræðum.

Miðvikudagur 23. febrúar:

Nefndarálit í lýðveldismálinu lögð fram.

Ég lenti í orðasennu á þingi við Gunnar Thoroddsen út af læknaskipun.

Fimmtudagur 24. febrúar:

Skilnaðarmálið á dagskrá. Allt fór hóflega fram. Ég kom þar ekki, því að ég var við jarðarför sr. Jóhanns Porkelssonar og fékk forseta sameinaðs þings Gísla Sveinsson til að minnast hans utan dagskrár kl. 1,30, er fundur var settur, en kirkjuathöfn hófst á sama tíma.

Gísli Sveinsson talaði síðan, eftir ósk hans, við  
málefni  
? mig um mál      lýðveldisins.

Föstudagur 25. febrúar:

Sambandsslit samþykkt í dag með 51 atkvæðum samhljóða. - Alexander Jóhannesson vill verða nefndarmaður skilnaðar- og lýðveldishátiðarnefndar.

Laugardagur 26. febrúar:

Talaði í stjórnarskrármálinu við góða áheyrn en óvissan árangur. Einar Arnórsson veitir enga stoð um mínar skoðanir.

Sunnudagur 27. febrúar:

Alltaf að hugsa um ræðuna en komst ekkert því að ég ónýtti það, sem ég skrifaði.

Afmæli ríkisstjóra, sem ég gleymdi, svo og að flagga. Þetta skrifað 28. febrúar.

Mánudagur 28. febrúar:

árnaði heilla. Hann tók mér vel, en ég sá í byrjun, að honum þótti miður hvernig til hafði tekist. Svo spjölluðum við lengi.

Eg vann sigur á þingi í dag. Breytingartillaga míni við stjórnarskrárfrumvarpið 26. gr. var samþykkt með 19 : 11 ofan í neitun nefndar. Mér var fagnað á þingi vegna þessa.

Priðjudagur 29. febrúar:

?? Fundur í fjárveitinganefnd. Erindi Einars Thorlacius og Bjarna Jónssonar presta samþykkt. Rafnar kom og talaði við mig um launabót.

Eg kallaði Kristján Kristjánsson borgarfógeta á minn fund og tjáði honum, að ekki mundi honum veitt embættið að þessu sinni sökum breyzkleika hans. Hann tók þessu með mikilli rósemi. Eg sagði honum, að ég mundi leitast við að finna eitthvert ráð honum til hagræðis ef unnt væri. Hann kvaðst ekki sjá annars kost en hverfa alveg frá embættinu, og leitast við að taka frjáls lögfræðistörf fyrir. Hann gæti ekki satt sig við að þjóna undir Gunnari ~~Ríkssþjónum~~ Pálsson eða annan álíka. Hann vildi skrifa undir skuldbinding um að víkja ef hann bryti. Eg taldi þannig veitingu líklega ekki fáanlega. Spurning væri um að fresta embættisveiting. Það mun reynt.

Orðrómur um að Bjarni Benediktsson vilji setja 26. gr. frumvarpsins inn aftur. Hvað satt veit ég ekki.

Ræðan 3. marz fini.

Miðvikudagur 1. marz:

Sýndi ríkisstjóra ræðu mína og lagði hann til að kafli úr henni varðandi konungdóm og konung væri sleppt. Pað ætti ekki fyllilega við á þessum samkomu Norræna félagsins að tala um það. Þetta er líklega rétt.

Orðrómurinn um að Bjarni Benediktsson vilji breyta 26. gr. stjórnarskrárfrumvarpsins til fyrra horfs varir við. Hann var á launmæli við Einar Arnórsson í dag og mun vera um þetta efni. Ekki sagði Einar mér frá samtalinu. Eg vil ekki spyrja hann.

Fimmtudagur 2. marz:

Eg flutti stutta framsöguræðu fyrir stjórnarskránni í Efri deild í dag. Enginn annar tók til máls, en tal bak við tjöldin um 26. gr. Einar Arnórsson vinnur ekki með mér í því máli heldur á móti. Spurning hvort hægt er að koma í veg fyrir áform Bjarna Benediktssonar og Komma. Fáir sterkir á móti því, en sumir mótfallnir í hjarta sínu, hvað sem verður. Björn Ólafsson hefur engan áhuga en Vilhjálmur Þór er góður, eins og alltaf.

Föstudagur 3. marz:

Afmæli Norræna félagsins um 200 manns. Eg hélt ræðu mína, sem mér var af mörgum sagt, að væri góð. Hófið yfirlit af kl. 1 um nóttina.

Laugardagur 4. marz:

Önnur umræða um stjórnarskrána í Efri deild. Breytingatillaga um að færa 26. gr. í fyrra horf. Eg hamaðist gegn bessu með ofsa. Pétur Magnússon, Hermann Einkaskjalasafn dr. Juris Björns Þorðarsonar © Borgarskjálásafn Reykjavíkur

Jónasson og Haraldur Guðmundsson töluðu líka á mína hlið. En breytingartillagan var samþykkt með 9 : 8. Hvort nokkuð verður gert til þess að breyta þessu í Neðri deild veit ég ekki.

Sunnudagur 5. marz:

Ríkisstjóri hringdi út af 26. gr. Ég tel ráð-legast, að þingmaður flytji breytingartillögu í Neðri deild, ef gert er. Það líklegra til gengis. Talaði við Vilhjálm Þór og Stefán Jóhann Stefánsson um það. Ég vil fá Jakob Möller til þess, en ekki þó biðja hann sjálfur, heldur Pétur Magnússon. Óvís árangur.

Mánudagur 6. marz:

Senna milli míni og Bjarna Benediktssonar út af landlækni. Ég talaði nokkuð hart.

Stjórnin hélt þingmönnum veizlu á Hótel Borg og var ríkisstjóri einnig. Hófinu slitið af mér kl. 2,30 f.h. 7. marz.

Friðjudagur 7. marz:

Bjarni Benediktsson jós úr sér í Efri deild yfir mig út af svareni mínu í gær.

Ég létt útbýta í Neðri deild tillögu minni um að setja aftur inn í stjórnarskrána 26. gr. eins og gengið var frá henni úr Neðri deild. Hver endalokin verða er óljóst.

Miðvikudagur 8. marz:

Ein umræða í Neðri deild um 26. gr. Æg hamaðist eftir getu. Breytingartillaga míð felld með 18 : 14 við nafnakall. Nokkrir snúist og nýjir bætzt við á móti.

Æg svaraði fyrir mig og landlækni í Efri deild árásum Bjarna Benediktssonar.

Erfiður en ekki neitt leiðinlegur dagur, nema ósigurinn, sem ég vissi þó fyrirfram.

Fimmtudagur 9. marz:

Umræður um ýmis mál. Æg kom ekki heim fyrr en kl. 1 um nóttina.

Föstudagur 10. marz:

Umræður um ýmis mál. Kom heim kl. 2,30 um nóttina.

Laugardagur 11. marz:

Pingi frestað. Æg gerði mínar sakir. Pakkaði pingmönnum fyrir gott viðmótt og góða samvinnu. Forseti (Gísli Sveinsson) pakkaði f.h. pingsins og bað pingheim að standa upp í því skyni og var það gert. Hentu nú sumir gaman að því, að pingið hefði nú vottað stjórninni traust, en Pétur Ottesen sagði, að það hefði pingið gert áður með því að vísa til stjórnarinnar <sup>um</sup> tillögnum um skipun nefndar til undirbúnings lýðveldishátiðar.

Sunnudagur 12. marz:

Ekkert markvert. Las í Autobiography Margot Asquith. Mjög fræðandi um líf yfirstéttar Englands síðari hluta 19. aldar.

Mánudagur 13. marz:

Nefnd til undirbúnings hátíðahöldum vegna lýðveldisstofnunar tekur til starfa. Dr. Alexander Jóhannesson skipaður formaður.

Priðjudagur 14. marz:

Ráðherrafundur. Útgáfa skuldabréfa fyrir ríkisláni. Heimildargreiðslur. Samþykkt alþjóðasamninga o.fl.

Angraður með hringingum og heimsóknum vegna sjúkrar konu, sem bærinn er vitanlega skyldugur að sjá um, en enginn liðsinnir. Það er bogið með stjórn bæjarmálefna. Borgarstjórinn gæti offrað minni tíma í landsmála- og flokkapjark en meira gert í bæjarmálum.

Miðvikudagur 15. marz:

Jónatan Hallvarðsson sáttasemjari kom ásamt klæðskera og vildi fá umsögn mína í sambandi við samninga. Eg létt ekkert uppi.

Vilhjálmur Þór var að tala við mig hvort Sveinn Björnsson yrði kosinn forseti. Eg taldi það mundi verða svo. Einar Arnórsson hefur verið nefndur og Sigurður Eggerz o.fl. Eg sagði honum ekki og engum, að Lárus Jóhannesson spurði mig þingveizlunóttina, hvort heimilishagir mínir væru því til fyrirstöðu, að ég væri valinn. Eg létt Lárus skilja, að mér mislikaði stórum spurningin.

Ég segði engum um heimilishagi mína og forsetaval kæmi mér ekki við. Lárus sætti sig við þetta og bað afsökunar.

Fimmtudagur 16. marz:

Sáttasemjari kom og talaði við mig um klæðskera-deilu. Landkæknir um læknishéruðin nýju og verðuppbót á mjólk ríkisbúa, sem legið hafa hjá mér.

Föstudagur 17. marz:

Boð á Bessastöðum með formönnun flokkanna og fl. Frúin kvað Einar Arnórsson hafa breytzt. Líklega hefur hún rétt fyrir sér. Ólafur Thors var þar og var glaður.

Laugardagur 18. marz:

Alexander Jóhannesson kom til míni og lýsti hvernig hann hugsaði sér prógram fyrir hátíðahöldin. Ég bað hann að gefa mér skriflegt uppkast, sem ég gæti síðan lagt fyrir ráðherrana og lofaði hann því á þriðjudag.

Boð hjá Chargé d'Affaires Johansson. Þar voru sendiherrar Bretta og U.S.A. og Gísli Sveinsson o.fl. Ég bar mig að, að tala við þá báða. Vertarnir voru mjög elskulegir báðir.

Sunnudagur 19. marz:

Engan hitt. Lesið Margot Asquith og ekki annað gert.

Mánudagur 20. marz:

Gleymdi að skrifa og man ekkert sérstakt.

Priðjudagur 21. marz:

Hitti ríkisstjóra að ósk hans. Hann sagði mér, að hann vildi fá að vita vissu sína fyrir 17. apríl hvort hann yrði valinn forseti. Æg kvað það torvelt. Hann kvaðst mundi reyna að fá sér húsnæði, undirbúa för sína frá Bessastöðum o.s.frv. Það væri óhugnanlegt að fá ekki að vita vissu sína um kvað verða ætti.

Sendi hátíðaplan.

Miðvikudagur 22. marz:

Hitti ríkisstjóra og kritiseraði hann hátíðaplan. Og er ég ríkisstjóra sammála. En óvíst hvað verður í því efni. Talaði frekar um forsetaval. Aðvaraði hann um aðgerðir þótt óvissa. Yrði talið annað ríkisstjórábréf. Hann virðist fastur á sínu máli.

Fontenay kom og tilkynnti, að hann færi nú til London á fund með Kaufmann og Reventlov. Talaði um sambandsmálið. Hvort ég vildi skila nokkru til Christmas Möller o.fl. Æg sagðist ekki óska neins sérstaks í því efni. Hann sagði það verða dálítið delicat fyrir diplomata um hátíðina 17. júní, hvernig þeir ættu að bera sig að. Æg játti því. Þá taldi hann spurningu um konung, sem væri nokkuð vandfarið með. Æg sagði ekkert yrði sagt um það efni fyrr en að afstaðinni atkvæðagreiðslu.

Fimmtudagur 23. marz:

Fundur með hátiðarnefnd um dagskrá 17. júní.  
 Gísli Sveinsson vill stjaka forsætisráðherra allsstaðar til hliðar fyrir sjálfan sig. Það verður að vera eitt-hvert vit í pessu.

Föstudagur 24. marz:

Ríkisráð. Staðfest lög. Annars ekkert markvert.  
 Fontenay kom og spurði hvernig skilja ætti citat mitt í ræðu 1. desember 1942 f orð Chuchills. Hvort meint væri "frelsi gagnvart Danmörku" eða almennt.  
 Hafði Reventlow sendiherra í London spurt hann um þetta, því að Fontenay hafði sent Reventlow þýðingu af ræðu minni. Ég sagði honum, að ég hefði ekki skilið þau, sem sérstaklega mintuð gagnvart Danmörku heldur að England og U.S. mundu skila okkur landinu jafnfrjálsu eftir stríðslokin og það var fyrir hernám.

Laugardagur 25. marz:

Ekkert sérstakt. Engin tíðindi né viðtöl.

Sunnudagur 26. marz:

Fór ekkert. Las dálítið en engan hitt og lítið hugsað. Hirti ekki boð K.R.

Mánudagur 27. marz:

Ráðherrafundur um ýmis mál, m.a. árás Pjóðviljans á brezka útgerðarmenn, sem sendiherra Breta bar sig upp undan og óskaði spornað við framvegis.

Vilhjálmur Þór skýrði frá orðum, sem Mr. Cumming, embættismaður í utanríkisráðuneytinu í Washington, hafði látið falla við Thor Thors sendiherra í viðure vist fleiri manna utanríkisráðuneytisins, en Thor Thors skýrði frá í bréfi: 1) að það væri ekki ólíklegt að stjórn U.S. og einnig Breta láta sérstaka sendiherra koma fram fyrir sína hönd við stofnun lýðveldis hér næsta vor og 2) að Thor Thors verði gerður að ambassador. - Talið æskilegt að grennslast í fullum trúnaði eftir því hvort búast mætti við að því yrði svarað játandi af U.S. ef farið væri fram á þetta.

Priðjudagur 28. mars:

Talaði við Alexander Jóhannesson um hátíðaprógram. Síðan ráðherrafundur. Fjármálin verða erfið. Jón Krabbe kemur til Stokkhólms á morgun.

Miðvikudagur 29. mars:

Hermann Jónasson kom til míni og sagði Framsókn að fráteknum einum eða tveimur mundu kjósa Svein Björnsson forseta. Hann hallmælti frammistöðu Einars Arnórssonar sem ráðherra. Hann var einlægur við mig þar sem ég spurði hann um val Sveins Björnssonar.

Fundur með Alexander um prógram. Ég er í vandræðum með hans "grand diner" en einhvernveginn verður að leysa það spursmál.

Fimmtudagur 30. mars:

Talaði við Vilhjálm Þór og spurði hann hvað segja skyldi eða biðja Krabbe um að gera. Taldist okkur Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ráðlegast að bera ráð saman við ríkisstjóra um þessi efni. Ekki hélt Vilhjálmur að ríkisstjóri hefði sent Krabbe bréf það, er ríkisstjóri las fyrir okkur uppkast að í veturnar.

Eg bað Jakob Möller að koma á minn fund og spurði hann hvort í flokki hans hefði verið rætt um forsetaval og kvað hann nei við því. Taldi hann fullvist, að meirihlutinn myndi kjósa Svein Björnsson, og lofaði hann mér að kynna sér það til hlítar og láta mig vita.

Atti ég tal við Ólaf Lárusson viðvíkjandi mynd-sýningu í sambandi við hátíðahöld lýðveldisins og létt hann uppi óvissu um, að lýðveldiðstofnun gæti farið fram svo sem áförmöð er í vor. Vakti för Fontenay til Englands einkum þessa hugsun, og spurði hann hvort ekki hefði verið misráðið að Pétur Benediktsson hefði verið láttinn fara frá London. Eg samsinnti um för Fontenay að hún myndi vera til að spilla fyrir málínun hjá Bretum ef unnt væri, en um Pétur Benediktsson taldi ég engu skipta, enda trúi ég því, að svo sé, hvort sem Bretar verða við óskum okkar eða ekki.

Ekki séð Einar Arnórsson í two daga.

#### Föstudagur 31. marz:

Talaði við ríkisstjóra og sagði honum um rannsókn mína um það, að enginn kæmi til mála að verða kosinn forseti annar en hann. Hann var ekki í góðu skapi. Hann kvaðst hafa alveg frjálsar hendur um hvað hann gerði. Hann undirbyggi það að fara frá Bessastöðum fyrirvaralaust. Eg talaði við hann um hátíðahöldin í

vor. Hann sagði: Petta er "skrípaleikur". Eg: Allt saman? Ríkisstjóri: Já. Það er líkast til "mannskemmandi" að gefa sig í þetta. Mér skildist, forsetavalíð. Eg fór svo eftir 5 kortéra samtal um þetta og Krabbe í Stokkhólmi.

Eg sagði Vilhjálmi Þór frá þessu samtali við ríkisstjóra (en sagði honum ekki orðin hér að framan) en, að hann hefði verið þungur. Bað hann að kvíkka hann upp, svo að hann "gerði ekki eitthvað af sér."

Vilhjálmur Þór hefur talað við Morris í sambandi við orð Cummings við Thor Thors og fer nú spurning aftur til Ameríku. Það er ekkert sérstaklega hressilegt yfir þessu. Hrifning vitanlega ekki hjá neinum nema einhverjum kjánum.

#### Laugardagur 1. apríl:

Alexander Jóhannesson talaði við mig um boð til Vestur-Íslendinga. Hann spurði um hvað gert væri til að útvega viðurkenningu. Eg sagðist ekki tala við hann í síma um það. Hann sagðist hafa talað Johansson - bekkti hann - og þar væri allt undirbúið hvernig það yrði tekið. Alexander sagði, sem rétt er, að ekki væri gott að starfa að hátíðahöldum án þess að vita hver yrði valinn forseti og játaði ég því.

Eg sagði Vilhjálmi Þór, að ég væri staðráðinn í að knýja á formenn flokkanna um að gefa vissu fyrir því hver yrði valinn forseti, því að stjórnin gæti ekki vel undirbúið hátíðahöld án þess að hafa samráð við forseta.

tiltölulega langt samtal við hann. Hann tók með skilningi og vinsamlega í málið og kvaðst mundu rannsaka málið og láta mig vita bráðlega. - 2) Eysteins Jónssonar og sagðist hann ekki geta látið mig vita fyrr en þingmenn kæmu á flokksfund upp úr 12. þ.m. - 2) Einars Olgeirssonar og töldum við nánar saman á mánudag kl. 2. - Eg verð að fylgja þessu fast eftir og læt líklega ríkisstjóra vita, að ég hefi tekið þennan þráð upp. - Eysteinn spurði um framhaldsping í sumar og létt ég uppi að það mundi ekki heppilegt að halda áfram viðstöðulaust í júní en spurning hvort ekki ætti að láta "hnútinn" bera að sem fyrst. En Eysteinn var helzt í kosningar næsta vor.

Sunnudagur 2. apríl:

Ekkert sérstakt, las ýmislegt.

Mánudagur 3. apríl:

Talaði við Harald Guðmundsson um forsetakjör. Hann taldi sína flokksmenn mundu kjósa Svein Björnsson og lofaði mér að ganga frá þessu hið fyrsta. - Talaði við Einar Olgeirsson um sama. Hann létt lítið uppi, en lofaði hinu sama. Var sammála um að ekki kæmi til mála að láta dragast til júní að taka endanlega ákvörðun og lofaði að láta mig vita.

Eg talaði við Jón Blöndal og fann á honum, að hann taldi ver farið að láta þá félaga Jón Blöndal, Kristján G. Gíslason og Klemenz Tryggvason hætta störfum og sagði það hefði átt að gerast í fyrra um leið og Jóhann Sæmundsson fór.

Priðjudagur 4. apríl:

Skoðaði uppdrætti að skjaldarmerki, ófullkomna.

Hermann Jónasson og Haraldur Guðmundsson komu til míni viðvíkjandi störfum þremenninganna. Þeir eru formenn millipinganefnda og vilja láta þremenningana starfa áfram. Þekking og tækni þeirra er ómissandi fyrir þessar mefndir og verður því að koma því svo fyrir, að störfin haldi áfram. Þarf að semja við Björn Ólafsson.

Talaði við fjárskiptanefnd í Pingeyjarsýslu.

Ríkisstjóri sýndi mér uppkast að hátiðaprógrami.

Miðvikudagur 5. apríl:

Talaði við ríkisstjóra og sagði honum frá aðgerðum mínum við formenn flokkanna um forsetakjör og létt hann vel yfir og þakkaði mínar aðgjörðir. Hann innti að því að fá sér verustað meðan höfuðrask stæði yfir frá 2. maí á Bessastöðum.

Fór til Þingvalla til veru hjá Birni Ólafssyni í konungshúsinu, eventuelt fram um pásku. Fór kl. 2 og kom kl. 5. Gott veður. Fór Hellisheiði.

Skírðagur 6. apríl:

Inndælisveður allan daginn. Fór á fætur kl. 7,30.

Hátiðarnefnd kom og var ég með henni að athuga hvað gera byrfti. Ásgeir Ásgeirsson kom í konungshúsið í tilefni af láti Gunnlaugs Einarssonar, læknis, til mágkonu hans.

Föstudagurinn langi 7. apríl:

Inndælisveður. Fór á fætur kl. 7,20 og gekk úti. Bakaði mig í sólinni, þó ekki nakinn. Dýrðleg kyrrð, ~~Súkkyn~~ Sólskin. Spegilslétt vatn. Fannhvít fjöll. Blár himinn. Margskonar litir á hlíðum og lágfjöllum.

Ekkja Gunnlaugs Einarssonar, börn og faðir komu fyrir hádegi og voru allan daginn. Gengum fyrst langt út með vatni og seinna suður að Vellankötlu.

Laugardagur 8. apríl:

Snarpur austanvindur en gott veður. Fór á fætur kl. 8. Athugaði nánar Lögberg og hve langan tíma tekur að ganga ofan úr Gjármynni og niður að Lögbergi fyrir "göngu" og virðist það vera 5 - 6 mínútur. Fór í göngu suður fyrir Vatnskot með hjónunum. Heyrði óskemmtilegt um dóttur ríkisstjóra.

Páskadagur 9. apríl:

Austanstormur. Stórhrygjuveður. Fór á fætur kl. 8. Fór stuttar göngur.

Annar páskadagur 10. apríl:

Ágætt veður. Fór á fætur kl. 8. Fór stuttar göngur en var heima við og naut sólarinnar úti. Fór heim með fjölskyldu Björns Ólafssonar kl. 5,30 og kom heim kl. 7,30. Ágætasta dvöl, sem orðið gat. Fólkið er svo gott og unaðslegt, frúin, börnin og húsbondinn.

Priðjudagur 11. apríl:

Ráðherrrafundur um ýmisleg mál. Var góða harmoníá. Einkaskjalsamrar Jóns Þórus Hólmssons með Borgarskýrasamningnum.

fundinum, en við höfum ekki hittst allir síðan fyrir nokkru.

Gísli Sveinsson forseti sameinaðs Alþingis hringdi til mín nýkominn í staðinn og spurði hvort stjórnin ætlaði ekki að gefa sendiherrum Íslands kost á að koma heim til þess að vera viðstadda 17. júní. Ég kvað stjórnina hafa rætt þetta mál í tilefni af fyrirspurn frá Alexander Jóhannessyni og talið ekki ástæðu til þess að kveðja þá heim. Gísli taldi það viðeigandi að þeim gæfist kostur á að vera við þenna mikla atburð. Ég kvað það torvelt að láta þá koma um svo langan veg, austan úr Moskva og vestan úr Washington og væri það smekksatriði hvort þeir ættu að vera við, en Gísli vildi orða það svo, að það væri álitamál hvort þeir ættu ekki að vera. Sleit svo talinu með því að ég lofaði því að halda fund umatriðið að nýju, að beiðni hans. Vildi hann að það yrði á morgun en ég kvað það ekki mundu verða þá. En síðar þegar hentaði. Sleit svo talinu. Skýrði ég Einari Arnórssyni og Vilhjálmi Þór frá sam-talinu.

#### Miðvikudagur 12. apríl:

Sr. Pétur Oddsson kom og talaði um Hvamm í Döllum.  
Byggingu þar.

Amerísk sýning opnuð. Talaði þar við Ólaf Thors, sem var nú ekki eins viiss að gefa mér greið svör um forsetaval eins og um daginn. Lofaði þó betra svari. Sagði suma alveg vissa að kjósa Svein, aðra ekki vilja lofa nú og einstaka ekki vilja taka ákvörðun sökum áhættu, að Sveinn gerði eitthvað af sér fyrir gildistöku

lýðveldisins. Þetta er óhreint. - Eg sé Gísla Sveinson, en ekki töluðum við saman. Hann er ekki upprifinn. Talaði svolitið við ríkisstjóra og frú Ástu.

Fimmtudagur 13. apríl:

Eyjólfur Jóhannsson talaði við mig um prentun og útsending stjórnartíðinda.

Pá talaði ég við ríkisstjóra um eventuela dvöl hans á Pingvöllum í mai, 2 - 3 vikur. Þá sagði ég honum að Ólafur Thors hefði ekki gefið svör. Hann endurtók það, að hann skoðaði sig hafa friar hendur að neita að taka við forsetakjöri, ef hann væri ekki spurður eða látinn vita um kjör fyrir ákveðinn tíma, að mér skildist innan viku eða hálfus mánaðar. Ég sagði honum, að ég teldi það calamitet ef hann yrði ekki valinn, að staðan út á við yrði allt önnur og afleiðingar óútreiknánlegar. Hann lætur það stöðugt uppi, að valið sé honum, eins og í pottinn er búið, ógeðfellt. Ég segi það verður að gilda einu, hann verði að offra sér. Hann sagði, að hann teldi sig ekki hafa neina skyldu gagnvart Alþingi að taka við kjöri. Ef þeir létu ekki uppi fyrirfram ósk um, að hann tæki við kjöri og kysu hann síðan þegar þing kemur saman fáum dögum fyrir gildistöku stjórnarskrárinnar, teldi hann sér heimilt að taka ekki á móti kjöri. Og hvað gerðu þeir þá? Leituðu að öðrum. - Ég sagði, ef hann tæki ekki á móti kjöri, mundi stjórnin segja af sér. Hvernig liti það út? Ég kvaðst vona, að fá endanleg positiv svör. - Þá spurði hann mig hvers vegna Einar Arnórsson tæki ekki á móti boði í veizlur. Ég sagði það mundu vera kenjar. Ekki animositet. En

hann hefði um sinn verið styggur út úr ríkisstjórabréfinu. En ég héldi það væri ekki neinn ásetningsmótþrói.. En mér datt í hug á eftir ástæðu, sem ekki er svo fráleit. Einar Arnórsson á ekki nein samkvæmiföt. Etlaði í fyrra að kaupa en varð ekki af. Ég gæti trúð betta væri rétt. Etla að segja ríkisstjóra pessa hugmynd.

Föstudagur 14. apríl:

Gísli Sveinsson kom á fund okkar rádherra og fór það skipulega um samtal viðvíkjandi hátíðahöldum. Ég setti fram mína skoðun um veizlur á Þingvöllum. Þyrfti ekki að vera á hátíðaprógrami. Matast ætti af nauðsyn en ekki til hátíðabrigðis fyrir fáa útvalda. Ég nefndi, að ríkisstjóri ætti að leggja kranz að styttu Jóns Sigurðssonar. Gísla Sveinssyni þótti það ekki ósann-gjarnt. Hann taldi að gera mætti gott úr öllu með samkomulagi, en ég taldi hvern eiga að hafa það hlutverk, sem honum bæri. Sendiherrar væru bezt komnir á sínum stað. Aðrir lögðu þró að, á sömu lund. Björn Ólafsson sagði ég hefði verið þungur á brún og Gísli Sveinsson hafi líklega ekki þótt fundurinn skemmtilegur.

Laugardagur 15. apríl:

Rádherrafundur um Siglufjarðarmál. Ég segi, að ég verði að veita umbeðið leyfi.

Jarðarför Gunnlaugs Einarssonar læknis. Ég er  
settur af kirkjuverði á vissan stað í kirkju, ~~þekktum~~  
~~þekktum~~ að norðan, og kann ekki við. Ríkisstjóri 2. b. að sunnan og Vilhjálmur Þór 3. b. að sunnan.

Sunnudagur 16. apríl:

Hef setið heima og engan fundið, en gutlað við lestar. Þar að rannsaka á morgun horfur um forsetaval.

Mánudagur 17. apríl:

Talaði við Björn Ólafsson um framhald vinnu Jóns Blöndal og félaga. Hann virtist sammála um það eins og komið var.

Priðjudagur 18. apríl:

Fundur með ríkisstjóra og Vilhjálmi Þór og Einari Arnórssyni um sending svars út af fyrirspurn Krabbe. Einar var með svoltlar vífilengjur.

? Talaði síðar við Vilhjálm Þór um Framsóknarþ. Hann var á því að styrkja stjórnina í sumar með tveimur úr flokkunum ef verða mætti.

Miðvikudagur 19. apríl:

Gekk eftir svörum um forsetakjör hjá þremur formönnum flokka: 1) Ólafur Thors fór með tóma vafninga. Sagðist ekkert geta sagt. Ekki væru allir við í senn. Pessir við um daginn, þeir ekki nú o.s.frv. Æg sagði honum að ég mundi ekki halda uppi eftirgrennslunum um þetta lengur en til mánaðamóta. Hann viðurkenndi, að það væri óþægilegt fyrir stjórnina. Lofaði að láta mig vita að fyrra bragði, þegar hans athugunum væri lokið. 2) Eysteinn Jónsson hafði gert athuganir en ekki til hlítar; hafði lofað svari 13. - 14. p.m. en gleymdi að ganga úr skugga um þetta á Framsóknarþ. 3) Einar

Olgeirsson taldi sinn flokk mundi beita sömu aðferð og áður. Ekki greiða atkvæði. En talar þó við mig á morgun.

Eg var í samsæti fyrir gullbrúðhjón Vilhjálm og Steinunni Briem. Eggert Claessen, sem stýrði samkvæminu, drakk til mín á áberandi hátt og sagði mér á eftir, að honum hefði þótt ákaflega vænt um að ég (forsætisráðherra) kom. Hann sagði í gamni, að hann væri dálítið snobbaður.

#### Sumardagurinn fyrsti 20. apríl:

Heima. Hringdi til Björns Ólafssonar og frú, Vilhjálms og frú og til ríkisstjóra, sem sagði mér, að hann ætti von á bréfi frá Krabbe. Seinna hringdi hann til mín og hafði þá lesið bréfið og kvaðst ráðinn í að leggja það ekki fyrir stjórnina en hinsvegar að kynna mér einum efni þess. Eg taldi það nokkurn ábyrgðarhluta fyrir mig að taka það á mig að leyna bréfinu, en á það yrði þó að hætta og mæltum við okkur mótt á morgun kl. fyrir 12.

#### Föstudagur 21. apríl:

I bréfi til utanríkismálaráðherra skýrði Krabbe frá því að hann mundi skýra ríkisstjóra í einkabréfi frá viðhorfinu í sambandsmálinu gagnvart konungi.

Fór ég nú til ríkisstjóra og las hann fyrir mér bréfið, aðalkafla þess. Þar sem hann talar um aðferðir og athuganir með hverjum hætti kynni að vera heppilegast að **hálgast** konung og fá að vita um undirtektir hans við afsal hans á konungdómi. Hann telur það miklu varða Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upp á samskipti þjóðanna eftirleiðis, hvernig Íslendingar skilja við konung. Bendir á hinn mikla kulda, sem um 10 ára skeið hafi ríkt milli Norðmanna og Svía og enn hafi gætt í viðhorfi eftir hernámið í núverandi styrjöld. Hann taldi bezt að forsætisráðherra hefði getað komið, en slíkt væri útilokað vegna samgangna en persónulegur sendibodi væri þó það bezta, ef ekki það þá hátíðleg tilkynning, og ósk um lausn konungssambandsins, sem kæmi fram frá helstu repræsentativum stofnunum í landinu og taldi hann upp margar þeirra. - Ríkisstjóri bauð mér ekki afrit af bréfinu og ekki bað ég um það. - Ég mun ekki geta um bréfið við Björn Ólafsson eða Einar Arnórsson en ég geng út frá því, að ríkisstjóri muni segja Vilhjálmi Þór frá innihaldi þess. - Ég gaf ríkisstjóra í skyn, að ég mundi vinna í þá átt, sem efni bréfsins greinir og fá manн til þess að fara af hálfu Alþingis til Svíþjóðar og ef unnt væri til Danmerkur. Þetta mundi sýna Svíum og Bretum viðleitni í þá átt að nálgast konung. ----- Ég minntist á við ríkisstjóra að ég hefði nefnt við Vilhjálm Þór hvort ekki væri hugsanlegt að mynda "blokk" með Framsóknarfloknum og Alþýðufloknum með það fyrir augum að toga það mikið frá Sjálfstæðisfloknum, að meirihluti fengist. Hann hugsar um þetta.

Átti tal við Einar Olgeirsson um forsetakjör. Ekki gat hann gefið neitt upp enn. Efaðist um hluttöku flokksins í kjærinu. Hann mun tala við mig privat seinna í næstu viku. Honum virtist áfram um það. Sagði, að flokkrinn hefði ekkert persónulega gegn Sveini Björnssyni en hann væri í rauninni maður Framsóknarflokkssins og Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alþýðuflokkssins og því vildu Socialistar ekki styðja kjör hans að svo komnu.

Laugardagur 22. apríl:

Talaði við nefndarmennina Jón Blöndal og félaga.  
Klemenz og Gylfi vilja losna.  
?

Páll Hermannsson kom og talaði lengi. Hann er hinn elskulegasti maður.

Eg lagði fullnaðarsamþykki á skjaldarmerkið.  
Ráðherrafundur. Ýmislegt samþykkt.

Sunnudagur 23. apríl:

Fyrsti sunnudagur í sumri. Fyrri hluta dags. Purt veður. Þoka yfir og í kring, virtist fjúk til fjalla. Austan gola. Léttari úr hádegi, sást þó lítið til sólar. Seinni hluta dags og kvöld norðan gola og létt hið neðra, dálítið sólfar? Hverniг slátturinn -- .  
??

Borsteinn Briem kom og kona hans. Hann sagði bezt að fá sánskan guðfræðikennara að háskólanum. Sr. Björn eða Benjamín dygðu ekki. Sr. Sigurbjörn mætti ekki missa sig.

Vilhjálmur Þór hringdi og var í öngum sínum út úr "bröggnum". Verst ef Björn Ólafsson er á móti fyrir útskýring ~~Jakobs~~ Jakobs Möller. Þetta er leiðindamál, því að Vilhjálmur hefur líklega gefið Ameríkónum of mikið vilyrði um að kaupin gengju. Séð um seinan, að flokksformönnum má ekki í neinu treysta.

Mánudagur 24. apríl:

Boðinn á rússneska kvíkmynd "We will come back". Efnið óhugnanlegt, leikurinn frábær. Rússasendiherra nefndi við mig að koma í reception 1. mai.

Hitti ríkisstjóra á eftir myndinni; hann virtist ekki ánægður. Talaði við mig um hvort stjórnin ætlaði ekki að hefjast handa í dýrtíðarmálunum. Æg sagði það mundi varla verða fyrr en seinna í sumar að afstöðnum lýðveldismálínus og ekki í samhengi við það. Æg kvaddi hann, og var hann ekki ánægjusamlegur. Hann á líka við heimilis accident að stríða. Þó ekki háalvarlegt en hvimleitt; hans filia féll.

Priðjudagur 25. apríl:

Að afstöðnum fundi í utanríkismálanefnd var ákveðið að gefa út lög og kaupa braggana. Sjálfstæðið formelt á móti.

Æg minntist á við Vilhjálm Þór hvernig væri hægt að tilkynna konungi niðurstöðu atkvæðagreiðslu um sambandsmálið og kvað þurfa að senda mann til Svíþjóðar ef unnt væri og þaðan til Danmerkur að bera þann boðskap og vilja Íslendinga til stofnunar lýðveldis og fá svör rex. Hann hefur líklega talað við ríkisstjóra og sagði, að senda þyrfti hinn virðulegasta mann, sem færi með umboð þjóðarinnar, forsetisráðherrann. Æg sagði að vart færi ég með umboð þjóðarinnar og senda ætti mann, sem rex hefði kynni af og hann hefði traust til. Ekki létt hann sér skiljast petta. Sagði þó: Hefur forseti sameinaðs Alþingis þjóðartraust? Það mætti heldur telja, kvað ég. - Annars er nú slitið öllu sambandi milli

Svíþjóðar og Danmerkur og verður allt þetta óframkvæmanlegt ef því heldur áfram.

Miðvikudagur 26. apríl:

Ríkisráð. Braggalög gefin út. - Björn Ólafsson hélt afburðasnjalla útværpsræðu.

Talaði við Hermann Jónasson. Hann hélt, að ekki mundi hægt að mynda stjórn í sumar.

Fimmtudagur 27. apríl:

Eysteinn Jónsson tilkynnti mér, að Framsóknarmenn, 12 með öruggri vissu, kysu Svein Björnsson, 13 að líkindum, um 14. (Jónas Jónsson) væri ekki gott að segja en 15. (Gísli Guðmundsson) veikur. Aðrir flokkar hafa ekkert sagt mér.

Föstudagur 28. apríl:

Hitti ríkisstjóra. Sýndi honum skjaldarmerki. Hann hafði ekki við það að athuga. Talaði svolítið pólitík. Spurði hvort ræða Björns Ólafssonar væri fyrirboði um pólitík stjórnarinnar. Ég gaf það í skyn. Ræddum um samkomu þings í sumar, helst í ágúst, svo að kosningar gætu farið fram eventúelt í október ef með þyrfti. - Ég sagði frá undirtektum Framsóknar. Ekkert heyrt frá Sjálfstæði. Hann sagði að Bjarni Benediktsson hefði verið í boði hjá sér fyrir viku og verið mjög full. En Pétur Eggerz sagði ríkisstjóra, að Bjarni Benediktsson og hann hefðu verið saman í öðru boði og hefði Bjarni verið eftirtakanlega full. - Hann getur ekki gert að

pessu. Skapsmunirnir eru svona.

Laugardagur 29. apríl:

Landlæknir talaði ýmislegt við mig. Hann er ætíð skemmtilegur.

Eg hef ekki ekkert heyrt frá Einari Olgeirssyni og Ólafi Thors. Eg bjóst við þessu. Þeir eru stefnulausir spákaupmenn báðir tveir í pólitík.

Ekkert annars markvert borið við.

Sunnudagur 30. apríl:

Setið heima. Við engan talað. Skrifað bréf handa telpu í Ameríku, sem bað um autographíu mína. Skrifaði lífshlaup mitt fyrir skrifstofu Alþingis. Las Margot Asquith.

Mánudagur 1. maí:

Fyrir hádegi leiðrétti ræður mínar í stjórnarskrármálínu eftir föngum.

Fór kl. 5 til minningarguðþjónustu í Dómkirkjunni um Knox sál. flotamálaráðherra U.S. eftir boði. Þar voru Vilhjálmur Þór og Björn Ólafsson og frúr. Aðra Íslendinga sá ég ekki nema borgarstjóra Bjarna Benediktsson. Ríkisstjóri er á Pingvöllum í ráðherrahúsi samkvæmt boði mínu. Guðspjónustan var viðkunnanleg og röskleg. Presturinn sérstaklega snotur maður og rómgóður. Ritualið var nýnæmi. Staðið undir söng sálmanna. Setið undir upplestri úr bibliunni, trúarjátningu og faðirvorri. 1) Sunginn sálmur. 2) Prestur las vita hins

látна, einfaldar staðreyndir, og sagði að lokum, að hann hefði þjónað vel sínu föðurlandi. 3) Þá sálmur. 4) Þá víxlsöngur milli prests og safnaðar yfir trúar-? játningu. 5) Þá sálmur. 6) Bænir. 7) Sálmur. Hverrar trúar hinn látni hefur verið veit ég ekki. Spurði frú Pór hvað hún héldi, og gat hún ekki sagt það með vissu. Líkast kapólsku, en þó vantaði kapólskan blæ. Kanske ensk high church eða eitthvað þessháttar. Ég spyr.

#### Priðjudagur 2. mai:

Talaði ~~mið~~ í gær við Einar Arnórsson út af veitingu docentsembættis í guðfræðideild og ráðgerðan umsagnarfrest til 31. p.m., sem væri allt of stuttur. Hann samþykkti það og lofaði að tala við sr. Sigurbjörn Einarsson sem eventúel umsækjanda.

Ráðherrafundur með vegamálastjóra um kröfur Alþýðusambandsins. Samþykkt að verða ekki við kröfunum og ef verkfalli yrði lýst, þá að hefja málatilbúnað gegn Alþýðusandinu.

#### Miðvikudagur 3. mai:

Verkfall Alþýðusambandsins í vega- og brúagerð. Einari Baldvin Guðmundssyni hrl. falið að hefja mál.

Vilhjálmur Pór fór til Akureyrar. - Einar Arnórsson hefur ekki látið mig heyra neitt frá sér um docentsembættið.

Fimmtudagur 4. maí:

Fékk pr. Stokkhólm símskeyti frá Chr. X. konungi, sem í niðurlagi þess lýsir því, að á meðan Ísland og Danmörk eru hersett, geti hann ekki viðurkennt breytt stjórnarform á Íslandi, sem ákveðið hafi verið af Alþingi og stjórn án samninga við hann og óskar hann petta birt þjóðinni og stjórninni. - Eg bar petta þegar undir Einar Arnórsson og taldi hann, að petta myndi engu breyta. Hann og Björn Ólafsson eru á sama málum og ég um að petta skeyti eigi að birta eins og farið er fram á. Vilhjálmur Þór var ekki við í bænum en ég sagði honum frá þessu sem og að ég hefði boðað formenn flokkanna á fund kl. 10 til þess að birta þeim petta. - Ríkisstjóra sendi ég afrit til Pingvalla en þar er hann. Hann létt ~~Annars~~ Clausen bera boð um, að ég skyldi hringja hann upp á morgun ef svo sýndist. Annars sagði hann ekkert annað.

Haraldur Guðmundsson sagði, að Alþýðuflokkurinn myndi kjósa Svein Björnsson en þó væri hugsanleg einhver önnur samsteypa og væri þá Alþýðuflokkurinn óbundinn.

Föstudagur 5. maí:

Haldinn fundur kl. 10 með flokksformönnum um konungsboðskapinn. Allt fór þar skaplega. Aftur fundur kl. 3 með fulltrúum flokkanna og var góð eining. Samið álit og yfirlysing ríkisstjórnarinnar og flokkanna um konungsboðskap til birtningar og varð gott samkomulag.

Talaði við ríkisstjóra á Pingvöllum kl. 12,30. Hann vildi helst, að ekkert væri sagt út af konungs-Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

boðskapnum. Var ánægður yfir að vera ekki heima.

Vilhjálmur Þór sagði mér eftir Johansson Svíassendifulltrúa, að hann vissi, að boðskapur konungs væri ekki runninn undan rífum Fontenay; hann hefði skrifað bréf á allt aðra leið, sem farið hefði um hendur ~~Johansson~~ Johansson. Þetta er gott. Þá er þetta líklega ekki mallað í London á fundi Dana þar.

? Pví að sama er að segja um Kaufmann. Shepherd Bretni sendiherra er af öllum vilja gerður. Mr. Morris mun segja Vilhjálmi Þór í kvöld eitthvað tíðinda. Eg í boði hjá Vilhjálmi Þór með Mr. Morris, sem nú er að fara. Þar var Hermann Jónasson. Ánægjulegt boð. Þar var og Björn Ólafsson og hans ágæta frú.

?

Ríkisstjóri sagði mér í samtalinnu kl. 12,30, að Mr. Shepherd hefði talað lengi við hann í gær, og Vilhjálmur Þór talaði við hann í dag og mun tala við hann aftur seinna á morgun.

#### Laugardagur 6. maí:

I blöðunum er birtur boðskapur konungs og svar ríkisstjórnar og stjórnmálflokka. Svarið er kalt en ekki ókurteist, að mér finnst. Var ekki hægt lengra að komast í því að hafa það einfalt og virðulegt án nokkurs brodds til Rex út af því að koma nú fram.

Svarið var samið af þessum að afloknunum fundinum kl. 3: 1) Bjarna Benediktssyni, 2) Einari Olgeirssyni, 3) Hermanni Jónassyni, 4) Stefní Jóhanni Stefánssyni og 5) mér. Við þrír síðasttöldu unnum saman að því að hafa það sem hófsamlegast. Annars var ég smeykur um að hinir tveir fyrsttöldu myndu bóligna upp, en ég ætla, Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að eins og það varð, hafi verið hið bezta, sem vænta mátti.

Alþýðublaðið setur hvorttveggja rétt upp, en hin blöðin ekki.

Ég símaði til ríkisstjóra á Þingvöll og sagði honum hvernig allt hefði gengið til og yfirlýsingin væri eftir atvikum hin skársta. Hann var ánægður yfir að vera ekki viðlátinn. Ég sagði honum, að Vilhjálmur Þór mundi síma til hans, er hann kæmi í bæinn, en hann er fyrir austan fjall í dag, hvað að starfa eða hvar, veit ég ekki.

Árni Pálsson próf. hringdi til míð og var svart-sýnn og taldi yfirlýsinguna að efni til rétta en ekki nógú kurteislega. Það væri komið á daginn, sem hann hefði grunað. Hann taldi þó, að rex hefði átt að láta heyra til sín fyrr.

Ég hringdi til Stefáns Jóhanns Stefánssonar og kvaðst hann ekki hafa heyrt óánægju með yfirlýsinguna og var sammála mér um að betri hefði hún ekki getað orðið með samstarfsmönnum.

#### Sunnudagur 7. maí:

Fór ásamt Vilhjálmi Þór til Þingvalla að tala við ríkisstjóra. Hann skýrði frá viðræðu Shepherd við sig, er hann kom til Þingvalla í fyrri viku. Vilhjálmur skýrði og frá samtali við hann. Svo og samtali við Morris. Samræður hafa farið fram milli London og Washington um íslenzk mál, en vitleysa hefur það verið, sem Thór Thors skrifaði hingað um ~~Mr.~~<sup>orð</sup>/Mr. Cummings. Ríkisstjóri var áfram um það, að ég sendi Rex orðsendingu Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur og mun ég íhuga það.

Mánudagur 8. maí:

Talaði við Einar Arnórsson og Hermann Jónasson um að ég sendi Rex viðurkenningu fyrir boðskapinn. Peir ekki principielt á móti. Ég símaði til ríkisstjóra og bað hann um "recept". Hann tók því vel.

Vilhjálmur Þór búinn að fá þá "idé" að "boðskapur" Rex kynni að vera falsaður. Engin trygging fyrir, að hann stafaði frá honum. Ég maldaði í móinn. Það að vísu ekki skiljanlegt, að hann kæmi svona seint, en ástæðuna til þess, væri ekki að svo stöddu hægt að finna. Ég tala nánar við hann á morgun um þetta.

Alþýðusambandið boðar samúðarverkfall þann 16. hjá 5 ríkisstofnunum. Við fáum sjá hvernig framvindan verður þar.

Alexander Jóhannesson talaði við mig í dag, og sagði mér eftir Bjarna Bendiktssyni, þó fullum, að mikill hluti Sjálfstæðisfloksins mundi kjósa Sigurð Eggerz forseta. Kannske gera sér þeir það til skammar og landinu til álitshnekkis og lýðweldismálinu til niðurdreps í augum þeirra, sem mest riður á að halda virðingu sinni uppi, Breta og U.S.

Priðjudagur 9. maí:

Fundur með utanríkismálanefnd um skrif blaða Svíða. Teknar ýmsar ályktanir um þetta með góðu samkomulagi.

Talað milli ráðherra um Rex-orðsendingu og samþykkt að biðja Finsen um að komast eftir um upphaf hennar.

Fékk "recept" frá ríkisstjóra og afskrifaði og sýndi meðráðherrum. Peir ekki alveg ánægðir. Einar Arnórsson sagði hann of royalan. Afritaði skeytíð og er það nú Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til yfirvegunar. Verður brætt að fullu á morgun.

Miðvikudagur 10. maí:

Orðsending mín til Rex athuguð. Einar Arnórsson  
vill ekki hafa hana eins og ég. Björn Ólafsson vildi  
einnig breyta. Vilhjálmur Þór ekki athugasemdir. Ég  
skrifaoði hana af nýju og ætla að leggja hana fyrir  
formenn flokkanna á morgun.

Hvernig fer með vegavinnuverkfall óvist. Þeir  
vilja, að ég ætla - kommar og eventuelt íhald - ekki  
láta dóm ganga, svo stjórnin fái enga uppreist.

Ímis mál til athugunar með ráðherrum í dag. Sér-  
staklega farmgjöld Eimskip.

Fimmtudagur 11. maí:

Biskup kom og fór vel á með okkur. Hann var  
ánægður yfir hugmynd um prestsetrin, sem ég lét uppi  
við hann.

Fundur með formönnum flokkanna um svarskeyti  
frá mér viðvíkjandi orðsendingu konungs frá 2. maí.  
Féllust allir á principið og í meginatriðum á efni  
og orð símskeytis, sem ég hafði samið. Nokkrir vafn-  
ingar urðu á eftir en allt liðkaðist. Einar Olgeirsson  
var tiltölulega góður. Stefán Jóhann Stefánsson sagði  
ríkisstjóra vera umboðsmann konungs; því neitaði ég  
eindregið og aðrir tóku undir það. - Útbjó ég skeytið  
að fullu til Rex og var það síðan sent.

Fór með Vilhjálmi Þór og Birni Ólafssyni að óska  
Einari Jónssyni myndhöggrára til hamingju.

Hákon Bjarnason og Guðbrandur Magnússon báðu mig um stutta ræðu á skógræktardegi og samþykkti ég það eftir nokkurra klukkutíma hlé. Veit þó ekki hvað segja skal ennpá.

Vegavinnuverkfallið stendur enn.

Föstudagur 12. maí:

Talaði við ríkisstjóra á Pingvöllum að ég hefði í gær sent Rex skeyti. Hann létt vel yfir. Sagði mér, að hann mundi ekki á sér bæra um "yal" fyrr en eftir 23. þ.m. Ég létt vel yfir. Hann mun vilja komast frá Pingvöllum eftir helgi en mjög er kalt þessa daga.

Við Vilhjálmur Þór töluðum um vegavinnuverkfallið. Hann hefur ~~þá~~ ýmsar áhyggjur af því, sem von er en Björn Ólafsson er hnarrreistur. Einar Arnórsson reiknast varla með í þessu. Ég er svipaðs sinnis og Vilhjálmur. Vil fá hliðhollan dóm ef unnt er og semja svo frjálst.

Laugardagur 13. maí:

Fór í afmæli Ásgeirs Ásgeirssonar 50 ára.

Skeytið til Rex birt á íslenzku í útvarpi í kvöld og verður birt í blöðum á morgun.

Einar Arnórsson að byrja prófdómarastörf.

Ég, Vilhjálmur Þór og Björn Ólafsson töluðum um aðferðir í vegavinnuverkfallinu. Erum nú allir á sömu línu. Ég talaði privat við sáttasemjara og létt hann vita, að rétt væri að preyfa fyrir um samningamöguleika, en engan veginn vegna eða fyrir stjórnina. Lét hann heyra, að við værum hvergi smeykir. Hann skildi þetta allt og Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

starfar eftir því. Var petta samtal mitt við sáttasemjara samkvæmt umtali okkar priggja.

Sunnudagur 14. maí:

Birt í blöðum skeyti mitt til Rex. Ölundarlegt í Morgunblaðinu en innrammað í Alþýðublaðinu. Ekki séð önnur blöð.

Grein birt í blöðum hér úr The Scotsman, þar sem studdur er okkar málstaður gegn Rex.

Talað við engan. Sat heima og er að gutla við að hugsa um ræðukorn í útvarp um söfnun fyrir Landgræðslusjóð. Hvort nokkur veigur verður í henni er enn óséð.

Mánudagur 15. maí:

Ég var að skrifa niður þessi orð míni á morgun í útvarpinu. Annars ekkert fréttnæmt. Hef ekkert heyrt um vegavinnuverkfallið.

Priðjudagur 16. maí:

Borgarstjóri talaði við mig um tvö málefni, fæðingarheimili og húsabyggingar bæjarins. Hann var kurteis.

Unnið að samningum í vegavinnunni.

Ég hélt 6 mínútna ræðu í útvarp fyrir Skógræktarfélagið. Valtýr Stefánsson var í útvärpsbiðstofu og þótti erindið gott. Þórði sömuleiðis. Ég held það hafi tekist vel.

Miðvikudagur 17. maí:

Var kl. 10 við messu sr. Bjarna Jónssonar fyrir Norðmennina.

Var ljósmyndaður af hermanni frá Associated Press, það á/að vera vegna júní athafnanna.

Fundur ráðherra, sáttasemjara og Geirs Zöega og Gunnlaugs Briem um vegamálín og sögðum við okkar úrslitaorð hér um bil.

Uppstigningardagur 18. maí:

**Samningar** gerðir um vegavinnu.

Ók upp í Skíðaskála með Einari Arnórssyni og Halldóri Jónassyni.

Einar Arnórsson ræða í útvarp, ansi köld í garð Dana og ýmis áróður ansi péttur með upplestri á kvæði Stefáns frá Hvítadal um Skúla fógeta. Einar Olgeirsson las úr Nýjum félagsritum 1848 eftir Jón Sigurðsson. Ennfremur um Norðurreiðina 1848. Þá úr Íslandi Þorsteins Gíslasonar 1897. Lesin ljóð saman í Pjóðfrelni Fornúlfss um Kópavogseiða o.fl.

Föstudagur 19. maí:

Verkfall Alþýðusambandsins dæmt ólöglegt. Stjórnin bjargaði þar með sæmd sinni.

Frá Washington kom tilkynning, að forseti U.S.A. sendi sérstakan ambassador til að vera viðstaddan lýðveldisstofnun. ~~Ísland~~ Isinn þar með brotinn og munu fleiri á eftir koma.

Símskeyti frá Krabbe um að skeyti mitt komið og sent Rex og birt. Sagði ennfremur, að réttast væri Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áður en ályktun Alþingis væri gerð, en eftir að atkvæðagreiðsla væri lokið með yfirlagnæfandi meirihluta, að senda Redegörelse. Þetta mun gjört.

Laugardagur 20. maí:

Fyrsti atkvæðadagur. 100% kjörsókn í mörgum hreppum. Um 12000 í Reykjavík; ætti að verða 22000 á morgun samtals. Annars ekkert. Flaggasíði í Reykjavík víða. Eg féllst á það líka á Stjórnarráðs og Alþingishúsinu. Stref um flöggun á Menntaskólanum og barnaskólanum á Akureyri en þó varð það svo.

Sunnudagur 21. maí:

Annar atkvæðadagur. Kosningahluttaka mjög mikil. Talaði við Vilmund Jónsson landlækni út af bréfi hans um "trúnaðareið hans konungi til handa." Það fór vel á með okkur. Hann er afar gramur út úr hinum óskammfeilna atkvæða áróðri. Gagnrýndi mjög ræðu Ólafs Lárussonar um Áshildarmýrarsamþykkt og ræðu Einaðs Arnórssonar ráðherra. Hann taldi Þjóðverja fullkomnasta þjóða. Hún yrði sigruð, en síðan sigraði það versta í þeirra fari, einræðisstefnan og hinn skefjalausi áróður sigurvegaranna. Ennfremur sagði hann, að atkvæðagreiðslan sem nú stæði yfir hjá okkur, væri upphaf að ofbeldis- og einhliða áróðursatkvæðagreiðslum síðar. Hugsana- og valfrelsi væri brátt úr sögunni hjá oss. - Sitthvað er til í þessu öllu saman.

Eg sagði Eyjólf fi Jóhannssyni formanni landsnefndar að tala við Einar Arnórsson um að leggja fyrir yfirkjörstjórnir að geyma kosningaseðlana að lokinni talningu

Annars hef ég engan hitt og dagurinn er eins og veðrið: þurr - þoku - dumbungslegur.

Mánudagur 22. mai:

Priðji atkvæðadagur. Eg talaði við próf. Alexander Jóhannesson og hafði hinn mesta munsöfnuð í tilefni af framferði Sjálfstæðis- og Socialistaflokksins um að hafa ekki komið sér niður á að ákveða forsetaefni.

Talaði við ríkisstjóra og lýsti við hann hugsunum mínum um hátíðahöldin og og símskeyti Krabbes um Redegörelse til Res. Hann taldi rétt að síma Krabbe strax um viðurkenningu forseta U.S. og var Vilhjálmur Þór kallaður til. - Minnst á að undirskrifa skyldi stjórnarskrána. Það geymi ég hjá mér.

Ráðherrafundur á Bessastöðum með ríkisstjóra og aðallega talað um fulltrúa erlendra þjóðhöfðingja, sem kunna að verða viðstaddir lýðveldisstofnunána. Hvernig að þeim skuli búið og með þá farið formlega og réttilega 17. júní. Í ráði að veizla verði hjá forseta á Bessastöðum að kvöldinu og þá hlýtur veizla forseta sameinaðs Alþingis á Pingvöllum að kveldi að falla niður. En hann í þess stað að stýra veizlu hinn 18. að Hótel Borg.

Priðjudagur 23. mai:

Fjórði atkvæðadagur. Ekkert sérstakt til frásagnar; hefi enga hitt.

Miðvikudagur 24. mai:

Hitti ríkisstjóra og afhenti hann mér uppkast,

sem hann hafði gert af Redegörelse til Krabbe handa Rex að afstaðinni atkvæðagreiðslu. Ég las hana og fannst hún ekki of undirdánug í svipinn og sagðist mundi sýna hana collegum og ef til vill senda síðan ef þeir samþykktu.

Við athuguðum hana síðan. Fyrst Einar Arnórsson og hann vildi sleppa stórum kafla, sem væri of royal. Björn Ólafsson var og á sama máli en Vilhjálmur Þór ekki eins. Það varð niðurstaðan að við skyldum ekki senda Redegörelse nema í samráði við/flokkana. Ég tók síðan uppkastið með mér og hef nú samið annað, sem ég held/sé heldur gott og mun nú bera það undir collegana.

Ennþá allt í grænum sjó um forsetaval. Talaði við Einar Arnórsson, sem hafði kynnt sér Komma. Þeir vilja vera auðir. Sagði Sjálfstæðið aðeins 2 með Sveini Björnssyni, hina í óreiðu. Þetta er ljóta standið.

#### Fimmtudagur 25. maí:

Ríkisstjóri lasinn, kom ekki í bæinn. Vilhjálmur Þór fyrir austan fjall.

Barst símskeyti frá Thor Thors í Washington, þar sem sýnilegt er að hann er að reka pólitík upp á eigin hönd. Vill láta bjóða Kaufmann danska á lýðveldishátiðina, sem dæmdur er landráðmaður af Nazistum í Danmörku. Þetta getur komið okkur í verstu klípu. Hér þarf gætni og athugun.

Föstudagur 26. mai:

Ríkisráðsfundur í skrifstofu forsætisráðherra.

Ríkisstjóri léti uppi, að hann vildi, að stjórnin léti flokksformenn vita, að tími væri kominn til að kveða upp úr með það í trúnaði hver ætti að verða forseti. Hinn 1. júní fær hann að gera ráðstafanir til að flytja frá Bessastöðum og segja upp þjónustufólki og pakka eignum sínum og fá sér hús.

Fundur með formönnunum flokka um Redegörelse til Krabbe og Rex.

Laugardagur 27. mai:

Gunnar Pálsson kom og var að spyrjast fyrir um veitingu fógetaembættisins. Hann kveðst munu fara, ef hann fær ekki.

Pá var fundur með formönnunum flokkanna um orð-sendingu til sendiráðs í Danmörku til birtingar konungi og dönskum stjórnarvöldum. Var fallist á Redaktion mína og við bætt hlýyrðum í skeyti, sem ég sendi Krabbe til eigin afnota. Þetta verður gert þegar talning hefur farið fram allsstaðar.

Minntist á við flokksformenn óviðurkvæmni þess, að vita ekki hver kjörinn yrði forseti fyrr en fáum dögum fyrir 17. júní. Ólafur Thors tók undir þetta, hvað sem annars hann kann að snúast. Einar Olgeirsson sagði lítið. En ég talaði við hann einslega á eftir og sagði honum mína meiningu. ~~Í~~ Eg sagði að stjórnarskráin skipaði, að formleg kosning ætti að fara fram á Lögbergi, en ekki höfðu peir athugað það, og höfðu samþykkt að hafa það öðruvísi og lýsa þar aðeins

kosningu. Hvernig þeir hafa þetta er óvist.

Hvítasunnudagur 28. maí:

Fór í kirkju til sr. Bjarna, sem hélt ræðu af hita og hafði upp kafla úr ræðu sinni s.l. sunnudag, af því að breitt hafði verið út, að hann ~~hefði~~ pá úr pre~~messi~~ andæft stofnun lýðveldis. Hann sannaði, að það var villandi túlkun á ræðu hans.

Ég annars heima og hef verið að hugsa um með hvaða orðum ég á - ef áfram verð í núverandi stöðu - að setja Hátiðina á Þingvöllum 17. júní. Það verða aðeins 5 mínútur, en það skiptir máli að komast rétt frá því, segja eitthvað, sem verkar á áheyrendur og landslyð.

Annar í Hvítasunnu 29. maí:

Ég fór að Bessastöðum og talaði við ríkisstjóra um skeytasendingu til Danmerkur og forsetakjör. Enn óvissa. Hann var gramur og hótaði að skrifa þann 1. júní og gefa ekki kost á sér. Ég lagði að honum að taka við kjöri, hann yrði að gera það, annað væri hinn mesti óskundi, calamitet. - Ég veit ekki hvort ég ræðst á Ólaf Thors á morgun, til þess að fá úrslit.

Priðjudagur 30. maí:

Talaði við ríkisstjóra tvisvar. Hann hringdi og sagði, að hann væri hættur við að skrifa Alþingi eða flokkunum, en léti vitnast hinn 1. júní, að hann hefði aðvarað þjónustufólk sitt o.s.frv.

Atkvæði ekki komin enn, en koma í fyrra málid úr Norður-Ísafjarðarsýslu og Norður-Pingeyjarsýslu og þá verða send skeytti til Rex og Danmerkur frá stjórninni og frá mér til Krabbe og frá ríkisstjóra Sveini Björnssyni til Rex.

Fontenay var að senda aðvörun.

Sjálfstæðisflokkurinn heldur á morgun fund um hvern peir vilja kjósa forseta. Loksins.

#### Miðvikudagur 31. maí:

Engin niðurstaða á Sjálfstæðisfundinum, sagði Jakob Möller mér kl. 8,30, en framhald á morgun, sem hann gerði sér þó ekki vonir um að mundu leiða til niðurstöðu, en hann talar við mig milli kl. 10 og 11 á morgun. Allir voru þó á eitt sáttir um að flýta þyrfti afgreiðslu.

Ríkisráðsfundur í morgun. Ríkisstjóri vék mjög að þessu málí og virðist hann vera mjög preyttur á óvissunni. - Annars talað um, að Vilhjálmur Þór eða utanríkisráðherra flytji í ráðherrabústaðinn, enda mun hann til í það í sjálfu sér.

Mikið talað um tilraunir Sjálfstæðisflokknsins til að mynda stjórn og Morgunblaðið slær fast á þá trommu nú fyrir 17. júní. Heldur var **Jakob Möller** vonlítill um árangur þar.

#### Fimmtudagur 1. júní:

Talaði við Jakob Möller, sem sagði mér nánara af viðleitni Sjálfstæðisflokknsins til að mynda stjórn og

velja Sigurð Eggerz sem forseta. Hann taldi lítil líkindi til hvorugs.

Eg talaði við ríkisstjóra og bað hann vera rólegan fram á sunnudag. Hann lofaði því.

Við Vilhjálmur og Björn - Einar ekki við - töluðum ýmislegt, m.a. um bankaráð Útvegsbankans. Björn ráðinn í að skipa Gunnar Einarsson í bankaráð.

### Föstudagur 2. júní:

Talað við Alexander um vandræði vegna sjálfstæðisbröltsins um stjórnarmyndun og vafa um forsetakjör. Hann er í vasa nefndarinnar, en féllest í raun á flest það, sem ég sagði.

Eg veit ekki hversu staffírugur ég á að vera á morgun í tali við Gísla Sveinsson.

Sá ensk - brezka stríðsmynd.

Þetta er allt saman leiðinlegt.

Pórður Sveinsson hringdi og var hissa á vitleysunni í Morgunblaðinu um tilraun til stjórnarmyndunar nú. Það væri líka hreinasta vitleysa gagnvart viðhorfinu út á við.

### Laugardagur 3. júní:

Talaði við Alexander og Gísla Sveinsson um hótíðahaldið á Pingvöllum 17. júní og var Vilhjálmur Pór líka. Var komist að niðurstöðum um nokkur atriði á annan veg en Alexander hafði hugsað og verður samkomulag líklega um það við Gísla. En hvernig miðdegi 18. júní, sem Gísla og Alexander eru mjög áfram um, reiðir

af, er óvist. Því rétt er að bera ráð sín saman við ríkisstjóra um það efni ef flokkarnir komast að niðurstöðu um að velja hann, sem enn er ekki vissa fyrir.

Afhentti Alexander próförk að prógrámi, sem verður að laga.

Stefán Jóhann Stefánsson sagði að opinbert mætti verða, að Alþýðuflokkurinn kysi Svein Björnsson forseta.

Tilraunir um stjórnarmyndun Ólafs Thors standa sem hæst. Það mun verka mjög illa út á við, ef honum tækist að véla menn sína og aðra til þess.

#### Sunnudagur 4. júní:

Boðskapur U.S. forseta, að hann sendi hingað sérstakan sendiherra til þess að vera við stofnun lýðveldis hér, birtur í dag við vígslu Sjómannaskólans af Vilhjálmi Þór, og í útvarpi samkvæmt tilkynningu utanríkisráðherra til blaðamanna kl. 1. Hvernig þetta verkar á Ólaf Thors og kumpána er óvist, vegna stjórnarmyndunarbrasks þeirra.

Sá ríkisstjóra en talaði ekki við hann.

Engar viðræður sérstaklegar en talaði þó við Gísla fer Sveinsson, sem ~~há~~ til Þingvalla á morgun til skoðunar þar.

#### Mánudagur 5. júní:

Fór með collegum og Gísla Sveinssyni til Þingvalla til athugunar umbúnaðar á Lögbergi. Gerðum þar ráðstafanir til bóta og breytinga.

Fór með sömu í hóp til Fontenay í tilefni af deg-

inum. Hr. Fontenay ekki hér á landi, en frúin tók á móti. Þar ~~...~~ var fjöldi manna. Þar sagði Shepherd Vilhjálmi Þór og hann síðan mér, að Bretastjórn hefði útnefnt Shepherd sem sérstakan fulltrúa ~~mín~~ við lýðveldisstofnun. Góðar fréttir.

Gísli Sveinsson og Alexander á fundi með okkur collegum um dagskrá 17. júní. Hún lagfærð á ýmsan veg í prófórk. Allt í bezta samkomulagi við Gísla og hringdi hann til míni seinna og sagðist hafa hringt til ríkisstjóra við víkjandi lagning kranz við styttu Jóns Sigurðssonar 17. júní að morgni, sem ég hafði haldið fast við að ríkisstjóri gerði, en Gísli hafði og þjóðhátfíðarnefnd talið að forseti sameinaðs Alþingis ætti að gera. Nú var Gísli tilleiðanlegur til að ríkisstjóri gerði það ef hann vildi. Þeir gera út um það mál á morgun. Ég þakkaði Gísla fyrir þetta.

Dagurinn því alls verið hinn ánægjulegasti.

Ég er að basla við að hugsa um og setja saman orð míni 17. júní.

#### Priðjudagur 6. júní:

Tilkynnt viðurkenning Hákonar VII. Noregs konungs og stjórnar hans á stofnun lýðveldisins.

Var á sýningu kvíkmyndar Rússa í boði sendiherra Krassilnikow, "Pétur I". Var hún afburða snjöll.

? Pá var ég með Vilhjálmi Þór og biskupi og frúm og ríkisstjórafrú og ekkju Gunnlaugs Einarssonar hjá fjármálaráðherra og frú hans í boði um kvöldið. Ágæt veizla.

stjórnarmyndun og forsetakjör. Þetta er allt skammarlega seint hjá þeim.

Miðvikudagur 7. júní:

Stendur allt við sama um pólitískra drabbið, Nú er komið á síðasta dag um veizluboð og stendur nú til að taka fullnaðarákvörðun á morgun. Er þetta allt erfitt en líklega á að tvískipta í Háskólanum.

Fimmtudagur 8. júní:

Samræða ráðherra við ríkisstjóra um veizlur, boð til Christmas Möller o. fl.

Fundur með formönnum flokkanna um boð til Christmas Möller og birt svarskeyti frá Krabbe um að Rex vilji ekki úttala sig frekar.

Er að basla við boð í veizlur en er ansi óþægilegt.

Föstudagur 9. júní:

Allt í grænum sjó með veizlu ríkisstjórnar vegna lýðveldisstofnunar. Átti að verða í Háskólanum, en nú skipa flokkarnir fyrir um, að hún verði á Hótel Borg og að hún verði tekin leigunámi með lögum.

Var hjá Vilhjálmi Þór við móttöku Richard Beck.

Kvittur stöðugt uppi um að ný stjórn verði mynduð nú næstu daga, jafnvel fyrir 17. júní og trúir Einar Arnórsson hálfgert á það. Æg finn ekkert á mér um hvað verður í þessu.

Laugardagur 10. júní:

Alþingi kom saman. Þeir las bréf ríkisstjóra um framhald funda og var svo fundi slitið.

Athuga með Alexander og Einari Arnórssyni hverjum yrði að bjóða í Borgarveizluna.

Orðrómur um stjórnarmyndun og voru fyrystumenn flokkanna á fundi inni í herbergi Sjálfstæðisflokkssins um 5 leytið í þessu skyni án efa.

Svíastjórn viðurkennir lýðveldið með Johansson sem sérstökum fulltrúa á Pingvöllum þann 17. að Löbergi.

Sunnudagur 11. júní:

Pjööviljinn gagnrýnir réttilega, að hátiðarnefnd og ríkisstjórn haldi veizlu fyrir einhverja útvalda þann 18. júní. Einar Arnórsson las þetta fyrir mér.

Eg náði í Hermann Jónasson og bað hann að koma í veg fyrir, að flokkarnir fáru að gefa út lög á þingi um leigunám Hótel Borgar og skýrði fyrir honum, að skera yrði niður um 1/3 þeirra, er bjóða bæri í veizlu. Stakk upp á að Forseti héldi eða tæki á móti kveðjum í Háskólanum og ríkisstjórnin hefði þar veitingar um leið kl. 5 - 7 og þá væri starfi forseta lokið þann dag og hátið á enda um kvöldið, en fólkis gæti lifað að vild sinni.

Hefi verið heima og við engan talað. Vilhjálmur Þór á Pingvöllum og Alexander líka. Þarf að íhuga þetta grandgæfilega á morgun.

Kvittur er á kreiki um að stjórnarmyndun flokkanna sé frestað til haustsins.

Gísli Sveinsson tilkynnti kl. 10,50 e.h. eftir umboði frá formanni Sjálfstæðisflokkssins, að ef ég væri ~~xxxx~~ viss um að 20 menn af Framsókn og Alþýðuflokk kysu Svein Björnsson sem forseta, þá væri svo margir menn úr Sjálfstæðisflokknum, sem greiddu honum atkvæði, að kosning hans væri viss.

Vilhjálmur Þór talaði við mig á eftir, og lýsti ég fyrir honum hugmynd minni um móttöku í Háskólanum og féllst hann á það að öllu. - Gísli Sveinsson vildi láta boða formenn flokka til fundar á morgun með ríkistjórn og forsetum Alþingis og ræða þessa hugmynd og skýra hana fyrir mönnum. Petta ætla ég að gera.

Eg reyndi að ná í Bessastaði kl. 11,05 og aftur kl. 11,10 - þá með aðstoð Landssímans aftur - en allt áangurslaust, enginn gegndi.

#### Mánudagur 12. júní:

Aðalefni dagsins umræður um veizluhaldið, sem Alexander og Gísli Sveinsson eru svo áfjáðir í. Fyrst á fundi um miðjan dag með forsetum og flokksformönnum á niðurstöðu. Síðan skrifar hátíðarnefnd bréf og krefst Reception kl. 4 - 6 og veizlu kl. 7,30. Þar sem stjórnin vildi ekki ganga góðfúslega inn á þetta, setti nefndin þetta með forystu Gísla Sveinssonar undir fund allra þingmanna á lokuðum fundi. Voru síðan greidd atkvæði, 24 já, 8 nei, 13 greiddu ekki atkvæði. Var veizlan talin samþykkt af forseta.

Priðjudagur 13. júní:

Hespuð í gegn á Alþingi í dag leigunámslög á Hótel Borg. Send út boðskort til veizlu að nokkru eða meiri hluta.

Lokaður þingmannafundur um ýmislegt hátiðahaldinu á Pingvöllum viðkomandi.

Annars ekkert sérlegt.

Miðvikudagur 14. júní:

Ýmislegt vastur vegna hátiðahaldanna og veizlunnar á sunnudag. - Ríkisráð.

Sýndi Einari Arnórssyni áformuð ávarpsorð míni/17. <sup>pann</sup>

á Lögbergi. Hann athugaði réttilega tvær setningar.

Samin símskeyti til Vestur-Íslendinga og þakkar-  
skeyti til forsætis- og utanríkisráðherra Norðmanna  
í London.

Stjórnarmyndunargutlið ekki alveg úr sögunni,  
en liftið þó aðhafst.

Fimmtudagur 15. júní:

Ýmislegt annríki. Fundir á Alþingi, samning  
þakkarskeyta og veizlu- og hátiðarundirbúningur.

Nú mun tilraunum til stjórnarmyndunar alveg hætt.  
Jónas Jónasson hefur brosað mjög að öllu því vastri  
og kallar stjórnartilraunina Ólafíu Hermannsdóttur  
eða Hermanniú Ólafsdóttur.

Föstudagur 16. júní:

Richard Beck mætti hjá ríkisstjóra í návist allra

ráðherra og flutti ávarp og kveðju og skjal til ríkisstjóra, sem verndara Þjóðræknisfélagsins og þakkaði ríkisstjóri og síðan tók Vigfús Sigurgeirsson mynd af öllum hópnum og síðan af okkur og ríkisstjóra.

Kl. 1,30 var hátfjölegur fundur í Sameinuðu Alþingi. Þar flutti ég tvær ræður, aðra fyrir tillögu um sam-bandsslitin og gildistöku stjórnarskrár og las ríkisstjórabréf um fund Alþingis á Pingvöllum. Ýmislegt fleira var ráðslagað um.

#### Laugardagur 17. júní:

Lýðveldi sett á stofn að Lögbergi.

#### Sunnudagur 18. júní:

Procession, ræðuhöld og veizla í Reykjavík að Hótel Borg, sem ég stýrði að nafninu til. Hún var hávirðuleg og strömm og var staðið upp frá borðum kl. rúmlega 11 - byrjað kl. 8, komið kl. 7,30. Eftir rabb við ýmislegt fólk datt í mig að fara kl. 12,20.

#### Mánudagur 19. júní:

Allt sagt gott frá veizlunni. Hjalti Jónsson símaði til míni og þakkaði og sagði þá beztu og virðulegustu veizlu, sem hann hefði setið. Hann fór á 4. tímanum og sagði hann að enginn hefði verið drukkinn.

Mér þótti í raun hálfleiðinlegt að ég skyldi hafa farið svona snemma og tel ég víst að sumt gott fólk muni hafa saknað míni, og það, sem mér bykir vænst um. Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég frétti það nú seinna.

Á lokuðum fundi í Alþingi í dag. Þingmenn virðast hafa verið ánægðir og þökkuðu mér flestir fyrir kvöldið. En líklega hef ég farið mjög ánægjulegra stunda á mis með því að vera ekki lengur í veizlunni. Kánske vinn ég það upp seinna.

Jóhannes úr Kötlum heilsaði á mig í veizlunni og var mjög ánægður yfir að hafa verið boðið. Ég létt í ljós ánægju mína yfir kvæði hans, og kvað hann hafa ort í sama hug og 19. aldar skáld, sem ég hafði ekki búist við. Hann kvað stemninguna hafa verið svona og talið að við petta tækifæri ætti petta bezt við.

#### Priðjudagur 20. júní:

Á fundi í sameinuðu þingi um þingfrestun lýsti ég því að stjórnin mundi víkja þó þingið sæti ekki, ef meiri hluti þings lýsti því, að hann styddi aðra stjórn.

Í fundarlok um leið og ég las þingfrestunarbréf lýsti ég því, að stjórnin hefði haft ánægju af samstarfi við þingið síðasta mánuð og sérstaklega síðan 10. júní.

#### Miðvikudagur 21. júní:

Lét birta í dag orðrétt konungsskráfríði frá 17. í sambandi við orðsendingu frá forsetum Alþingis til Rex.

Sýnd mynd í Gamla Bíó frá hátiðahöldunum 17. og 18., þar sem sýndar eru margar velteknar myndir, þótt Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ófullkomið sé sem kvíkmynd.

Gleymdi í gær að geta þess, að í lok fundarins lýsti ég því, að ég væri ekki hrifinn af að koma saman með þinginu aftur upp á sömu kjör og áður - að undanteknum síðustu mánuðum - og óskaði, að þinginu mætti auðnast að ná meiri samheldni og mynda sjálft stjórn, ekki "hégóma tildurssstjórn" heldur leyst "sterka stjórn, sem/gæti vandamálin". Þetta eru kallaðar stórpólitískar yfirlýsingar, en ekki er út af þeim lagt í dag eða ég atyrtur fyrir.

Gremja mikil meðal fólksins yfir auðu seðlunum 15 við forsetakjör. Þórður Sveinsson m.a.

#### Fimmtudagur 22. júní:

Ráðherrafundur um ýmis mál. - Fundur með borgarstjóra og landlækni. - Talað við Hörð Bjarnason. Alexander Jóhannesson.

Boð á Bessastöðum fyrir diplomata og hæstu toppa. Sat hjá Esmarch milli hans og við hægri hlið forseta. Ánægjuleg veizla. Drukkin skál Dana - U.S., Breta - Norðmanna, Svía, Rússa, Frakka, Hollendinga og Suður-Ameríku ríkja - og leikinn að lokum þjóðsöngurinn. Fór kl. 11,45.

#### Föstudagur 23. júní:

Ásgeir Ásgeirsson kom til míni og talaði um Rafns-eyri og var mjög þakklátur fyrir að hann var valinn í sendiför vestur á fjármálaráðstefnuna.

Vilhjálmur Þór fór norður. Ég, Einar Arnórsson og Björn Ólafsson tölzuðum um náðanir í tilefni af lýð-Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veldisstofnuninni og verða þær all viðtakar.

Einar Arnórsson vill launabót til sýslumanna, en ég set skilyrði, að prestar verði með.

Laugardagur 24. júní:

Talaði við sr. Magnús í Ólafsvík um prestseturs-hús. Biskup um flutning á prestum í boð til Bessa-staða. Halldór Kr. Júlíusson um starf handa honum, sérstaklega eftirlit með útlendingum.

Hugsaði um breytingar á reglugerð fyrir Fálka-orðuna.

Gísli Sveinsson símaði til míni um veizlukostnað.

Sunnudagur 25. júní:

Setið heima, þó inndælisveður.

Hef verið að hugsa lítillega um nýja reglugjörð fyrir fálkaorðuna og grein í Skírni um lýðveldið.

Útvarpið endurvarpaði af plötum athöfninni á Lögbergi 17. júní og nokkru meira og tókst vel.

Mánudagur 26. júní:

Talaði við forseta um Fálkaorðuna. Ég minntist ekki á fangam. S.B. og hann ekki. Ég læt það hjá líða og sem nú uppkast mitt. Hann minntist á aðra orðu, enn þá finari. Ég taldi tormerkí á því. Við það lækkaði Fálkaorðan í verði. Enga "suverain" orðu. Hækka heldur Fálkaorðuna í gildi. - Hann minntist á að afsala sér verðlagsuppbót. Ég benti á, að það myndi verða talin kaupkúgunartilraun niður á við. Því varhugavert. -

- Hann kvaðst vilja minnast á þetta við ráðherrana en annað ætlaði hann að gera án ráða þeirra: Bindindi. Æg hafði ekkert á móti því, en þá yrði sagt, að forsetinn væri sjúkur.

Æg talaði við Vilhjálm Pór, Einar Arnórsson og Gísla Sveinsson um útgáfu hátíðabókar. Spurning hvort stjórnin á að annast útgáfu eða selja réttinn. Tölum um það á miðvikudag.

Neitaði Einari Ólafi Sveinssyni að skrifa í Skírni um lýðveldið, hafði fyrr í mánuði ekki neitað.

?                        Ætla láta endurmynda ljósmyndaplötu af mér frá  
?                        1900 frá Á. Thor. og sjá hvernig verður.

Pórður Sveinsson hringdi til mína í fyrradag og nú í kvöld og sagði mér sögu eftir merkum manni, sem sagði við Gísla Sveinsson: "Petta hafa verið erfiðir dagar?" Gísli svaraði: "Já, það hefur verið mikið erfiði" - þögn - "Það er erfitt fyrir einn mann að stofna Republik í einu landi." Maðurinn talaði í alvöru og Gísli sagði sín orð í alvöru. Pórður taldi að þetta ætti skilið að komast á prent og það mundi gera það og segði hann mér þetta svo fleiri vissu en hann.

#### Priðjudagur 27. júní:

Heimsótti Pórður Sveinsson með Halldóri Jónassyni og talaði Pórður mikið um lækningatilraunir sínar og er hann nú með eina, Kreózót í nýmjólk, mjög merkilega ef rétt reynist. Fullkomíð dráp baktería en líkaminn ekki skemmdur. Stórir skammtar af Kreózót hvern daginn

eftir annan. Fengið vitneskjuna "handað að" , eins og Sigurjón Pétursson á Álafossi lækning mæðiveikinnar.

Fontenay kom í gærkveldi og bað um viðtal á morgun. Ég leyfði kl. 10.

#### Miðvikudagur 28. júní:

Ríkisráð. Náðanir. Forseti talaði um Fálkareglugerðina, sem ég afhenti honum uppkast að og Lýðveldispening. Verðlagsuppbót.

Fundur með flokksformönum og borgarstjóra og landlækni um fæðingarstofnun.

Fundur með ráðherra Einari Arnórssyni og Alexander um útgáfu Lýðveldisbókar.

#### Fimmtudagur 29. júní:

Fundur með Gísla Sveinssyni og Alexander um útgáfu Hátíðarrits.

Fór síðan til Pingvalla til að hitta Einar Arnórsson og Vilhjálm Þór (Björn Ólafsson og frú farin í veiðiför) um það og Hátíðarmerki. ~~Kannixxuxugxæðxver~~  
Kann  
?? Kom svo og verði hátíðarpeningar gerðir sem sæmdarmerki.  
Spurning hversu margir eiga að fá hann. Vist c. 75.

#### Föstudagur 30. júní:

Forseti sendi aftur fálkareglugerðina með þremur smá athugasemdum. - Unnið að heiðursmerki lýðveldisins.

Ætlaði að ná í Vilhjálm Þór frá hádegi en tókst fyrst á 7. tímanum. Hann altaf á tali við aðra. Kom loks og hafði engan tíma. Ég drap á þrjú atriði

???

til tryggingar heiðursmerki fálkargj. en það var eins og ekkert interesseraði.-Hann sagði mér í síma f  
forseti  
matartíma, að ~~Hannum~~ óskaði víst að fá dvöl í bænum  
á Pingvöllum og bað mig tilfæra við Harald Guðmundsson,  
sem ég gerði, en hann taldi sig þurfa að tala við  
Jónas Jónsson. Þetta sagði ég Vilhjáli Þór og þótti  
honum miður. Mér líkaði ekki flýtir Vilhjálms.-Hver  
veit nema geti tognað á milli okkar, en það vil ég  
ekki að verði.

Þórður fór í flugvél til Ísafjarðar.

Einar Arnórsson er á Pingvöllum í húsinu.

#### Laugardagur 1. júlí:

Gísli Sveinsson hringdi í morgun kl. 8,30 til  
að kveðja, sagði að við hefðum unnið saman á tínum  
og að störfum, sem alðrei kæmu aftur. Pakkaði fyrir  
samstarfið og galt ég í sama með árnaðaróskum.

Eg fer kl. 8,30 e.h. til Bessastaða á fund forseta  
til þess að sýna honum merki forseta og uppdrátt að  
heiðursmerki lýðveldishátiðarinnar. Talaði við hann  
um tölu þeirra, er fá ættu heiðursmerkið og mun það  
koma í minn hlut að takmarka tölu þeirra, sem atti að  
vera: Forseti, ráðherrar, þingmenn, ambassadorar og  
Krassilnikow, biskup og Richard Beck. Það sem fram yfir  
er þetta dregur aðra á eftir sér, sem ekki ættu að  
vera með.

#### Sunnudagur 2. júlí:

Sat heima, þó inndælisveður. - Sá aftur sýninguna  
í Menntaskólanum. Hún vinnur við nánari athugun. -  
Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björn Ólafsson og frú á laxveiðum, Einar Arnórsson í konungshúsínu og Vilhjálmur Þór á Pingvöllum.

Mánudagur 3. júlí:

Heyrði Einar Arnórsson í síma en hvorki sá né heyrði Vilhjálm Þór. Þeir voru við opnun ljósmyndasýningar Rússa, en ég var þar ekki, en var heima eftir hádegi. Leiðinlegur dagur, en ekkert óhapp hefur þó viljað til.

Priðjudagur 4. júlí:

Sá ekki hé heyrði Einar Arnórsson eða Vilhjálm Þór í dag.

Boðið í cocktail kl. 11 - 12,30 hjá sendiherra U.S. og kl. 5 - 7 hjá General Key U.S. en afsakaði bæði og fór ekki.

Sat heima eftir hádegi. Vildi ekki vera í stjórnarráðinu og ekki á Pingvöllum í konungshúsi, þar sem familia Einars Arnórssonar er nú með leyfi mínu. Mér þykir ekki neitt sérlega skemmtilegt. Herbergi mitt ekki laust nema ég kalli og ég lét það vera að gera það.

Miðvikudagur 5. júlí:

Jónas Guðmundsson vildi fá frið með fullum launum til áramóta. Ég gaf til 1. október.

Hafði tal af Einari Arnórssyni og Vilhjálmi Þór báðum saman. Fontenay er eitthvað óánægður með svör Vilhjálms og eventuelt míni viðvíkjandi stöðu sinni, sem nú svífur í lausu.

Fimmtudagur 6. júlí:

Ekki séð Einar Arnórsson og Vilhjálm Þór. Þeir báðir á Pingvöllum.

Jónas Jónsson hringdi til mín og skrafaði ýmislegt. Ólafur Thors og Hermann Jónasson gætu ekki myndað stjórn vegna þess að þeir byrðu ekki vegna verkfalla. Ekki væri enn tími kominn til kosninga. Fólkið í vímu. Vildi háa vísitölu. Það sem dygði væri stjórn með 1000 manna löggreglu til þess að bæla niður verkföll. Við myndum sitja, hann sagði 2 vikur í byrjun eða 2 ár. Hann sagðist mundu hreyfa því, þó ekki í summar, að forseti fengi konungshús á Pingvöllum til umráða úr því hann seildist til veru á Pingvöllum (fer í Bæinn ~~þingvallagum~~ á morgun en J.J. í þingvallanefnd og telur sig ráða Bænum). Taldi Eystein Jónsson láta skáka sér gegn Vilhjálmi Þór. Kommar væru á leið að vinna sig upp í S.I.S.

Föstudagur 7. júlí:

Björn Ólafsson kominn og gaf mér lax.

Ráðherrafundur um merki forseta o.fl. Einar Arnórsson talaði við Fontenay og fann uppáslettur milli hans og Vilhjálms Þór.

Laugardagur 8. júlí:

Ríkisráðsfundur á Pingvöllum. Þar gefið út úrskurður um fána og merki forseta og forsetabréf um heiðursmerki vegna endurreisnar lýðveldisins. Hverjir eiga að hljóta auk 66 manns, sem eru þegar ákveðnir, óvist, en ekki verða gefin út fleiri en 75. Forsetabréf Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um reglugjörð vegna Fálkaorðu bíður vegna athugana um hvort núverandi orðunefnd er burtfallin eða ekki og mótvilja Ólafs Thors og Jónasar Jónssonar, sem samkvæmt reglugjörðaruppkastinu yrðu að víkja úr nefndinni. - Þá nefndi Björn Ólafsson að semja yrði tillögur til dýrtíðarráðstafana, bera þær fyrir þingflokkana í síðasta lagi 20. ágúst og kalla þingið saman 2. september og segja: 1) sampykkið, 2) myndið stjórn, 3) þingprof. Þetta er líklega rétt, ekki láta reka lengur á reiðanum. En þetta verður að vanda.

#### Sunnudagur 9. júlí:

Heimsótti Jóhannes Jóhannesson, fyrrverandi bæjarfógeta, viðvíkjandi endurskipun orðunefndar gjörð. og breytingu á reglugjörðum Sagði honum áform mitt um að þoka pólitísku foringjunum Ólafi Thors og Jónasi Jónssyni úr nefndinni. Óskaði að mega endurskipa hann í nefndina sem formann og sagði honum að ég ætlaði að leggja til, að Magnús Sigurðsson og Vigfús Einarsson væru áfram og forsetaritari fimmti maður en nýr maður, sem væri aðeins Riddari af orðunni væri skipaður og hefði ég hugsað mér Sigurð Halldórsson, trésmíðameistara. Hann varð við ósk minni að vera áfram í nefndinni og var ánægður með Sigurð Halldórsson. Nú er eftir að tala við hann og ég ætla að hafa varamann í nefndinni og hef ég hugsað mér Matthias Þórðarson, þjóðminjavörð. Verð að tala við hann.

Mánudagur 10. júlí:

Talaði við Matthías Þórðarson og Sigurð Halldórs-  
son um orðunefnd. Er nú að láta ganga frá reglugjörð  
og skipunarbréfum og ætla að bera þetta upp í ríkis-  
ráði á morgun kl. 3 á Pingvöllum, en þar er forseti  
nú, einnig Vilhjálmur Þór.

Priðjudagur 11. júlí:

Ríkisráðsfundur á Pingvöllum kl. 5,50 e.h.  
Fálkaorðan sett á laggir og nefndarmenn skipaðir. -  
Forseti drap á 1) Heimsókn til sýslumanna um land  
víða í stranferð með Ági, 2) Heimsókn til Englands Rex  
og Norðmanna Rex og til Roosevelt, 3) Að ráðherrabú-  
staðurinn væri tekinn í notkun. Rætt um þetta röskan  
hálftíma, einnig í sambandi við væntanlega stjórnar-  
krísu í september þegar stjórnin hefði fram sett  
dýrtíðarprógram. Vilhjálmur Þór vill taka við ráðherra-  
húsi, en um það sé formlegt skjal gjört.

Miðvikudagur 12. júlí:

Lauk við að senda orðunefndarmönnum skipunar-  
skjölin.

Borgarstjóri bauð ráðherrum að Sogi, Ljósafossi,  
á morgun.

Samdi uppkast að afhendingarbréfi til utanríkis-  
ráðherra fyrir ráðherrahúsi, sem ég ætla að bera undir  
Vilhjálm Þór.

? Talaði við Guðjón Samúelsson um ráðningu H. H.  
til skipulagsnefndar. - Einnig við landlækni viðvíkjandi  
matráðskonu Landsspítalans, lífeyri.  
Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudagur 13. júlí:

Fór í boði borgarstjóra að Ljósafossi og voru aðrir ráðherrar þar líka. Tilefni viðbót vélasamstæðu ? 5000 hestafla. Skoðun þar. Kaffidrykkja. Síðan kveldboð á Pingvöllum. Ræðuhöld. Æg varð að segja eitthvað. Pakkaði fyrir mig og óskaði drukkna skál rafmagnsstjóra. Síðan mælti Einar Arnórsson fyrir borgarstjóra og bæjarstjórn. Fórum ~~um~~ af stað frá Reykjavík kl. 1,15 e.m., frá Pingvöllum kl. 9,45 e.h. og hér kl. um 11. Góður dagur.

Föstudagur 14. júlí:

Fór til Voillery. Þar var margt manna.  
??? ~~til móttöku á lýðv. merkis till~~  
Tryggvi Magnússon kom svo að afgr. lýðv. merkis ~~drag~~  
Sá Hermann Jónasson. Hann heldur ygldur.

Laugardagur 15. júlí:

fóru  
Engin tíðindi. Björn Ólafsson og frú ~~xxx~~ á Ping-  
völlum í dag. Buðu mér að koma í dag eða á morgun. Æg  
get ekki, Þórður ekki kominn. - Einar Arnórsson og  
hans fólk tók Clausen kl. 9 í morgun og ég því bíllaus.  
Er heima. Halldór Jónasson kom og talaði pólitík.

Sunnudagur 16. júlí:

Fór til Pingvalla til Björns Ólafssonar og frúar.  
Fundur þar kl. 4 með Vilhjálmi Þór og forseta  
og Birni Ólafssyni um ýmislegt viðvíkjandi dýrtíðar-  
prógrami og stjórnarafstöðu er þing kemur saman.

Mánudagur 17. júlí:

A Pingvöllum í rigningu og leiðindaveðri. Björn Ólafsson fór til Reykjavíkur en kom að kveldinu. Ekkert tíðinda.

Priðjudagur 18. júlí:

Kom heim. Átti fund með Alexander og Ólafi Erlingssyni í Leiftri svo og Einari Arnórssyni um útgáfu rits um lýðveldisstofnun.

Miðvikudagur 19. júlí:

Ekkert sérstaklega merkilegt en ég talaði við stofnun. Eystein Jónsson út af fæðingarstofnun/Hann kveðst ekkert geta sagt fyrir flokksins hönd en hann vildi fyrir sitt leyti, að ríki og bær hefði ekki sameiginlega aðgerðir í málín heldur byggði ríkið fyrir sig hæfilega fæðingarstofnun og færi sínu fram eftir þess þörfum. Hann var hræddur um að reksturinn mundi allur síðar meir lenda á ríkinu. - Síðan spjölluðum við dálítið pólitík. Hann sagði að nú væri aðstaðan breytt til dýrtíðar, því að nú mundu flestir ekki kæra sig um mikla lækkun vísitölu, en hinsvegar ekki vilja hækkun. Hann var alveg andvígur kosningum í haust, en trúði ekki á stjórnarmyndun samt af pinginum.

Björn Ólafsson vill láta Einar Arnórsson bera til baka ummæli Valtýs Stefánssonar í Morgunblaðinu að stjórnin hafi verið veik í málín, þar til Einar hafi gengið fram fyrir skjöldu.

Fimmtudagur 20. júlí:

Ráðherrafundur, m.a. að Einar Arnórsson leiðrétti Valtý Stefánsson í Morgunblaðinu. Virtist Einar ætti að gera það. Við sjáum hvað verður.

I dinner hjá General Key. Þar var forseti, Vilhjálmur Þór, Björn Ólafsson og frúr. Eg hafði frú Dreifus til borðs. Annars örfáir Íslendingar, Arent Claessen, Pétur Eggerz, Magnús Vignir Magnússon og frúr en diplomatar og fjöldi hermannar. Key er mjög hressilegur karl. Veizlan var í Camp Pehrsing við Árbæ. Farið kl. 11,15.

Föstudagur 21. júlí:

Mikið heima. Vilhjálmur Þór vill nú taka ráðherrahúsið sem utanríkisráðherrabústað svo sem ég hafði sent honum uppkast af bréfum. Og mun ég hreinrita bréfið á morgun og hann svara. En ég senda fjármálaráðherra afrit og afla hans samþykkis til, að ég fái húsaleigu, ljós og hita lögum samkvæmt. Forseti hefur mjög hampað og rekið á eftir þessu um langt skeið. Hann vill þó herbergi þar.

Laugardagur 22. júlí:

Afhenti utanríkisráðherra ráðherrabústaðinn með bréfi dags. í gær. Vilhjálmur Þór ekki í bænum í dag og ekki sá ég neinn ráðherra.

Fór til Keflavíkur að sjá Runólf bróður minn. Hann hress og ern. Kvartaði um láua í fótum og sindrátt. Þórður ók.

Sunnudagur 23. júlí:

Er heima allan daginn og tala ekki við neinn.  
Les "Á Njálsbúð".

Mánudagur 24. júlí:

Talaði við Snæbjörn Jónsson, sem vill láta gera  
ensk-íslenzka orðabók í Oxford fyrir enskt, amerískt  
og íslenzkt fé. Hækka orðu Sisam og Norrington einnig  
orðu.

Utför Guðmundar Finnbogasonar.

Vilhjálmur Þór talaði um að gefa Richard Beck  
eitthvað, málverk líklega.

Priðjudagur 25. júlí:

Ekki talað við neinn collega. Björn Ólafsson í  
laxi. Einar Arnórsson líklega ekki í bænum. Vilhjálmur  
Þór kom en ég sá hann ekki. Ekkert skeð.

Miðvikudagur 26. júlí:

Talaði við forseta. Hann talaði um ferðasætlun  
innanlands. Drap á utanlandsferð og sagði að Vilhjálmur  
Þór væri hvetjandi. Forseti minnti á útbúnað orðu-  
nefndar á orðum, reglugjörð um fána, lög um forseta-  
kjör.

Um þetta talaði ég við Eimar Arnórsson svo og um  
veiðing borgardómaraembættisins, sem ég væri búinn  
að slá frá mér, og borgarfógetaembættisins. - Ég  
minntist og á pólitík í haust, að ég væri ekki viss  
um að þingprof ætti að fara fram, þótt ekki tækist að  
fá þingið á okkar mál.

Fimmtudagur 27. júlí:

Talaði við ríkisstjóra um gjöf Richard Beck og afhendingu á morgun. Við Vilhjálm Þór um ýmislegt, pólitík, þingprof, kjör hans væntanlegt við kosningar næstu á Akureyri, sem hann aftók. Við Gunnar Thor-oddson um fánann.

Föstudagur 28. júlí:

Sat veizlu í ráðherrahúsinu, sem utanríkisráðherra, er ég hefi afhent ráðherrahúsið sem embættisbústað, hélt af hendi ríkisstjórnar fyrir Richard Beck, fulltrúa Vestur-Íslendinga á lýðveldishátíðinni. Ég hélt þar frumræðuna fyrir Vestur-Íslendingum. Stutta og hafði skrifafaða. Biskup, dómprófastur, Jónas Jónsson, Ágúst H. Bjarnason þökkuðu mér fyrir ræðuna. Pótti hún góð. Ég held að öðrum, þar á meðal Richard Beck, hafi þótt það líka. Í veizlunni voru 28 manns. Aðrar ræður: Sigurður Nørðal, Ágúst H. Bjarnason og Richard Beck og utanríkisráðherra, sem stýrði hófinu ogsleit því og sagði nokkur orð í upphafi og endi. ~~Hannum~~ Veizlan var unaðsleg og hrósaði ég frú og manni fyrir allt saman. Þau áttu það skilið, því að þau eru alúðlegir vertar á beztu vísu.

Laugardagur 29. júlí:

Hef verið heima eftir hádegi. Engan hitt og ekkert borið til tíðinda en fer á morgun til Pingvalla.

Sunnudagur 30. júlí:

Fór til Pingvalla.

Skipun Valtýs Stefánssonar af Einari Arnórssyni í nefnd vegna Þjóðminjasafnsins mælist illa fyrir af Vilhjálmi Þór og Birni Ólafssyni, sem vonlegt er.

Þykir þeim báðum Einar ekki loyal og Björn létt svo ummælt, að hann mundi hér eftir ekki verða greiður í skiptum við Einar og mun Vilhjálmur vera sama sinnis.

Mánudagur 31. júlí:

Björn Ólafsson og frú fóru til Reykjavíkur; ég er eftir á Pingvöllum. Alexander kom til míni og skröfum við margt, meðal annars um skipun Valtýs, og sagði hann að Einar Arnórsson hefði boðið Valtý formennsku í nefndinni og var hann dálítið hissa á því. Annars hefði Blaðamannafélagið haft frumkvæði að Þjóðminjahúsi og mundi Einar styðja skipun Valtýs við það.

Ég sagði þetta ekki gott stryk hjá Einari; hann væri með þessu að gefa í skyn óeiningu í stjórninni. Valtýr hafi ~~hunum~~ svívirt Vilhjálm Þór og sagt að Einar Arnórsson hafi "unnið" stjórnina til fylgis við lýðveldismálið, sem væri rangt og nú væri Einar að launa Valtýr.-En við höfðum skorað á Einar að láta leiðréttu þetta, en hann ekki gert, en í staðinn veitt Valtýr vegsauka. Þetta sagði ég ekki Alexander. - Hann sagði Sigurð Nordal, sem hélt hálf mislukkaða ræðu í samsæti fyrir Richard Beck, vilja hætta við Háskólann 58 ára og starfa ein-göngu ~~mín~~ á eigin hönd. Alexander latti Nordal þessa.

Björn Ólafsson sagði, að Hermann Jónasson hefði sagt, að nú væru viðræður um stjórnarmyndun í þann veg Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur ~~xem~~ að byrja.

Priðjudagur 1. ágúst:

Er á Pingvöllum í leiðindaveðri.

Pálmi Loftsson hringdi til míni og spurði hvort einhver ráðherra ætlaði ekki að vera viðstaddir á Akureyri þegar forseti færi um borð í Egi og taka á móti honum. Hann, Pálmi, hafði borið málid undir Einar Arnórsson og hann ekki tekið neitt undir þetta. Pálmi talaði við Vilhjálm Þór en hann vísaði til míni. Æg taldi ekki ástæðu til að forsætisráðherra færi til Akureyrar til þess að bjóða forseta velkominn um borð í Egi. Með þessu skipti forseti aðeins um farkost á ferðalagi sínu. Hitt væri sérstaklega vel við eigandi, að forstjóri Ríkisskip væri þar. Einar Arnórsson dómsmálaráðherra, æðsti mað strandvarnanna, hefði vel getað farið og puntað upp á með nærveru sinni en ef ég hefði farið var það að hlaupa fram fyrir skjöldu í stað dómsmálaráðherrans og í miðju ferðalagi forsetans. — Pað kann að hafa verið vangá hjá mér að fara ekki til Bessastaða og kveðja forseta áður en hann lagði upp í för sína, mér datt þetta í hug, og spurði Pétur Eggerz hvenær forseti færi en fékk ekki ákveðið svar nema að hann færi frá Bessastöðum. Forseti gaf mér ekkert vink um þetta, sem hann hefði þó getað gert, og lagði á stað í kyrþey.

Miðvikudagur 2. ágúst:

Vann að samningu frumvarps um kjör forseta.

EKKI skemmtilegt veður nema líttinn tíma.

Björn Ólafsson og frú ekki heima í gær eða dag (í Reykjavík). Mæður þeirra og Pétur sonur. Litlu angana Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vantar og þess vegna annar bragur en í fyrra og heldur ekki nein vinnustúlka svo erfitt er fyrir húsmóðurina.

Fimmtudagur 3. ágúst:

Fór heim í dag. Helgi Tómasson kom og talaði lengi um hugmyndir sínar um aukið rúm fyrir sjúklinga.

Föstudagur 4. ágúst:

Fundur með ráðherrum og talað um ýmislegt. Björn Ólafsson virðist á því að beiðast lausnar ef tillögur, sem stjórnin kynni að bera fram, ekki ná fram að ganga. Einar Arnórsson sagði það eðlilegt. Hann taldi, að stjórnin ætti að beiðast lausnar í því falli. Æg sagði: "og dingla ómáttug og geta ekki rofið þing." Hann sá þá að vegur var fyrir flokkana að bjóða sig fram eventuelt með honum sem forsætisráðherra. Æg vil ógjarna rjúfa þing án vitundar flokkanna. Vilhjálmur Þór er ekki eins activ og ég kysi. Hann er ekki áfram um að fara. Niðurstæða varð engin. Petta bíður frekari athugunar. Björn Ólafsson vill losna í alvöru.

Laggardagur 5. ágúst:

Talaði við Einar Arnórsson. Hann mun vera á því að veita Árna Tryggvasyni borgardómaraembættið en er, sem von er, óviss hvort hann á að veita Kristjáni Kristjánssyni eða Gunnari Pálssyni borgarfógetaembættið. Gunnar Pálsson hefur talað við hann. Æg býst við að Gizur Bergsteinsson hafi talað við Einar eða v:v og hefur Gizur lagt gott orð inn fyrir Kristján, eins og ég bað hann á sínum tíma.

Annars verið heima í dag, fer til Þingvalla á morgun.

Sunnudagur 6. ágúst:

Er á Þingvöllum hjá Birni Ólafssyni og frú. Eg og Björn fórum út með vatni að skoða land sumar-bústaða. Fontenay og frú komu í heimsókn. Gott veður.

Mánudagur 7. ágúst:

Eg og frú Ásta, börn og gömlu konurnar - materes domini uxoris - fórum til Vilhjálms Þórs og frúar í heimsókn. Björn Ólafsson fór að Selfossi og var ekki hjá Vilhjálmi. Inndælisveður í allan dag. Eg var í sólbaði.

Priðjudagur 8. ágúst:

Kom frá Þingvöllum. Tek á móti forseta á morgun. Kl. 10. Talaði við Einar Arnórsson og fæ hann með mér til þess. Talaði og við Vilhjálm Þór í síma að Einari nærverandi og sagði Vilhjálmi frá þessu. Hann er á Þingvöllum og óvíst hann komi fyrir kl. 10 og virtist ekki áfram um það, af því að Einar var við. Björn Ólafsson, sem ég kom með, náði ég ekki í seinna.

Talaði við Einar Arnórsson vítt og breytt um stjórnarmyndun flokkanna. Eg veit ekki hversu opin-skár ég á að vera við hann um, að ég gæti trúað því að hann fengist til að vera forsætisráðherra í fjögurra munu flokka stjórn. Þeir Sjálfstæðismenn/meggja kapp á að rýma Vilhjálmi Þór burt og fella stjórnina með því.

Miðvikudagur 9. ágúst:

Tók á móti forseta á hafnarbakkanum, er hann kom kl. 10 úr heimsóknunum sínum um Norður- Vesturland ásamt Vilhjálmi Þór og Einari Arnórssyni. Talaði síðan við forseta í skrifstofu hans. Hann var ánægður með ferðina og taldi gott að hún var farin. Eg sagði honum, að ekki væri stjórnin búin að koma sér niður á dýrtíðarmálunum, og athuga frumvarp mitt um forsetakjör.

Fimmtudagur 10. ágúst:

Talaði í síma við forseta, sagði að stjórnin væri ekki tilbúin á morgun með ákvarðanir og biði það þar til hann kæmi aftur úr "austurför" 16. þ.m. Hann er áfram um eitthvert prógram frá stjórninni fyrir þingið. Það erum við allir, en hvernig það á að vera og hvað skal leggja við, er atriðið. Þingrof eða hvað ?

Föstudagur 11. ágúst:

Fór til Akraness í bíl og talaði við sr. Þorstein Briem viðvíkjandi nefnd í prestakallamáli. Kom heim aftur laust fyrir kl. 10.

Laugardagur 12. ágúst:

Fór með landlækni og húsameistara að Hafnavatni að skoða bragga og að Vífilstöðum. Síðan til Þingvalla. Engin tíðindi.

Sunnudagur 13. ágúst:

Á Pingvöllum. Var heima við en gekk einn suður og vestur fyrir Vatnskot út í Tanga. Vilhjálmur Þór og frú komu um kvöldið. Við skröfum svolítið um nánustu framtíð stjórnarinnar. Annars ekki markvert.

Mánudagur 14. ágúst:

Kom í bæinn að morgni. Fundur ~~xxxxxx~~ með Magnúsi Sigurðssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni og stjórninni nema Einari Arnórssyni, sem er ~~xx~~ á Laugarvatni. - Björn Ólafsson og Vilhjálmur hafa ekki lengur "fides" til Einars Arnórssonar og hann ekki lengur nein stoð fyrir stjórnina. Er ekki fjarri Valtý Stefánssyni og Morgunblaðinu.

Þórður Albertsson bað mig um stoð til starfa, sem Vilhjálmur Þór á ráð á.

Priðjudagur 15. ágúst:

Móttaka Vilhjálms Þórs og frúar í ráðherrabústaðnum. Boðið um 150 manns, fjöldi hermannna, diplomata o.fl. Ég kom, var stutt. Björn Ólafsson kom ekki, frú hans lasin á Pingvöllum.

Auglýst í útvarpi og blöðum að húsið hafi verið afhent utanríkisráðherra. Einar Arnórsson á Laugarvatni

Miðvikudagur 16. ágúst:

Sigurjón Pétursson vill láta Náttúrulækningafélagið yfirtaka Kumbaravog.

Biskup talaði við mig um nefndarskipun í presta-

kallamálinu og ég skrifaði Þorsteini Briem um petta.

Tók með Vilhjálmi Þór á móti forseta úr austur-för hans.

Jónas Jónsson hringdi til mín og hafði nú frétt að hann var farinn úr orðunefnd. Hann var æstur mjög. Kenndi Sveini Björnssyni um aðfarirnar en sagði ræfils-hátt af mér að gera petta. Sagði að ég hefði áður gert á hluta sinn: "Ekki dæmt Helga Tómasson".

Nú móðgað sig aftur og værum við nú alveg skildir að skiptum. Margt sagði hann fleira. Taldi cultur Péturs Eggerz og Sigurðar Halldórssonar ekki jafnast á við sína og Ólafs Thors. Hann sleppti sér lausum í símanum og hringdi af. - Ég veit þá hvað um er að vera þar. Nú er spurning um hvort Ólafur Thors tekur málið svona og vera má að honum sé þungt niðri fyrir.

#### Fimmtudagur 17. ágúst:

Ríkisráðsfundur. Þar ákveðin samkoma Alþingis 2. september. Rætt um för forseta til Washington í heimsókn til Roosevelt forseta. Einar Arnórsson var ekki á fundinum.

Gerði ég mér í ferð austur að Laugarvatni til þess að segja honum frá hvernig málið stæði. Held ég, að það hafi verið heppilegt, að ég gerði petta. Hann var ekki léttur á brún þegar ég hóf mál mitt, en tók að hressast eftir því sem fram leið á kvæði mitt. Töluðum við síðan um fast og laust og lékum báðir á alls oddi er við skildumst. Vænti ég að hann komi á sunnudag. Hann spilar parna við Ara og Guðj. Sam. og einhvern þann briðja.

?

?

Föstudagur 18. ágúst:

Fundur í utanríkismálaneftnd. Þar tilkynnt för forseta til Washington. Á fundinn komu af Sjálfstæðisflokknum Magnús Jónsson, Jóhann Jósefsson. Ólafur Thors ekki þótt heima væri og fundurinn boðaður honum. Frá Framsókn. Hermann Jónasson og Bjarni Ásgeirsson og frá hinum flokkunum Einar Olgeirsson og Stefán Jóhann Stefánsson. Boðskapurinn um vesturför forseta var ekki tekið fálega af neinum. Einar Olgeirsson hélt hófsamlegan ræðustúf. Við höfðum búist við misjöfnum undirtektum.

Bæjarstjórn og borgarstjóri hélt veizlu fyrir forseta. Þar voru haldnar tvær stuttar ræður. Báðar lítilsverðar. Ég hafði ekki neitt merkis viðtal við neinn og ekki bar fundum okkar Ólafs Thors saman. Annars leið mér vel í veizlunni bæði meðan setið var undir borðum og þó sérstaklega á eftir sökum góðra borðfélaga. Kom heim kl. 12,45.

Laugardagur 19. ágúst:

Fór til Þingvalla og áttum við fund þar Björn Ólafsson og Vilhjálmur Þór um dýrtíðartillögur, sem Björn hefur tekið saman. Verður nú fundur aftur á morgun væntanlega með Einari Arnórssyni líka, þótt búast megi við, að hann leggi ekki margt til málanna, þó að Björn Ólafsson vilji knýja hann til þess.

Fór til Vilhjálms Þórs og skoðaði hjá honum fjölda mynda af lýðveldishátíðinni.

Sunnudagur 20. ágúst:

Tilefnislaus og smáskítleg árás á mig í sunnudagsbréfi Morgunblaðsins í dag fyrir skoðanir mínar í ræðunni 1. desember 1942. Líklega hefur Bjarni Benediktsson skrifað þetta eða sagt Valtýr að drepa á þetta, svo heimskulegt sem það er.

Samdi tilkynningu til blaða um orðunefnd.

Mánudagur 21. ágúst:

Talaði við forseta og sýndi honum uppkast að tilkynningu minni til blaðanna viðvíkjandi orðunefndinni. Hann féllst á hana sem og Björn Ólafsson, sem ég hafði sýnt hana áður.

Fundur síðan með Vilhjálmi Þór og Einari Arnórssyni um mál fyrir ríkisráðsfund á morgun. Björn Ólafsson var ekki, kvaðst lasinn. Annars áttu Vilhjálmur Þór og Björn Ólafsson að tala við Hermann Jónasson um dýrtíðarmál, en ekki veit ég hvort það samtal hefur farið fram.

Ólafur Thors hringdi skrifstofustjóra utanríkisráðherra upp og gerði nokkrar athugasemdir við hann viðvíkjandi forsetaförinni, en mun hafa sætt sig við fengin svör.

Priðjudagur 22. ágúst:

Ríkisráð í morgun. Var þá talað um vesturför forseta. Einar Arnórsson var mjög ~~meðalinn~~ fátalaður.

Seinna um daginn fundur með Einari Arnórssyni og ríkis Birni Ólafssyni um dýrtíðartillögur/stjórnarinnar.

í umræðunum, þótt ekki legði hann neitt nýtt til málanna. - Talað um aðferðir gagnvart þinginu, ef það vildi ekkert hafast að í dýrtíðarmálunum, en það er líklegast eftir því sem ráða mátti af Hermanni Jónassyni við samtal þeirra Björns Ólafssonar og Vilhjálms Þórs við hann í gær.

?

Sjálfstæðisflokkurinn og Sósíalistar kváðu eiga samtöl saman hvað sem úr þeim verður.

Miðvikudagur 23. ágúst:

Við Björn Ólafsson fórum suður á Reykjanes-flugvöll til þess að fylgja forseta og Vilhjálmi Þór til flugs til Ameríku. Lunch hjá general Key og sat ég milli hans og Dreyfus við borðið gegnt forseta-frúnni. Var þar mikið spjallað og hátt, því að Key er hávar og hressilegur karl. Þá áttum við Björn Ólafsson og Vilhjálmur Þór sérstakar samræður saman í afherbergi þar viðvíkjandi blaðasvaldrinu í U.S. um, að þau yrðu að hafa herstöðvar á Íslandi o.fl. Vorum við allir ásáttir um, að Vilhjálmur Þór yrði að reyna í viðtali við blaðamenn þar að kveða þetta niður. Trýi ég Vilhjálmi vel til að koma orðum að þessu.

I dag birtist greinargerð míni um fálkaorðuna. Eftir er að vita hvernig henni verður tekið.

Forseti var kvaddur á flugvellinum af amerísku herliði í fylkingum með hinni mestu kurteisi á hermannavísu. Þetta hafði nú svona og svona áhrif á mig.

Fimmtudagur 24. ágúst:

Gizur Bergsteinsson og Gísli Sveinsson, sem nú ásamt mér fara með vald forseta Íslands, símuðu til míni og voru báðir mjög vökulir vegna sinnar köllunar.  
 Virtist mér  
 / Gísli Sveinsson vilja koma hingað að austan og dvelja hér meðan forseti væri utanlands. Eg sagði honum og Gizuri að ég mundi í tíma kveðja þá til er til þyrfti að taka og gætu þeir lifað án áhyggna þessvegna.

Björn Ólafsson afhenti mér og Einari Arnórssyni uppkast að dýrtíðartillögum.

Einar Arnórsson sagði mér, að málflutningsmenn vildu heldur Kristján Kristjánsson sem borgarfógeta en Gunnar Pálsson. Það er gott að álits þeirra var leitað eins og ég hafði lagt til við Einar.

Föstudagur 25. ágúst:

Vísir tekur Morgunblaðið í gegn fyrir stórfólskulega grein um Vilhjálm Þór út af utanför hans með forseta. Er árásin á Vilhjálm argasta nið og dylgjur í garð stjórnarinnar. Er sýnilegt að þeir Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson ná ekki upp í nefið á sér fyrir **reiði**, því að þeir vita, að forsetaförin var réðin alveg án samráðs við Thor Thors.

Ennfremur hirtir Vísir Morgunblaðið fyrir bullið um mig á sunnudaginn. Ef til vill er Ólafur Thors einnig reiður við mig, af því að ég ýtti honum úr orðunefndinni með Jónasi Jónssyni. Þetta tiltæki mitt lýsir að vísu ekki stjórnkænsku, en það er rétt.

Laugardagur 26. ágúst:

Biskup talar við mig og vill endilega láta síma til Vilhjálms Þórs illmæli Morgunblaðsins um hann. Ég tek því alls fjarri. Hann hefur enga ánægju eða gagn af því að vita um það. Frú Vilhjálms Þórs var alveg sammála mér um þetta og aftók það líka í síðara samtali við biskup, svo og að koma á framfæri að svo stöddu mótmælum í blöð hér.

Fór til Pingvalla, en vissi ekki fyrr en þar kom, að Mr. og Mrs. Dreyfus voru boðin í dinner hjá Birni Ólafssyni og frú. Dvöldust þau þar til kl. 10. Frú Vilhjálms Þórs var þar líka. Hún var mjög æst út af árásunum á mann sinn í Morgunblaðinu en eg gerði mitt bezta til að rða hana og tókst það nokkurn veginn.

Sunnudagur 27. ágúst:

Á Pingvöllum. Fór forseta gengur vel.

Mánudagur 28. ágúst:

Fundur með Birni Ólafssyni og Einari Arnórssyni um dýrtíðartillögurnar, sem lagðar verða frām af stjórninni og lítilsvirtar af Alþingi að líkindum.

I gær voru í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins svívirðingar um mig út af breytingu á reglum fyrir Fálkaorðuna og heiðursmerki vegna endurreisnar lýðveldisins. Á þessu tvennu átti ég von. Gremja Morgunblaðsbroddanna gagnvart mér riður ekki við einteyming, enda er nú atlagan gegn stjórninni hafin á ný fyrir alvöru.

Priðjudagur 29. ágúst:

Nefnd launakröfumanna ríkis og bæjar kom á minn fund, og var Sigurður Thorlacius framsögumaður nefndarinnar. Æg gaf lítil svör en ekki óþægileg, og fór nefndin sátt við mig, að ég held, af mínum fundi.

För forseta og Vilhjálms Þórs gengur að óskum.

Tíminn (Hermann) tekur réttilega og alvarlega ofan í Ólaf Thors út af árásinni á Vilhjálm Þór vegna vesturfarar hans.

Miðvikudagur 30. ágúst:

Dýrtíðartillögur stjórnarinnar sendar flokkunum og þeir beðnir að svara fyrir 10. september. Trúlegast er, að þeir komi sér hjá því að svara.

Fimmtudagur 31. ágúst:

Björn Ólafsson vill láta nefndina, sem hafði umsjón með atkvæðagreiðslunni um skilnað og lýðveldi fá lýðveldismerkið vegna þess að hún vann kauplaust. Nefnd þessi var dugleg, ekki skal því neitað, og hún á skilið gjald fyrir starfa sinn, en þetta merki hefi ég aldrei ætlað þeim mönnum, er í nefndinni voru, og verður að heiðra þá á annan hátt.

Hefi ekkert heyrt frá pólitíkusunum.

Föstudagur 1. september:

Forseti er sagður hafa lagt af stað frá Maine kl. 4 í dag, íslenzkur tími. Þá ætti hann að vera

hér á morgun.

Hermann Jónasson talaði við mig í morgun. Hann vill ekki kosningar í haust. Segir hann, að þeir muni tefja að gefa stjórninni svarm við dýrtíðartillögum hennar. Mér virðist hann vera velviljaður stjórninni og hefur góðan skilning á aðstöðu hennar. Ekki dylst mér, að hann fyrirlíti makk og brölt Sjálfstæðis- og Sósíalistafloksins, enda er það að vónum, og metur hann ærið lítilsum suma þeirra manna.

Björn Ólafsson las fyrir mér greinargerð sína fyrir frumvarpinu.

#### Laugardagur 2. september:

Forseti og Vilhjálmur Þór komu í morgun.

Þing kom saman. Las ég forsetabréf þar um og bauð þingmenn velkomna til starfa. Svo var fundi slitið.

Töluðum við 4 saman þar á eftir og sagði Vilhjálmur Þór fréttir af vesturförinni.

Einar Arnórsson sagðist veita Árna Tryggvasoni og Kristjáni Kristjánssyni borgardómara- og borgarfógetaembættin.

Síðan stakk ég upp á för til Bessastaða, sem ég hafði minnst á í viðtali við forseta fyrir hádegið. Við komum allir þangað kl. 5 og spjölluðum þar um ýmis mál. Aðallega þó um taktik stjórnarinnar viðvíkjandi dýrtíðarfrumvarpinu, sem efalaust yrði hafnað af þinginu. Einar Arnórsson var áfram um "afsögn" og Björn Ólafsson líka helzt. Vilhjálmur Þór var ekki ánægður með þann gang málsins og verða svo að "fungera" Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áfram. Forseti létt ekkert beint uppi um petta. Æg held að allir séu mótfallnir þingrofi, það væri aðeins bráðabirgðafrestur, þar sem búast má við, að nýtt þing yrði mjög svipað því, sem nú situr. Æg býst við, að afsögn sé það einasta, sem komið getur til mála til þess að þrýsta á þingflokkana að gera skyldu sína, ef ekki er hægt að finna annan modus vivendi. Petta verður þó að athuga nánar.

Sunnudagur 3. september:

Fór til Pingvalla. Hugði Björn Ólafsson og hans fólk vera þar, en svo var ekki. Talaði við Björn í síma og er hann að hugsa sitt mál: Útvarpsræðu um dýrtíðarfrumvarp stjórnarinnar.

Mánudagur 4. september:

Dýrtíðarfrumvarp og fleiri frumvörp stjórnarinnar lögð fram á þingi.

Við ráðherrarnir töluðum saman um hina nánustu framtíð og framgangsmáta stjórnarinnar. Æg benti á, að afsögn stjórnarinnar þyrfti ekki að leiða að meirihluta stjórn tæki við. Sá möguleiki lægi nærri og væri meira að segja líklegastur, að forkólfar Sjálfstæðisflokkssins fengi það samþykkt í flokki sínum með meirihluta, sem væri bindandi fyrir minnihlutann, að Sjálfstæðisflokkurinn myndaði stjórn einn með hlutleysi Sósíalistaflokksins en styrk hans gegn vantrausti. Þá væri komin sama sagan og 1942. Dýrtíðin hlypi upp úr öllu valdi. Sjálfstæðið hefði tönnlast á því stöðugt, að stjórnin ætti að segja af sér og þess vegna Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

talið greiðari götu að setjast að stjórnarforystu ef því fengist framgengt. Hinir virtust fallast á petta, en þó var skoðunum skipt um hvað réttast væri í þessu efni.

Priðjudagur 5. september:

Jörundur Brynjólfsson vill ekki útvarpsumræður fyrr en þann 10.

Margskonar bollaleggingar sagðar vera innan flokkanna og milli þeirra.

Miðvikudagur 6. september:

Ölfusárbrúin féll í nótt. Bjarni Benediktsson spurði mig utan dagskrár hvað stjórnin hyggðist fyrir, en ég sagði, að enn hefði ekki ákvörðun verið tekin. En koma skyldi ég fyrirspurninni til atvinnumálaráðherra, sem ekki var viðstaddur.

Forseti vill gjarna fara í opinbera heimsókn í Hafnarfjörð og Gullbringu- og Kjósarsýslu á þriðjudag og miðvikudag.

Útvarpsumræður verða á mánudag og líklega yfirlysing frá stjórninni þá.

Fimmtudagur 7. september:

A ríkisráðsfundi í dag veitt embætti borgardómara og borgarfógeta. Er þá ráðstafað mínu opinbera góssi, og hefi ég þá engu föstu að að hverfa er ég vík úr núverandi stöðu. Verður auðna að ráða hvað við tekur.

Í lok útvarpsumræðnanna á mánudag verður stjórnin líklega að kveða upp úr með það hvað hún ætlar til Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bragðs að taka.

Föstudagur 8. september:

Árni Tryggvason kom og þakkaði fyrir veitinguna.

Biskup kom að máli við mig um "bein Jóns Arasonar."

Ég lofaði að athuga það mál.

Hermann Jónasson og Stefán Jóhann Stefánsson tölzuðu við Björn Ólafsson og Vilhjálm Pór og sögðust ekkert geta. Má búast við að stjórnin verði að rjúfa þing, sem er illur kostur.

Laugardagur 9. september:

Ráðherrafundur. Rætt um hvernig stjórnin skyldi bera sig að á mánuðag, er hún tilkynnti áform sitt út af dýrtíðarmálunum. Einar Arnórsson hélt fast við afsögn. Björn Ólafsson ekki fráleitur því, af því að þingrof væri mjög varhugavert vegna þess að allt mundi standa við hið sama að kosningum liðnum. Vilhjálmur Pór var óviss um hvað gera skyldi. Ég létt það uppi, að mér væri mjög illa við, að greiða götu pólitískra spákaupmanna í stjórnarsessinn, því að ég hefði enga trú á ærlegu samstarfi flokksforingjanna. Hinsvegar lýsti afsögn stjórnarinnar bezt vilja hennar og keyrði þingið til að gera það, sem það getur um stjórnarmyndun.

Sunnudagur 10. september:

Við engan talað. Verið inni og skrifað niður nokkur orð, ef vera kynni, að ég þurfi að tala svo sem 5 mínútur á morgun og gefa yfirlýsingu um það, Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að stjórnin muni beiðast lausnar ef ekkert er aðgert að gagni í dýrtíðarmálunum af hálfu þingsins. Þeg mun bera þetta undir collegana ef af þessu verður.

Mánudagur 11. september:

Fyrir hádegið talaði ég við Vilhjálm Þór og skýrði honum frá hvernig mér væri innanbrjóst. Sagði, að meirihluti þingsins væri eins og stæði þess eins megnugur að kæfa alla viðleitni stjórnarinnar til bóta og gera henni lífið eins leitt og unnt væri. Þegar nú væri séð, að flokkarnir vildu ekki veita stjórninni neinn styrk til þess að hamla gegn verðbólgunni, ætti hún að viðurkenna vanmátt sinn í málinu og segja af sér, en ekki að bíða þess, að flokkarnir skriðu saman til bráðabirgða til þess að kasta stjórninni af sér. Hann var ekki viiss um þessa taktík, en ég sagði honum, að ég væri sannfærður um að svona yrði að fara að. Ábyrgðin yrði að komast óskipt yfir á þingið og stjórnin ekki að sýna neina hálfvelgju. Einmitt núverandi stjórn ætti að sýna það ótvírátt, þegar lýðveldismálið væri ekki lengur í vegi, að hún hefði síður en svo löngun til að sitja áfram við þá kosti, sem hún hefur orðið/að búa, heldur ætti hún að knýja þingið til að mynda stjórn með hverjum þeim hætti, sem það gæti. Las ég síðan fyrir Vilhjálmi greinargerð mína, sem hann hafði ekkert við að athuga.

Síðan sagði ég Birni Ólafssyni frá þessu áformi, er ég fylgdist með honum suður í Tjarnargarð um hádegið heim á leið. - Einari Arnórssyni burfti ekki að segja þetta nú því að hann var þessa sinnis áður.

Kl. 3 var fundur með forseta og honum sögð pessi ráðabreytni og stjórnin mundi í útvarpsumræðunum í kvöld boða lausnarbeiðni sína.

I byrjun annarar umferðar útvarpsumræðnanna kvaddi ég mér hljóðs og lýsti áformi stjórnarinnar. I pingsalnum voru fáir. Við fáum nú að sjá hverju fram vindur.

#### Priðjudagur 12. september:

Blöðin flytja fregnina um lausnarboðun stjórnarinnar án pess að leggja út af henni. Ræða míni var lesin í hádegisútvarpinu. Allmiklar umræður eru manna á milli um hvað nú taki við, en annars hefi ég ekki heyrt neitt sérstakt.

#### Miðvikudagur 13. september:

Eitt blað er sýnilega ánægt með ákvörðun stjórnarinnar. Það er Morgunblaðið, því að það segir, að ég hafi flutt tölu mína eða tilkynningu um væntanlega lausnarbeiðni með "virðuleik og myndarskap." Mun það vera í fyrsta sinn, sem þetta blað fer lofsorðum um frammistöðu mína í stjórnarsessi. Er þetta gert í leiðara blaðsins með yfirskriftinni: "Ekki skal gráta Björn bónda." I lok greinarinnar segir, að þingið eigi nú leikinn: "Geti leikið góðan leik eða leikið af sér."

Standa nú yfir mikil fundarhöld milli pingflokkanna og innan þeirra. Hvað sem úr þessu verður. Fæstir ámæla stjórninni fyrir þetta skref, en telja það eðlilegt eins og á stendur. Þó eru þeir til, sem telja Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórnina hafa átt að bíða nokkuð lengur, því að þeim hrýs hugur við hvað við muni taka.

Fimmtudagur 14. september:

Fjármálaráðherra tilkynnti þá ákvörðun stjórnarinnar, að hún greiddi ekki verðuppbætur á landbúnaðaráfurðir frá 15. þ.m. nema samþykki Alþingis kæmi til.

Borin fram tillaga í sameinuðu þingi frá Bernharð Stefánssyni og Skúla Guðmundssyni um að halda vísitölunni í 272 stigum fyrst um sinn. Samþykkt tillaga frá Pétri Ottesen o.fl. um að greiða áfram niður eins og að undanförnu til 23. þ.m. (incl.).

Föstudagur 15. september:

Mig dreymdi í nótt skrýtin draum, sem ég ætla að skrifa hér, þar sem ég man ljóst. Mér pótti ég vera staddur á einhverjum stað í húsi nokkuð stóru og rúmgóðu en óvistlegu því að skipun húsgagna var á ringulreið og dragsúgur í húsinu. Atti ég yfir að ráða húsi þessu. Þar koma óboðnar inn í húsið kvenmenn, heldur þrjár en tvær pótti mér þær vera. Þær hlæssa sér parna inn, en ég lat strax í ljós, að ég vilji ekkert með þær hafa og vík mér frá þeim. Tveir kvenmannanna voru að meðalstærð og aldri. Önnur var ekki óásjáleg en mjög ágeng en hina sá ég ekki ljóslega. Þær láta eindregið uppi, að þær ætli að sitjast upp hjá mér, hvað sem ég segi. Með þeim var unglingsstelpa, sem ekkert sagði. Ég sný mér að þeim og nálgast þær og segi þeim, að þær geti ekki fengið

neitt hjá mér og man ég ekki betur en ég vísaði þeim burtu. En þá er hjá þeim hin fjórða kona öldruð og gráhærð, og standa þær nú eða hvíslast á hver upp við aðra og hirða ekkert um aðvaranir mínar, en ég geng frá þeim. Þótti mér þær ætla allt að einu að hafast við í þessu húsi mínu, en ég reika áfram um húsið, sem er í óreiðu, og í öllu sneitt reglusemi og viðkunnanleik. Þannig stóðu sakir er ég vaknaði.

Ég sagði Vilhjálmi Þór frá konum þessum og taldi hann þær merkja flokkana, sem kæmu til míni og vildu leita þess, að ég yrði í stjórn með þeirra mönnum, sem forsætisráðherra. Í þessu sambandi sagði hann mér frá viðtali við Hermann Jónasson kl. 6 í gær, sem benti til hins sama og draumurinn. Á fundi Framsóknarmanna í morgun virtist þó annað vera uppi á teningnum.

Ég sagði forseta frá því, að stjórnin mundi leggja fram lausnarbeiðni sína á fundi ríkisráðs á morgun. Mun hann segja Ólafi Thors formanni stærsta þingfloksins frá þessu í kvöld og boða hann á sinn fund kl. 11 á morgun.

#### Laugardagur 16. september:

Ríkisráð kl. 10 og lögð fyrir forseta lausnarbeiðni fyrir ráðuneytið. Hún samþykkt, en stjórnin starfar þangað til önnur stjórn er mynduð. Forseti þakkaði ráðuneytinu með nokkrum orðum, en ég svaraði fyrir mína hönd og samverkamannanna með þakklæti til forseta fyrir samvinnuna. Hvorttveggja bókað í gerðabók ríkisráðs. Einar Arnórsson hafði misskilið tímann og kom ekki fyrr en kl. 10,45 en áður en upp var lesin Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bókunin. Var ég orðinn órólegur vegna burtveru Einars vegna þess, að flokksformenn áttu samkvæmt boði forseta að mæta hjá honum kl. 11, en ég vildi ógjarna rekast á þá góðu menn. Það tókst að komast hjá því, og vorum við farnir kl. 11. Nú reyna þeir stjórnar-myndun, en horfur eru allar óvissar hvernig það tekst.

Við ráðherrarnir héldum síðan fund um hverjir hljóta skulu lýðveldis-heiðursmerkin. Virðast þeir með vissu eiga vera þessir: Forseti, 52 þingmenn, 4 ráðherrar,  $5 + 1 + 1 = 7$  sendiherrar, biskup, Richard Beck, Krabbe, Sigurður Eggerz = 68. Þessir ráðnir. Verður þetta nú borið undir forseta.

#### Sunnudagur 17. september:

Sat heima, hitti engan og talaði ekki við neinn. Las æfisögu O.W. Holmes mikils og merkilegs manns og hæstaréttardómara í Washington, sem sat í dómarasæti 92 ára. Vilhjálmur Þór lámaði mér bókina, sem kom út í fyrra.

#### Mánudagur 18. september:

Talaði við forseta að Vilhjálmi Þór nærstöddum um heiðursmerki lýðveldisins. Hann hafði engum við að bæta, en sagðist sakna þess, að engin kona væri meðal þeirra. Ég og Vilhjálmur játuðum það, enda hafði það komið til orða okkar ráðherranna fjögurra á milli á laugardaginn. Forseti nefndi forsetafrúna, þó ekki svo að það væri ósk hans eða hennar. Ekki munum við telja heppilegt að taka hana með þó að hún sé ærleg

og góð kona.

Um stjórnarmyndun heyrist ekkert jákvætt, sem og er að vonum.

Priðjudagur 19. september:

Kom á þing, en þar skeði ekkert merkilegt. Allt í óvissu um stjórnarmyndun.

Einar Arnórsson talaði við mig um að losna. Vill hann fara strax í hæstarétt. Æg kvaðst ekki vilja spyrna á móti því, en bað hann að tala við forseta.

Æg veit ekki hvernig það verkar að Einar Arnórsson fer. Að vissu leyti þykir mér það ekki mjög miður - vegna væringa milli hans og Björns Ólafssonar og Vilhjálms Þórs - en þó kann það að veikja álit manna á stjórninni.

Miðvikudagur 20. september:

Einar Arnórsson fer alfarinn á morgun. Æg sagði honum, að mér þætti þetta miklu miður, en hann vissi betur en ég hvað hann teldi ráðlegast fyrir sig. Við skiljum nú sama sinnis hvor gagnvart öðrum eins og þegar við hófum samstarfið, án þess nokkurn tíma hafi ~~xxxxxxxxxx~~ slettzt uppá, þótt hugarhræringar mínar gagnvart honum væru ekki alltaf í sama jafnvægi.

Æg sagði Birni Ólafssyni og Vilhjálmi Þór í morgun frá burtför Einars Arnórssonar og létu þeir hvor um sig það vel líka. Þá verðum við þrír eins og í upphafi var ætlað, sagði Vilhjálmur Þór. En báðir þeir samþykktu mitt mat um það, að fyrstu mánuðina Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og sérstaklega í byrjun, hefði ráðuneytinu verið mikill styrkur í Einar Arnórssyni og ætið væri gott að hafa slíkan lærðóms- og vitsmunamann að snúa sér til í vandamálum.

Ég gat þess við **Einar Arnórsson** að Morgunblaðið og Þjóðviljinn mundu nú leggja eitthvað út af þessari burtför hans nú, en Einar sagði, að Tíminn og Alþýðublaðið mundu þá segja eitthvað gagnstætt hinum.

Fimmtudagur 21. september:

Ríkisráð. Einar Arnórsson lausn og skipaður hæstaréttardómari. Ég tek nú við hans störfum, og fer ég nú að hafa allmikið umleikis, a.m.k. að nafninu til, þar sem ég verð nú að fara einn með það, sem þrír höfðu um sinn.

Forseti sagði við mig, að hann hefði spurt mig um daginn spurningar, sem ég hefði ekki svarað, það er hvort ég vildi aftur standa fyrir stjórnar-myndun, ef á þyrfti að halda. Ég: "Það er bundið mörgum skilyrðum." Forseti hringdi aftur til mína kl. 8 í kvöld og talaði um hið sama. Ég sagði líkt og áður og gaf ekki afsvar. Hann sagðist ætla að spyrja Ólaf Thors á morgun hvernig gengi, án þess að pressa hann. Ég taldi það ekki ótilhlýðilegt.

Ég heimsótti Björn Ólafsson í kvöld, og sagði honum, að ég vildi ekki gefa mig aftur í þetta stjórn-máladrabb, þótt farið yrði fram á það út úr neyð, nema þeir báðir yrðu með aftur. Hann taldi það eðlilegt. En ef til þessa kæmi mættum við engin eftirkaup eiga við flokkana. Ég var alveg með á þeim nótum.

Föstudagur 22. september:

Kom á þing. Ekkert markvert. Um stjórnarmyndun heyrist ekkert.

Laugardagur 23. september:

Þingflokkarnir malla dýrtíðarráðstafanir og stjórnarmyndun. Peir báðu stjórnina að halda áfram niðurgreiðslum, sem samþykktar voru 14. þ.m. Var þessu lofað til kvölds næsta þriðjudag.

Sunnudagur 24. september:

Ekkert heyrt og engan séð.

Var að rita viðauka og áréttigar við "Iceland Past and Present", sem gefa á út af nýju.

Mánudagur 25. september:

Kom á þing. Hitti Ólaf Thors í hornherberginu (ráðherraherberginu) og ávarpaði hann út af dýrtíðarmálinu, og gatzt ekki að svip hans. Og það þótti mér kynlegt, að honum þótti það við eiga að bjóða mér sæti barna í herberginu. Ég bukkaði mig lítið eitt og þakkaði. Honum skilst, að hann sé herra þar í húsinu vegna þess að hann er formaður stærsta þingfloksins.

Peir malla eitthvað um stjórnarmyndun, en enginn veit hvort nokkuð gengur.

Árni Pálsson hringdi til mín og var opinskár og einlægur um hvað við tæki, ef stjórnin yrði að víkja.

Priðjudagur 26. september:

Fór til Fontenay vegna afmælis Christjáns X. Virtist sendiherra vera ánægður yfir komu minni. Æg létt flagga á stjórnarráðinu og var síðan flaggað á öllum opinberum byggingum og viða í bænum.

Flokkarnir eru ekki tilbúnir að taka afstöðu til dýrtíðarmálsins. Fresturinn, sem stjórnin setti um niðurgreiðslur útrunninn í kvöld. Var því hespað af í skyndi þingsályktun um að leggja fyrir stjórnina eða að heimila henni að greiða úr ríkissjóði verðmiðlunarfé nokkra daga, sem væntanlega þýðir a.m.k. til laugardags.

Ímislegt fleipur um stjórnarmyndun, sem ekki er að treysta. Æg er leiður á þessu vesaldarbraski.

Miðvikudagur 27. september:

Boð til eftirmiðdagsdrykkju að Bessastöðum fyrir þingmenn, ráðherra og frúr. Þar munu hafa verið nær allir þingmenn, nema Ólafur Thors, Einar Olgeirsson og Jónas Jónsson.

Fimmtudagur 28. september:

Hermann Jónasson sagði, að stjórnarmyndun Sjálfstæðisflokkans og Framsóknarfloksins væri ekki úti-lokuð, eða að þeir flokkar styddu eventúelt núverandi stjórn fram yfir veturinn. Þó myndi Sjálfstæðisflokkurinn ekki vilja hafa Björn Ólafsson í stjórninni. Samtalinu sleit af tilviljun.

Útvarpsumræður. Ingólfur Jónsson og Gunnar Thor-oddsen talsmenn Sjálfstæðisfloksins gáfu áheyrendum Einkaskjalasafn dr. Juris Björns Þorðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

örugga von sína um, að ný stjórn yrði mynduð. Ingólfur sagði mér þó á eftir einslega, að umsögn þeirra væri byggð á trú en ekki neinni vissu. Svo mun og vera.

Föstudagur 29. september:

Talaði við Björn Ólafsson um lýðveldispeninginn, hvort sáma ætti einhverja konu honum. Ekki virtist okkur nein koma sérstaklega til mála fyrir unnið starf vegna lýðveldisstofnunarinnar, en hitt væri á að líta hvort veita ætti hann einni eða fleirum konum sem fulltrúa eða fulltrúum kvenþjóðarinnar við þetta tækifæri. Ég bað hann að minnast á þetta mál við konu sína.

Margt er skrafað um stjórnarmyndun en allt er það á reiki. Enginn veit hvað verður. Vilhjálmur Þór sagði mér í síma ýmislegt um þetta og vera kynni að til minna kasta komi.

Laugardagur 30. september:

Engir þingfundir. Ekkert frétt af stjórnarmyndunartilraunum.

Undirritaði í dag skjöl handa þingmönnum vegna heiðursmerkis lýðveldisstofnunar. Nokkur skjöl eru eftir. Er staðráðinn í að sáma Benedikt Sveinsson heiðurspeningnum - hann var ekki samþykktur á ráðherrafundi síðast, Einar Arnórsson var þá hlutlaus. Ég verð að fá umsögn félaga minna að nýju eða hlutleysi þeirra. Benedikt Sveinsson á auðvitað skilið að fá þennan pening vegna stjórnmálastarfs síns fyrr og síðar. En því miður fá þenna pening margir óverðugir Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bara fyrir þá tilviljun, að þeir hafa slæðst á þing við síðustu kosningar. Sumir kunna og að mæla, að fleiri hljóti óverðugir þenna minnispening en þingmenn.

Sunnudagur 1. október:

Var við setningarárathöfn Kvennaskólans á 70 ára afmæli hans. Skólastjórin, frk. Ragnheiður Jónsdóttir, flutti erindi um upphaf og vöxt skólans. Var það lærðómsríkt. Þá talaði kona úr skólanefndinni, frú Guðrún Geirsdóttir, kona Þorsteins hagstofustjóra. Síðan talaði sr. Kristinn Danielsson nokkur orð og loks þótti mér sem menntamálaráðherra viðeigandi að þakka fyrir boðið með nokkrum orðum. Ekki veit ég hvernig það hefur verkað, nema þær frk. Ragnheiður og frú Guðrún þökkuðu mér vel fyrir komuna og orð míni. Þar voru m.a. Bjarni Benediktsson borgarstjóri og Ásgeir Ásgeirsson bankastjóri og fleiri mætir menn af karlþjóðinni. Margt kvenna og allur stúlkáskarinn. Troðfullt í stofunum.

Ekki haft annars tal af neinum. Morgunblaðið er mjög úfið í Reykjavíkurbréfinu í dag í garð stjórnunarinnar. Sérstaklega veitist það að fjármálaráðherranum Birni Ólafssyni. Allt blaður blaðsins virðist mér benda til vandræða um gang stjórnarmyndunarinnar.

Mánudagur 2. október:

Talaði við forseta um stjórnarmyndunina og sagði, að ég liti svo á, að ekki væri vert að þrýsta mjög fast á eftir flokkunum. Flokkarnir yrðu að fá tíma til að reyna sig til þrautar. Stjórnin væri í mesta vanda Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og máttlaus, þar sem hún hefði ekkert til að styðjast við, enda væri það vilji flokkanna að gera henni sem örðugast ~~úppdráttar~~ hvað sem liði þeirra eigin vesaldómi til stjórnarmyndunar. Ólafur Thors, sem formaður stærsta flokksins, er fyrirsvarsmaður flokkanna gagnvart forseta. Ólafur, sagði forseti, æskti viðtals á morgun við forseta og þá ásamt formönnum hinna flokkanna. Það er varla líklegt, að Sjálfstæðið og Framsókn takist að mynda stjórn með sínum eigin mönnum og þá kynni Sjálfstæðið að sætta sig við núverandi stjórn eventuelt endurskipulagða. Sjálfstæðið kynni nauðugt að sætta sig við mig og verða að þola Framsókn það, að hún heimtaði Vilhjálm Þór. En nú vill Ólafur Björn Ólafsson burtu fyrir alla muni og þar kemur bobb í bátinn kvað mig snertir. Ólafur getur ekki myndað stjórn með Kommum einum. Eg talaði við forseta og Vilhjálm Þór hvorn í sínu lagi um þessa og aðra möguleika.

#### Priðjudagur 3. október:

Forseti sagði mér, að flokksformennirnir með Ólaf Thors sem fyrirsvars- og framsögumann hefðu á fundinum hjá sér látið það uppi, að fjögurra flokka stjórn væri ekki framkvæmanleg. Eysteinn Jónsson hefði þó sagt "nema" svo að hann vildi ekki fortaka þann möguleika. En Ólafur sagði forseta á eftir einum, að fjögurra flokka stjórn væri útilokuð eftir því, sem hann gæti séð. Væri þá tveggja flokka stjórn hugsanleg með mönnum völdum innan þings eða - sem síður væri líklegt - núverandi stjórn endurskipulögð.

En í fyrra tilfellið væri hann ekki rétti maðurinn til þess að standa fyrir stjórnarmyndun og síðara tilvikið væri honum næsta ógeðfellt.

Á fundi þingflokkks Framsóknar var málid rætt mikið í morgun. Hermann Jónasson hafði látið uppi, að samflokkaþjórn Sjálfstæðis og Framsóknar væri helst hugsanleg með mér sem forsætisráðherra eða þá einhvern annan hlutlausán mann. Vilhjálmur Þór sagði mér petta. Eg er ekki vel séður hjá neinum flokki því að ég er alveg óbundinn, enginn peirra vill styðja mig nema út úr neyð.

#### Miðvikudagur 4. október:

Prentaraverkfall stendur yfir svo að engin blöð koma út og flokkarnir starfa nú alveg í myrkru.

Forseti sagði mér í morgun, að hann hefði falið Ólafi Thors að reyna að mynda stjórn með stuðningi meiri hluta þings. Tók Ólafur það að sér, en létt þess getið að ~~með~~ 100% líkur væri á móti því, að honum tækist það. Forseti vildi og, að það væri tilkynnt opinberlega, að samstjórn fjögurra flokka hefði ekki tekist og Ólafur Thors hafi nú tekið að sér að mynda stjórn. Var þetta birt í útvarkinu í kvöld.

Útvarpsumraða var um fjárlögin í dag. Stjórnin lítilsvirt og skömmuð fyrir það, að hafa ekki tekist að vinna bug á verðbólgunni og dýrtíðinni. Haraldur Guðmundsson var þungorður mjög og fullur af dremlilæti, en var annars algerlega innantómur. Póroddur Guðmundsson sletti úr klaufunum eins og venjulega. Eysteinn Jónssson

pæfði og nuddaði. Jakob Möller muldraði með spekt. Björn Ólafsson stóð sig með sóma. Aðrir tóku ekki til máls.

Fimmtudagur 5. október:

Hjá mér eintómt vafstur og starf, en ekkert markvert.

Ólafur Thors starfar að stjórnarmyndun. Sagt að Alþýðuflokkurinn vilji ekki vera með, en talað um hvort ekki muni hægt að kaupa Framsókn með loforðum um skatt á eignamenn, er varið skuli til kjötuppbóta.

Föstudagur 6. október:

Pað er haft fyrir satt, að Framsókn sé stórlega mőðguð út af því, að Ólafur Thors hafi leitað til Alþýðuflokksins um samstarf með Kommum, sem eru til í allt, en ekki Framsóknar. Þetta er nú líklega einhver loddaraleikur hjá Framsókn.

Forseti sagði mér, að Ólafur Thors hefði sagt að illa liti út með stjórnarmyndunina. Forseti sagði við mig, að þessu stjórnarmyndunarbasli yrði að ljúka eftir helgina. Ég varaði hann við, að herða svo mjög á þessu. Ef hann setti þetta tímamark, gæti Ólafur Thors sagt á eftir, er honum hefði misheppnast fyrirtækið, að forseti hefði tekið fram fyrir hendur sér og að hann hefði ekki haft nægan tíma til þess að reyna allar leiðir. Samþykkti forseti þessa skoðun.

Laugardagur 7. október:

Hefi nú afgreitt til forseta og hann undirritað skjöl þeirra 69 manna, sem sæmdir eru lýðveldisheiðursmerkinu. Forseti tekur merkið skjallaust. Ekki er enn ráðið hvort nokkur kona á að fá merkið. Sex peningum er ennpá óráðstafað fyllilega. En vera má, að talan 75 verði alveg fyllt. Æg legg til að lýðveldiskosninganeftindin fái Fálkakross.

Æg hefi fastráðið að veita sr. Sigurbirni Einarsyni dósentsembættið í guðfræðideild.

Ekkert heyrt um stjórnarmyndun.

Sunnudagur 8. október:

Engin blöð koma út. Hefi engan hitt og við engan talað, en lesið enskt smárit: How Britain is governed.

Mánudagur 9. október:

Skraf um stjórнarmyndunarstarf. Ólafur Thors og Kommar vissir. Ásgeir Ásgeirsson og Emil Jónsson sagðir vilja hlaupa undir bagga með Ólafi. Petta þykir mér mjög trúlegt. Aftur eru Stefán Jóhann Stefánsson og Finnur Jónsson sagðir engin mök vilja eiga við Komma. Þótt petta sé nú svo, að Alþýðuflokkurinn kunni að vera tilleiðanlegur, er sagt að flokkurinn setjum skilyrði, sem ekki séu aðgengileg fyrir alla.

Sigurður Þórðarson sagði við mig í dag, að stjórнin hefði ekki átt að segja af sér. Ekki vildi ég samsinna þessu, því að enginn flokkanna vildi opinberlega leggja stjórнinni lið og hún hefði vilja

greiða sem hægt væri fyrir því, að þingið sjálft myndaði stjórn. Sigurður sagðist hafa litlar vonir um að það mundi takast.

Annars er ekkert tíðinda og þetta vafstur allt, að gegna stjórnarstörfum í óþökk flestra, sem maður á að vinna með, síður en svo skemmtilegt eða þægilegt.

#### Priðjudagur 10. október:

Ásmundur próf. Guðmundsson sat fyrir mér út af dósentsembættinu. Síðan kom biskup hálfgert í öngum sínum út af sama máli. Dómnefndin mælir eftir minni skoðun fastar með sr. Sigurbirni Einarssyni en sr. Birni Magnússyni. Þeг skipaði því sr. Sigurbjörn, þótt guðfræðideildin, þ.e. sr. Ásmundur, sem ásamt Magnúsi próf. Jónssyni geri sig að yfirdómi yfir dómnefndinni, mæli einróma (upphrópunarmerki) með sr. Birni. Hvort eitthvert kvak verður út af þessu veit ég ekki, enda alveg sama um það.

ENN er stjórnarmyndunin óleyst, en nú er það uppi á teningnum, að stjórnin sé skipuð 6 mönnum. Tveir frá hverjum flokki, Alþýðufloknum, Kommúnistum, Sjálfstæðisflokknum. Hvort úr þessu verður mun ekki afráðið, en ~~um~~ trúlegt er, að þetta takist, ef nógu mörg ráðherrasæti eru í boði.

#### Miðvikudagur 11. október:

Horfur um stjórnarmyndun engu skýrari en í gær, en 6 manna stjórnin stendur föst.

Mikill fundur í utanríkismálanefnd um flugvelli m.m. vegna ráðstafana í U.S.A.  
Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudagur 12. október:

Sama þóf um stjórnarmyndun.

Ríkisráð. Forseti hvattur til að þrýsta nú á Ólaf Thors að ljúka störfum.

Föstudagur 13. október:

Kom á þing.

Sendi skjöl til þingmanna um heiðursmerki lýðveldisins. Jónas Jónsson tilkynnti mér skriflega, að hann tæki ekki við "kross"inum, sem senda ætti síðar. Hann um það. Hann er fokreiður út úr því, að hann varð að þoka úr Fálkakrossnefnd.

Ekki veit ég með vissu hvað gerzt hefur um stjórnarmyndun. Hermann Jónasson létt á sér skilja, að stjórnarmyndun væri nú ráðin. Ólafur Thors kastaði því hinsvegar fram í ~~margum~~ margra manna áheyrn, er hann í dag fór inn í flokksherbergi Sjálfstæðisflokkssins, að hann ætlaði nú að drekka "Gravöl" hinnar áformuðu stjórnar. Hvað er hið rétta, er ekki gott að segja, en miður líklegt að gengið verði að öllum skilyrðum Alþýðuflokkssins, sem sagt var að sett hefðu verið. Allt er í myrkri hulið vegna þess að engin blöð koma út, og öll skammarstryk má framkvæma án þess að upp komist fyrr en um seinan.

Laugardagur 14. október:

Kom á skrifstofuna kl. 9,30 í morgun. Vilhjálmur Þór sagði mér þá, að áreiðanlegur maður (Hermann?) hefði sagt sér, að samningar hefðu tekizt í nótt um stjórnarmyndun Sjálfstæðis-, Kommúnista- Alþýðuflokkss. Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að hvötum Björns Ólafssonar símaði ég til forseta og spurði hann hvort hann hefði fengið tilkynningu um þetta. Sagði hann: nei. - Litlu síðar hringdi forseti til mín aftur, og hafði þá Ólafur Thors hringt til hans og sagt, að hann hefði kl. 12,45 í nótt verið hringdur upp og tilkynnt, að Alþýðuflokkurinn hefði þá samþykkt að halda umræðum um stjórnarmyndun áfram í morgun. Tókust þá upp umræður og einhver samningur undirritaður. Er nú vissa fengin fyrir því, að ný stjórn kemst á laggirnar.

Eg hlustaði á doktorsvörn Björns Sigfússonar í Háskólanum. Sóknarræða Sigurðar ~~Nunn~~ Nordal var mjög þung ádeila á doktorsefni, en þó flutt með mestu mildi. Þar sagði Alexander Jóhannesson mér og síðan Jón Hj. Sigurðsson, háskólarektor, að háskólaráð væri í þann veginn að afgreiða ákæruskjal á hendur mér fyrir veitingu dósentsembættisins sr. Sigurbirni.

Þá Pað ber/upp á sama daginn, að meirihluti Alþingis verður ásáttur um að hrinda mér úr stjórnarsessinum, og Háskólinn setur mig undir ákæru fyrir afbrot í embættisrekstri. Sjaldan er ein báran stök.

#### Sunnudagur 15. október:

Forseti hringdi til mín og sagði að Ólafur Thors hefði sagt sér, að ekki mætti ~~vænta~~ endanlegrar niðurstöðu um stjórnarmyndunina fyrr en eftir two daga.

Pað er sögð veila í Sjálfstæðisflokknum út af þessari stjórnarmyndun. Sagt er að fimm þingmenn Sjálfstæðisins Gísli Sveinsson, Jón á Reynistað, Ingólfur Jónsson,

að þeir styðji ekki hina væntanlegu þriggja flokka stjórn. Fimm aðrir sagðir ótraustir, en ekki voru þeir nafngreindir. Æg sagði forseta það í síma, að texti þessa sunnudags, þ.e. vikunnar, væri samkvæmt Almanakinu "Hinn limafallssjúki". Dytти mér í hug, að þetta mundi mega heimfæra upp á Sjálfstæðisflokkinn og ef til vill einnig hina væntanlegu stjórn, sem Ólafur Thors tekst að koma upp.

#### Mánudagur 16. október:

Kæra háskólaráðs ekki komin.

Ólafur Thors létt útvarpið hafa það eftir sér, að tekizt hefði málfnasamningur um stjórnarmyndun milli Sjálfstæðisfloksins, Alþýðufloksins og Sósíalistafloksins, en eftir væri að skipta verkum milli ráðherranna.

#### Priðjudagur 17. október:

Ríkisráðsfundur í morgun. Að líkindum sá síðasti okkar. Forseti sagðist hafa talað við Ólaf Thors, er hafi búist við, að skipun ráðuneytisins og verka-skipting milli manna hans mundi vart verða lokið fyrr en í fyrsta lagi á fimmtudag. Ekki kvað fullráðið um mannavalið í stjórnina af hendi Alþýðufloksins, en Finnur Jónsson talinn líklegastur og Emil Jónsson, og Pétur Magnússon frá Sjálfstæðinu.

Æg fór til Gísla Sveinssonar og bauð honum í Lunch á laugardaginn kemur með Birni Ólafssyni, Vilhjálmi Þór, Einari Arnórssyni og frúm þeirra á Hótel Borg. Allt þetta fólk tók einstaklega vel undir Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þetta boð mitt, mér til sannrar ánægju. Á þetta að vera nokkurskonar kveðjuboð af minni hendi.

Háskólaráðið sendir mér bréf út af veitingu dósentsembættisins. Verð ég að athuga það mál nánar á morgun.

Miðvikudagur 18. október:

Háskólaráðið sakar ráðuneytið í bréfi sínu um að "traðka rétti háskólans." Ennfremur sendi það skýrslu um málið til útværpsins, sem sýndi mér skýrslu þessa áður en upp var lesin. Þar eð Einar Arnórsson hafði í upphafi sem menntamálaráðherra farið með þessa embættisveitingu tók ég saman svar mitt við skýrslu háskólaráðs í samráði við Einar. Var svo skýrslan og svar mitt lesið í útvapnið saman. Ef Háskólinn vill halda málínu lengur áfram verður að svara honum rækilegar.

Gísli Sveinsson eða þeir fimmmenningarnir í Sjálfstæðisflokknum, sem ekki vilja styðja hina væntanlegu stjórn, sendu útvarpinu tilkynningu um þetta, er óskað var, að lesin væri í útvapnið. Útvapnið eða útvapsstjóri þorði ekki að láta birta þetta, sagði útvapsráðið að birting tilkynningarinnar kæmi í bága við hlutleysi útværpsins. Gísli Sveinsson og félagar hans vilja ekki fallast á þessa skoðun og kom Gísli til míni og var gramur út af þessari meðferð og ráðgerir að skrifa ráðuneytinu á morgun og mun ég þá verða að taka opinberlega afstöðu til þessa ágreinings.

Hvort nýja stjórnin fæðist á morgun er ennþá óvist. Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudagur 19. október:

Forseti kvaddi mig til viðtals um það mál, hvort  
a  
hann ætti að taka upp þá reglu nú, sem Chr. X. hafði  
við fráfarandi forsætisráðherra að sæma þá stórkrossi  
fálkaorðunnar. Ég sagði honum að ég vildi ekki mæla  
með þessu. Ráðuneytisskipti gætu orðið tíð, og þeir  
menn, sem forsæti hlytu, ekki ætíð verðir neinnar  
sérstakrar sæmdar í augum þjóðarinnar. Hann kvaðst  
einnig hafa hugleitt þetta sjónarmið og talið, að  
það ætti að koma til greina. Þá spurði hann mig hvort  
aðrir ráðherrar í mínu ráðuneyti - en um það stæði  
sérstaklega á, að við hefðum offrað okkur þegar  
þjóðin var í vanda - ættu að fá orðu ef ég fengi hana.  
Ég sagði það tvímálalaust, þeir væru eins verðir  
hennar og égg. Vilhjálmur Þór væri að vísu með stórr-  
riddarakross, en Björn Ólafsson hefði engan kross.  
En nú væri það sérstaka með mig, að ég hefði fyrir  
allmögum árum hafnað krossi og ætti því kannske  
ekki við að bjóða mér hann, þótt að vísu "skisma"  
væri á milli þess tíma og nútíðarinnar. Konungsríki  
hefði verið þá, en lýðveldi nú. Hann kvaðst ekki  
hafa vitað það, að ég hefði hafnað krossi. Hins bað  
ég hann, að minnast þeirra Björns Ólafssonar og  
Vilhjálms Þórs síðar við eitt eða annað tækifæri, þótt  
nú væri þetta tækifæri látið ónotað. Hann kvað gott,  
að hafa rætt við mig um þetta delicate spursmál.  
Ég þakkaði honum aftur fyrir, að hafa minnst á  
þetta mál.

Sr. Sigurbjörn Einarsson kom og þakkaði mér fyrir veitinguna. Hann sat stundarkorn hjá mér, og spjölluðum við um ályktun háskólaráðs og prófessora guðfræðideildarinnar. Féllu skoðanir okkar þat saman. Sagði ég honum, að Magnús prófessor mundi ekki vera honum andstæður inn á sér - við Magnús höfðum rætt um veitinguna lítilsháttar niðri í þingi - og biskup eiginlega ekki heldur. Hann kvaðst verða að kryfja betur til mergjar ályktun háskólaráðs. Latti ég hann þess ekki. Sagði ég honum að lyktum, að ég hefði haft hina mestu ánægju af þessu embættisverki mínu. Mér gatst einstaklega vel að manninum, hefi aldrei talað við hann áður; hann virðist gagntekinn af siðferðislegri og trúarlegri alvöru. Skildum við hvor annan, **og** munum líklega verða vinir upp frá þessu. Hann kvaðst mundu reyna að sýna það, að hann væri trausts míns maklegur.

Utanríkismálanefundur, aðallega um flugmálaráðstefnu í U.S., en þangað verður að senda mann. Ólafur Thors og Einar Olgeirsson voru ekki á fundinum.

Gísli Sveinsson hringdi til míni kvöld og talaði við mig um lýðveldismerkið, vildi hann endilega láta Vilhjálm Finsen fá það. Ég sagði honum að 6 merkjum væri óráðstafað og það væri spurning um að láta sendimenn okkar erlendis fá það, þar sem ekki mundi nein kona koma sérstaklega til greina. Yrðu þá sæmdir merkinu Thor Thors, Pétur Benediktsson, Stefán Þorvarðarson og Vilhjálmur Finsen. Ég sagði honum, að ég hefði ekkert á ~~mín~~ móti því, að hann kæmi til fundar

við okkur ráðherrana á morgun, í fyrramálið, og munum við þá í félagi ráðstafa öllum peningunum.

Óvist, að stjórn Ólafs Thors komi á morgun, og lifkur til, að hún komi ekki fyrr en á laugardag.

Lunchinn minn á að vera þá kl. 12,30 og þar á forseti sameinaðs þings Gísli Sveinsson að vera.

Föstudagur 20. október:

Fundur okkar priggja og Gísla Sveinssonar um lýð-veldis-heiðursmerkið handa sendimönnunum. Var það að ráði, að þeir fjórir fengju það og Jón Sigurðsson, skrifstofustjóri Alþingis og Agnar Kl. Jónsson skrifstofustjóri utanríkisráðuneytisins. Hefur þá öllum þeim heiðursmerkjum, 75 að tölu, sem gera á, verið ráðstafað. Undirritaði ég skjölin í dag og sendi Clausen með þau til Bessastaða til þess að fá undirskrift forseta.

Í kvöld kl. 7,30 hringdi forseti og sagði, að nú væri nýja ráðuneytið fullskipað, og vildi nýja stjórnin umfram allt sýna sig á morgun (laugardag) og halda þingfund þá kl. 1,30. Ég sagði forseta, að það væri ekki nema von, að þessi stjórn vildi taka við á laugardegi - til lukku, en hér væri þó að athuga, sem ég legði nokkuð upp úr, að þessi laugardagur væri fyrsti dagur Gormánaðar, hinnar gömlu sláturtíðar, og mundi það verka sterkara á störf hinnar nýju stjórnar en lukka laugardagsins. Hann svaraði litlu til þessa.

Þessi þingfundur, sem haldinn er mótt venju á laugardegi, rekst því á hádegisboð mitt vegna þess, að Gísli Sveinsson verður að vera hjá mér. Ég breytti þessu svo

hjá mér, að mitt fólk kemur á Hótel Borg kl. 11,50.

Laugardagur 21. október:

Eg fór í stjórnarráðið í morgun kl. 10.

Veitti einni konu á Ísafirði kennarastöðu.

Óskar Halldórsson kom í heimsókn til mínn. Hann hefur aldrei komið áður til mínn sem forsætisráðherra. Pakkaði hann mér fyrir ~~síðrífumín~~ starf mitt og stjórnarinnar. Kvað allt hafa verið öruggt og traust undir okkar stjórn og stjórnæð með réttsýni og viti. Nú vissi enginn á hverju velta myndi. Sagði ég honum, að samstarfsmenn mínr hefðu reynst mér svo vel, sem ég hefði frekast á kosið. Allt hefði verið slétt og fellt milli okkar.

Síðan kvaddi ég starfsfólk mitt í stjórnarráðinu og yfirlægði þá byggingu fyrir hádegi.

Hafði hádegisverðarboð mitt á Hótel Borg eins og áformað var. Sérstaklega gladdi það mig að sjá, að hinar ágætu frúr höfðu búið sig svo sem til viðhafnar, og ein þeirra bar, að þér þótti, næsta fögur klæði og unaðslega skemmtilegan hatt á höfði. Hafði ég ekki <sup>hana</sup> séð ~~henni~~ áður í þessum búningi, enda mun hann hafa verið nýr. - Allt fór fram eins og ég hafði búist við. Hélt ég úr seti mínu dálítinn ræðustúf, stíflaðan til meðráðherra minna, kvenna þeirra og loks til Gísla Sveinssonar og klykkти út með því að biðja gestina að drekka skál hans. Kl. eitt bað ég að drekka skál forseta Íslands, en á þeirri mínu gekk nýja stjórnin á hinn fyrsta ríkisráðsfund sinn, samkvæmt því, sem forseti

hafði áður tjáð mér. Var þessi skál drukkin og mun hafa þótt vel til fundið. Kl. 1,30 fór Gísli Sveinsson úr hófinum til þess að stýra fundi sameinaðs Alþingis.

2,25

Kl. 2,25 var mínu hófi slitið, og gekk ég þá heim til mína, en til boðsins hafði hinn gðói bílstjóri forsætisráðherrans, Clausen, ekið mér og spurði, er ég steig út úr bifreiðinni, hvort hann ætti að sækja mig, en ég kvað nei við og þakkaði honum fyrir gðða og dygga þjónustu.

Er þá þessu stjórnaravintýri mínu lokið. Fáar hefi ég átt skemmtistundir þenna tíma, en ég hefi eignast nokkra gðða vini, sem ég ekki hafði bekkt áður, og trúi ég því, að þeir munu reynast mér tryggir.

---